

Einn af þremur styður veggjöld

Samgönguráðherra segir merkilegt hversu margir séu hlynntir tillögum um veggjöld. Meirihluti landsmanna, rúm 56 prósent, er andvígur veggjöldum.

SAMGÖNGUR Meirihluti landsmanna, eða 56,1 prósent aðspurðra, er frekar eða mjög andvígur hugmyndum um að veggjöld verði innheimt til að fjármagna uppbyggingu helstu stofnleiða samgöngukerfisins samkvæmt könnun sem Zenter gerði að beiðni Fréttablaðsins. Einn af hverjum þremur er frekar eða mjög hlynntur slíkum hugmyndum.

Í nýrri samgönguáætlun til næstu 15 ára sem Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur lagt fyrir Alþingi er að finna tillögur um að innleiða veggjöld, bæði til að mæta fyrirsjáanlegri minnkun á tekjum ríkisins af sérstökum gjöldum á eldsneyti og flýta brýnum endurbótum og uppbyggingu vegakerfisins.


„Mér finnst merkilega mikill stuðningur við veggjöld í ljósi þess að engar útfærslur liggja fyrir,“ segir Sigurður Ingi. „Og sömuleiðis í ljósi þess að um umtalsverðar kerfisbreytingar er að ræða.“

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að 32,6 prósent eru mjög andvíg hugmyndum um veggjöld en aðeins 9,8 prósent eru mjög fylgjandi veggjöldum. Mestur er stuðningurinn meðal íbúa á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi, eða á bilinu 39 til 41 prósent. Flestir er mótfallnir veggjöldum á Suðurlandi og á Reykjanesi, eða 74 og 70 prósent. Rétt rúmlega helmingur íbúa höfuðborgarsvæðisins er mótfallinn hugmyndum um veggjöld, eða 54 prósent, en 34 prósent höfuðborgarbúa sögðust hlynnt slíkum hugmyndum.

Niðurstöðurnar leiða jafnframt í ljós að fólk sem lokið hefur framhaldsnámi í háskóla er marktækt hlynntara veggjöldum en aðrir menntunarhópar, eða 45 prósent.

„Það er ágætt að rifja það upp að

Hlynnt eða andvíg innheimtu veggjalda



*Hlutfall þeirra sem afstöðu tóku. 2,8 prósent aðspurðra tóku ekki afstöðu.

Mér finnst merkilega mikill stuðningur við veggjöld í ljósi þess að engar útfærslur liggja fyrir.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgönguráðherra

þegar Hvalfjarðargöng komu til sögunnar vorum við á svipuðum stað í umræðunni. Þá voru á milli 70 og 80 prósent þjóðarinnar á móti Hvalfjarðargöngum og stór meirihluti ætlaði aldrei að keyra þau,“ segir Sigurður Ingi.

Samgönguáætlunin er nú til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd og biður síðari umræðu.

Könnun Zenter var netkönnun sem gerð var dagana 18. til 22. janúar. Úrtakið var 3.100 einstaklingar og svarhlutfallið 41,5 prósent. Gögn voru vigtuð til að úrtak endurspegli álit þjóðarinnar. Tekið var tillit til kyns, aldurs og búsetu. – khn, þea

Björgólfur leiðir fjárfestahópin

VIÐSKIPTI Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair, leiðir hóp fjárfesta sem taka þátt, ásamt Loftleiðum Icelandic, dótturfélagi félagsins, í kaupum á 51 prósent hlut í ríkisflugfélaginu Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Auk Björgólfs, sem sagði forstjórastarfinu lausu í lok ágúst, samanstendur hópurinn meðal annars af þeim Baldvini Þorsteinssyni, fram-

kvæmdastjóra viðskiptaþróunar Samherja og stjórnarformanni Eimskips, og Steingrími Halldóri Pétursyni, fjárfesti og framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís.

Loftleiðir Icelandic og fjárfestarnir gerðu tilboð í hlutinn í nóvember og biða enn samþykkis frá stjórnvöldum á Grænhöfðaeyjum. Icelandair Group segist vænta svara frá ríkisstjórninni í febrúarlok.


– hae, kij / sjá Markaðinn



Galleri Fold tók afstöðu með nekt í myndlist í gær og skreytti glugga sína með verkum af nöktum konum. Ákvörðun Seðlabankans um að setja nektarmálverk eftir Gunnlaug Blöndal í geymslu hefur vakið mikla athygli. „Þetta er engin tilviljun og er tileinkað Gunnlaugi Blöndal,“ segir Maddý Hauth sýningarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Innanlandsflug frá

7.965 kr.




Bókaðu núna á
airicelandconnect.is

Air Iceland
Connect



Veður



Vestlæg eða breytileg átt, 2-8, víða bjartviðri og úrkomulítið en él og snjókoma norðaustan til seinni-partinn. Snýst í NA 12-17 um landið suðaustanvert seinnipart. **SJÁ SÍÐU 14**

15 milljónir fyrir 10 milljóna króna spildu

DÓMSMÁL Vegagerðinni hefur verið gert að greiða tveimur landeigendum í Bláskógabyggð ríflega 7,8 milljónir króna fyrir eignarnám á spildum úr landi þeirra vegna endurbóta á Reykjavegi milli Biskups-tungnabrautar og Laugarvatnsvegar. Að auki þarf Vegagerðin að greiða landeigendunum samtals 3,5 milljónir í málskostnað og greiða 2,4 milljónir í ríkissjóð vegna starfa Matsnefndar eignarnámsbóta sem komst að þessari niðurstöðu. Í niðurstöðunni felst jafnframt að Vegagerðin þarf að leggja rúmlega 1,7 milljónir króna inn á geymslu-reikning þar til deila um eignarhald á tilteknu landi er útkljáð. Vegagerðin þarf þannig að leggja út samtals 15,4 milljónir fyrir land sem metið er á 9,6 milljónir. – gar



Ekki er vítað hvort lax hafi sloppið úr kvinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARON

Enn á ný gat hjá Arnarlaxi

UMHVERFISMÁL Matvælastofnun barst í gær tilkynning frá Arnarlaxi um gat á nótarpoka einnar sjókvíar fyrirtækisins við Hringisdal í Arnarfirði. Gatið uppgötvaðist við skoðun kafara í gærmorgun og er viðgerð lokið. Samkvæmt upplýsingum Arnarlax var gatið um 15x50 sentimetrar og á 20 metra dýpi. Um 157.000 laxar voru í kvinni, að meðalþyngd 1,3 kíló. Atvikið er til meðferðar hjá Mat-

vælastofnun og munu eftirlitsmenn stofnunarinnar skoða aðstæður hjá fyrirtækinu og fara yfir viðbrögð þess. Arnarlax hefur lagt út net í samráði við Fiskistofu til að kanna hvort lax hafi sloppið úr kvinni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem gat finnst á sjókví fyrirtækisins. Slíkt hið sama gerðist síðasta sumar og í febrúar í fyrra þegar fyrirtækið tilkynnti tvo aðskilin óhöpp. Í fyrra atvikinu slapp fiskur úr eldi fyrirtækisins í Tálknafirði. – dfb

Bragfræði og vísnaverð Viltu læra að yrkja vísur?



Umsjón og kennsla: Ragnar Ingi Aðalsteinsson, ria@hi.is – 895 8697/567 1887

Námskeið í bragfræði og vísnaverð verður haldið helgina 26.-27. janúar. Kennd verða undirstöðuatriði í vísnaverð og farið yfir helstu bragarhætti.

Staður:
Foldaskóli, Logafold 1.

Tími:
Kl. 13:00 til 16:00
laugardag og sunnudag.

Námskeiðið kostar kr. 15.000. Innifalin í verðinu er áframhaldandi leiðsögn gegnum netið fyrir þá sem vilja halda áfram að æfa sig.

Besti vinurinn



Oft heyrir að hundurinn sé besti vinur mannsins. Það virðist svo sannarlega vera tilfellið hjá þeim Tómasi og Tuma sem léku sér saman í lausamjöllinni á Arnarhóli þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Hundurinn Tumi var afar ánægður með snjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segir starfsmennina ekki taka við mútum

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er iðulega boðið að þiggja fisk án endurgjalds. Eftirlitsmaður var settur í leyfi vegna gruns um alvarlegt brot við eftirlit í Grindavík. Um afmarkað tilvik að ræða, segir fiskistofustjóri.

STJÓRNSÝSLA Eftirlitsmaður Fiskistofu var sendur í leyfi seint á síðasta ári vegna gruns um að hafa þegið fisk að gjöf frá þeim sem hann hafði eftirlit með. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var málið litið mjög alvarlegum augum hjá Fiskistofu þegar það kom upp. „Þetta er eitt afmarkað tilvik sem við skoðum reyndist svo vera feilspor sem lokið var með viðeigandi hætti,“ segir Eyþór Björnsson fiskistofustjóri en segist að öðru leyti ekki geta tjáð sig um viðkvæm starfsmannamál hjá stofnuninni.

Í siðareglum Fiskistofu er meðal annars kveðið á um að starfsmenn megi alls ekki þiggja gjafir frá þeim sem þeir eiga að hafa eftirlit með en heimildir Fréttablaðsins herma að yfirmenn mannsins hafi fengið tilkynningu um að hann hefði þegið nokkur kíló af fiski í fiskvinnslu í Grindavík þar sem hann var við eftirlit. Þegar málið hafi verið skoðað hafi maðurinn gefið þá skýringu að um viðskipti hefði verið að ræða og hann greitt fyrir fiskinn með millifærslu í banka. Honum hafi verið veitt áminning og er hann kominn aftur til starfa.

Samkvæmt heimildum blaðsins er mjög algengt að þeir sem eftirlit Fiskistofu lýtur að bjóði eftirlitsmönnum fisk að gjöf. „Þeir sem bjóða þetta eru almennt velmein-



Eftirlitsmaðurinn var áminntur og er kominn aftur til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Úr siðareglum Fiskistofu:

Starfsmaður má alls ekki þiggja greiða, þjónustu eða gjafir (svo sem fisk í soðið, málsverði, áfengi eða aðrar tækifærisgjafir), boðsferðir eða önnur verðmæti eða hlunnindi af aðilum sem Fiskistofa hefur einhvers konar eftirlit með eða veitir þjónustu af einhverju tagi eða hefur með einhverjum hætti samskipti við eða afskipti af, nema um sé að ræða óveruleg verðmæti eða hagsmuni og þá ávallt að höfðu samráði við fiskistofustjóra. Ef starfsmönnum eru sendar slíkar gjafir án samþykkis þeirra skulu þeir greina forstöðumanni viðkomandi sviðs frá því og koma gjöfinni í hans hendur og skal hann í samráði við fiskistofustjóra ákveða hvernig brugðist skal við af hálfu Fiskistofu.

Ég hef aldrei fengið visbendingar um að menn séu að reyna að múta fólki.

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri



andi held ég. Ég hef aldrei fengið visbendingar um að menn séu að reyna að múta fólki,“ segir Eyþór. Hann segir þá eftirlitsmenn sem fara í litla báta til dæmis hjálpa heilmikið til um borð til dæmis við frágang á fiski, við veiðarfæri og slíkt. „Mönnum finnst þeir kannski standa í þakkarskuld fyrir vikið og bjóða mönnum fisk í soðið. En menn eru ekki að þiggja slíkt og mega það ekki,“ segir Eyþór. adalheidur@frettabladid.is

„Þetta var tilvalið nám samhliða sölumannsstarfi og maður fékk tækifæri til að skyggjast inn í margt sem viðkemur rekstri, stjórnun og markaðssetningu fyrirtækja. Það hefur þegar nýst mér í starfi og styrkt framkomu mína og nálgun við viðskiptavini. Kennararnir þekkja sitt fag og léttleikinn er allsráðandi.

Hermann Albertsson, fyrrverandi nemandi í Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með námi hjá Promennt



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

- Sérlega viðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

EINSTAKT VERÐ

Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 93.000 kr. (heildarvirði er 580.000 kr.).

FYRIR HVERJA?

Námið er ætlað fólki sem er 18 ára eða eldri og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU

Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri á að læra á eigin forsendum.

Hefst **12. febrúar** • Kvöldhópur • Tvær annir

STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro

GRAFÍSK HÖNNUN

- Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **24. janúar** • Kvöldhópur • 20 skipti



VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

- Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **4. febrúar** • Kvöldhópur • 22 skipti

UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.

Óháðir og Miðflokksmenn háværir við kjör auka varaforseta

ALÞINGI Miðflokksmenn og óháðir létu vel í sér heyra áður en Alþingi samþykkti kjör tveggja varaforseta. Hlutverk þeirra er að ljúka meðferð Klaustursmálsins í forsætisnefnd og vísa því eftir atvikum til síðanefndar þingsins. Forsætisnefnd þingsins tók fyrir jól til meðferðar beiðni átta þingmanna sem telja að framganga sex þingmanna á kránni Klaustri hafi farið gegn síðareglum þings-



Vanhæfi forsetinn er að segja nefndinni hvað hún á að gera.

Karl Gauti Hjaltason, óháður þingmaður

ins. Forseti og varaforsetar þingsins lýstu sig vanhæfa til að taka á málinu. Því var farin sú leið að kjósa tvo varaforseta úr hópi þingmanna sem ekki höfðu tjáð sig um málið á opinberum vettvangi. Könnun á hæfi þeirra sem til greina komu var unnin af skrifstofu þingsins.

„Ef rétt reynist að þingmenn hafi verið rannsakaðir til að sjá hvort við séum hæf hljótum við að spyrja

hver framkvæmdi hana, á hvaða forsendum, með stöð í hvaða lögum og hvað var rannsakað?“ spurði Jón Þór Þorvaldsson, varaþingmaður Miðflokks í stað Bergþórs Ólasonar.

„Það hefur verið furðulegt að sjá hæstvirtan forseta, eftir að hann hefur lýst sig vanhæfan, koma fram í fjölmiðlum og segja að kjósa beri varaforseta sem síðan vísi málinu til síðanefndar. Vanhæfi forsetinn

er að segja nefndinni hvað hún á að gera,“ sagði hinn óháði Karl Gauti Hjaltason. Aðeins tóku til máls sitjandi þingmenn Miðflokksins og tveir fyrrverandi þingmenn Flokks fólksins sem nú eru utan þingflokka.

Alþingi samþykkti síðan að kjósa Steinunni Þóru Árnadóttur, Vinstri grænum, og Harald Benediktsson Sjálfstæðismann til að vera tíma-bundið í forsætisnefnd. –joe



Teigsskógur. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Leiðin um Teigsskóg varð fyrir valinu

SAMGÖNGUMÁL Á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps sem fór fram í gær var samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur tillaga þess efnis að halda áfram með breytingar sveitarfélagsins á aðalskipulagi sem gera ráð fyrir leið þ-H um Teigsskóg.

Á fundinum voru alls lagðar fram þrjár tillögur. Oddviti sveitarstjórnar, Ingimar Ingimarsson, lagði fram tillögu þess efnis að ákvörðun um hvaða leið ætti að fara við uppbyggingu stofnvegakerfis um sunnanverða Vestfirði yrði frestað og að haldin yrði íbúakosning um málið. Tillaga Ingimars var felld á fundinum með þremur atkvæðum.

Þá lagði Árný Huld Haraldsdóttir fram tillögu þess efnis að haldið yrði áfram með breytingar sem gera ráð fyrir þ-H leið og Karl Kristjánsson lagði fram tillögu sem gerði ráð fyrir að haldið yrði áfram með R-leið. Tillaga Árnýjar var samþykkt, eins og fyrr segir, með þremur atkvæðum gegn tveimur. – khn

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Segir húsnæðistillögur liðka fyrir samningaviðræðum

Forseti Alþýðusambandsins segir líklegt að tillögur aðgerðahóps til að bæta stöðu fólks á húsnæðismarkaði geta liðkað til fyrir samningaviðræðum á almennum vinnumarkaði. Hún segir afar mikilvægt að fá inn tillögur um aukna leiguvernd svo leigufélög geti ekki á einu bretti hækkað leigu eins og þeim sýnist.

KJARAMÁL Tillögur aðgerðahóps til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði eru liður í að liðka til fyrir samningaviðræðum á almennum vinnumarkaði að mati Drífu Snædal, forseta Alþýðusambands Íslands.

Í tillögunum, sem kynntar voru í gær, er meðal annars lagt til að sveitarfélög verði skylduð til að taka þátt í uppbyggingu almennra leiguíbúða, stuðningur við óhagnaðardrífni leigufélög verði aukinn, að byggingarkostnaður leigufélaga verði lækkaður og að réttarstaða leigjenda verði tryggt með því að ekki sé hægt að hækka leigu umfram verðlag.

„Við tókum þátt í vinnunni og kvittum því upp á þetta. Markmið okkar er að fólk geti búið í viðunandi húsnæði á sæmilegum kjörum og þetta er vissulega innlegg í það. Það er ýmislegt þarna sem spilar saman við okkar markmið,“ segir Drífa. „Í fyrsta lagi eru tillögur um áframhaldandi uppbyggingu almennra íbúða og hugmyndir um að lækka fjármögnunarkostnað óhagnaðardrífinna húsnæðisfélaga gætu lækkað leiguverð um 20 þúsund krónur á mánuði. Þó þetta kannski hljómi ekki spennandi fyrir leikmenn þá getur þetta talið inn í bætt lífskjör.“

Að mati Drífu er afar mikilvægt að fá inn tillögur um aukna leiguvernd með það að markmiði að leigufélög geti ekki á einu bretti hækkað leigu eins og þeim sýnist. „Þetta hefur verið okkar stóra áhersluatriði. Með þessum tillögum þurfa leigufélög að gera grein fyrir því í hverju hækkunin felst og hafa ekki heimildir til að hækka umfram verðlag og málefnalegar ástæður,“ segir Drífa.



Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs, kynnti tillögur aðgerðahópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Að okkar mati eru tillögurnar þannig að þær gagnast bæði höfuðborg og landsbyggð.

Drífa Snædal, forseti ASÍ



Nokkur þúsund manns búa á höfuðborgarsvæðinu í ósamþykktu íbúðarhúsnæði og geta þar af leiðandi ekki fengið húsaleigubætur. Í tillögunum er gert ráð fyrir að auðveldara verði um vik að fá húsnæði samþykkt þannig að hægt sé að gera húsaleigusamning sem býr til rétt á húsaleigubótum.

„Að okkar mati eru tillögurnar einnig þannig úr garði gerðar að þær gagnast bæði höfuðborg og

landsbyggð. Leigufélög eiga þá auðveldara með að byggja með því að lækka kostnað þeirra. Oft hefur það ekki svarað kostnaði að byggja á landsbyggðinni en þessar tillögur gætu breytt því.

Það á eftir að semja um nokkra hluti þarna í kjarasamningum og þar kemur til okkar kasta. Þetta getur liðkað til fyrir samningum að okkar mati,“ segir Drífa að lokum. sveinn@frettabladid.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2019.

Skilafrestur er til og með 8. febrúar 2019.

Allar upplýsingar á www.forlagid.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA


BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



Herra
lageminn
outlet
líka fyrir konur

Rýming
70%


**afsláttur af
öllum vörum**

Njóttu þess að hlakka til

Ferðakynning hjá VITA 24. jan.

Sælker- og safariferð um Suður-Afríku
Lúxus-sigling til Spánar, Ítalíu og Mónakó
Ævintýrasigling um Kyrrahafið og til Hawaií

Ólöf Salmon Guðmundsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir
og Lilja Jónsdóttir kynna ferðirnar á morgun, 24. janúar.
Kynningin verður hjá VITA, Skógarhlíð 12 og hefst kl. 17:30.
Gengið inn neðan við húsið – gegnt Bústaðavegi.



ÍSLENSKISKA S VIT 90761 0119



Ein hinna nýju Boeing 737 Max 8 þotna í litum norska flugfélagsins Norwegian sem á fjórtán slíkar. MYND/BOEING

Fjórtán milljarða þota Norwegian föst í Íran

Glæný 14 milljarða króna Boeing-þota Norwegian situr enn föst á flugvelli í Íran eftir að hafa nauðlent þar vegna bilunar fyrir fjörutíu dögum. Íran er í viðskiptabanni og flugfélagið segist ekki vita hvenær tæknimenn geti hafið viðgerðir.

FLUGMÁL Glæný Boeing 737 Max 8 þota flugfélagsins Norwegian sem nauðlent var í Shiraz í Íran 14. desember síðastliðinn er enn föst þar í landi.

„Flugvélin er enn með tæknilegt vandamál í Íran. Á þessum tímapunkti vitum við ekki með vissu hversu langan tíma það tekur áður en tæknilið okkar getur hafið störf,“ segir Andreas Hjørnholm, upplýsingafulltrúi hjá Norwegian.

Þetta segir Andreas hafa verið stöðuna um áramótin og að hún sé enn óbreytt. Ekkert meira sé hægt að gefa upp um málið. Þar með svarar Norwegian ekki spurningum Fréttablaðsins um hvað hafi valdið því að Boeing-þotunni var nauðlent í Shiraz og hvort vandinn við að koma þotunni í loftið á ný sé eingöngu tæknilegs eðlis eða hvort einnig sé snurða á þræðinum vegna viðskiptabanns Bandaríkjanna á Íran og efnahagsþvingana sem landið sé beitt vegna þróunar þess á notkun kjarnorku.

Boeing-þotan var nýlögð upp í áætlunarflug Norwegian frá Dúbai til Óslóar í Noregi þegar upp kom

Á þessum tímapunkti vitum við ekki með vissu hversu langan tíma það tekur áður en tæknilið okkar getur hafið störf.

Andreas Hjørnholm,
upplýsingafulltrúi hjá Norwegian

svo alvarleg bilun í öðrum hreyfli vélarinnar að flugstjórinn óskaði leyfis flugmálayfirvalda í Íran til að lenda þar. Farþegarnir og áhöfnin, alls 186 manns, voru sótt daginn eftir og komið til Ósló en skilja þurfti þotuna eftir.

Leiddar hafa verið líkur að því að viðskiptabannið gegn Íran flæki stöðuna verulega fyrir Norwegian þar sem bannað er selja varahluti frá Bandaríkjunum til landsins. Þetta fæst þó ekki staðfest hjá flugfélaginu sem fyrr segir. Haft hefur verið eftir fulltrúum félagsins í nokkrum

erlendum fjölmiðlum að tafirnar helgist af pappírsvinnu vegna flókins regluverks í Íran.

Þess má geta að listaverð á Boeing 737 Max 8 þotum er 117 milljónir dala. Það þýðir að þota að jafnvirði rúmlega 14 milljarða króna, hafi hún verið keypt á listaverði, situr föst á flugvelli í Íran og Norwegian kveðst ekki geta svarað því hvenær hún næst þaðan.

Atvikið er einnig athyglisvert fyrir þær sakir að Boeing 737 Max 8 þotan er nákvæmlega sömu tegundar og álika gömul og þotan sem hrapaði í lok október eftir flugtak í Indónesíu. Í því tilviki er sömu-leiðis talið að bilun hafi komið upp í hreyfli. Allir um borð í þeirri vél fórust.

Norwegian flýgur áætlunarflug frá Íslandi til ýmissa borga í Evrópu, meðal þeirra eru Ósló, Alicante, London, Madrid, Róm og Barcelona. Af 160 flugvéla flota félagsins eru fjórtán þotur af gerðinni Boeing 737 Max 8. Ekki fékkst svar frá Norwegian í gær um hvort sú þotutegund er á ætlu til og frá Íslandi.

gar@frettabladid.is

HEILSUDAGAR

21. JAN. - 3. FEB.

ELIKO

Var ekki gott að teygja aðeins á hálsinum?


Níu dagar ofan í borholunni

SPÁNN Björgunarfólk vann sinn níunda dag í gær að því að ná hinum tveggja ára Julen Roselló úr borholu á suðurhluta Spánar. Vonast var til þess að ná drengnum upp í gær en sú ósk hafði ekki ræst þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Samkvæmt spænska miðlinum El País var búið að grafa breiðari holu, sjötíu metra djúpa, við hlið borholunnar í gær. Námuverkamenn frá norðurhluta landsins voru komnir á svæðið og áttu að grafa lárétt göng að drengnum en það var ekki hægt þar sem hin nýja hola reyndist of þröng til þess að koma klæðningu ofan í.

Drengurinn var að leika sér á landareign ættingja í Totalán þegar hann féll ofan í hina hundrað metra djúpu holu sem ekki er nema þrjátíu sentimetrar í þvermál. Upphaflega var áætlað að það tæki um fimmtán klukkustundir að grafa aðra holu til að ná drengnum út en vegna þess hve jarðvegurinn er erfiður var búið að grafa í alls 55 klukkustundir í gær.

– þea



Emiliano Sala skrifaði undir hjá Cardiff City á laugardaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Flugvél Sala enn ófundin

BRETLAND Leit að flugvél sem átti að ferja knattspyrnumanninn Emiliano Sala til velsku borgarinnar Cardiff og hvarf yfir Ermarsundi á mánuðagskvöld bar engan árangur í gær og var hlé gert á sjöunda tímanum. Flugmálastofnun Frakklands staðfesti að leikmaðurinn hefði verið um borð í vélinni eftir að orðrómur og

óstaðfestar sögur þess efnis spruttu fram. Sala var einn í vélinni auk flugmanns. Litlar líkur eru taldar á að þeir hafi komist lífs af.

Franska knattspyrnufélagið FC Nantes seldi Sala til Cardiff City á laugardaginn. Verðmiðinn var sagður átján milljónir punda og var það met fyrir velska félagið. – þea



NÝTT FRÁ ORIGAMI

Í HAGKAUP



SUSHI BURRITO



TEMPURA RÆKJA OG SPICY KRABBASALAT

Salat, rauðlaukur, rauðkál, Masago, avókadó

999 kr

TERIYAKI KJÚKLINGUR

Salat, sæt kartafla, rauðlaukur, rauðkál,
kóríander, avókadó, japanskt majónes

999 kr



HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Að byrja á byrjuninni



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Húsnaðismálin eru ein stærsta áskorunin sem ráða þarf fram úr í viðkvæmum kjaraviðræðum og mikið riður á að leysist farsællega úr. Tillögur sem lagðar voru fram af stýrihópi um málið í gær fela í sér að sveitarfélög verði skylduð til að taka þátt í uppbyggingu almennra leiguíbúða og að stuðningur við óhagnaðardrifin leigufélög verði aukinn. Tillögur hópsins, sem eru í 40 liðum, miða einkum að því að byggðar verði fleiri íbúðir á viðráðanlegu verði. Það er ekkert nýmæli, heldur nokkuð sem fjölmargir hafa bent á undanfarin ár.

Forkólfar verkalýðsfélaganna hafa sagt að launa-hækkanir undanfarinna ára hafi brunnitð upp á húsnaðismarkaði. Sumir hafa gengið svo langt að lýsa yfir neyðarástandi í þeim efnunum, þá sérstaklega í Reykjavík, stærsta sveitarfélagi landsins. Það er mikið til í þeim fullyrðingum. Fáum dylst ástandið á húsnaðismarkaði þar sem verðið hefur hækkað vel umfram launaþróun síðustu ár. Erfitt er að eignast fyrstu íbúð. Leiguverð hefur hækkað. Íbúðalánasjóður metur sem svo að þúsundir íbúða vanti inn á markaðinn, til viðbótar við það sem þegar er byggt.

Þá er nefnt í tillögunum að einfalda þurfi regluverk og rafvæða þurfi stjórnarsýsluna til þess að greiða götuna fyrir uppbyggingu. Þar þurfa sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að standa sig betur.

Flókið regluverkafargan er stór hluti vandans. Með því að ráðast í að einfalda það er hægt að byggja hagkvæmari íbúðir á skemmri tíma. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins hefur bent á að farganið geri ráð fyrir sömu kröfum við byggingarframkvæmdir hvort sem á að byggja einbýlishús eða hátækniþjúkrahús. Það er einfaldlega galið fyrirkomulag – sem skilar litlu öðru en tímaeyðslu embættismanna, leggur stein í götu verktaka og eykur kostnað almennings.

Sveitarfélögin bera mikla ábyrgð. Þau fara með skipulagsvald. Viða hefur ekki verið staðið nægilega vel að uppbyggingu húsnaðis, til að mynda í borginni, þar sem stórar íbúðir eru iðulega byggðar á ódýrum svæðum og litlar íbúðir á dýrum svæðum. Stefna borgaryfirvalda á stóran þátt í því neyðarástandi sem ríkir. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag gerir lítið fyrir tekjulitla og eignalaga og þá sem eru að festa kaup á sinni fyrstu eign. Vissulega sniða byggingarreglugerðir uppbyggingu þröngan stakk, en það er sveitarfélaga að þrýsta á um sveigjanlegra regluverk. Það er sveitarfélaga að úthluta lóðum á hagstæðum svæðum, undir hagkvæmt húsnaði. Það er sveitarfélaga að stilla gjaldtöku í hóf og það er sveitarfélaga að tryggja skilvirkni í leyfisveitingum. Núverandi stefnu þarf að breyta.

Ærið verkefni er fram undan til þess að laga stöðuna á húsnaðismarkaði. Einhvers staðar þarf að byrja. Til dæmis með því að einfalda frumskógarregluverkið sem gerir alla uppbyggingu mun erfiðari. Byrja á byrjuninni.

Halldór



Frá degi til dags

Þistilfirski rannsóknarrétturinn
Klaustursgengið hefur fundið samnefnaða pólitískrar ógæfu sinnar í Steingrími J. Sigfússyni, forseta Alþingis, sem Sigmundur Davíð lýsti í gærmorgun sem mesta populísta íslenskrar stjórnmálasögu ekki síst vegna áföрма hans um að siga varaforsetum forsætisnefndar á uppteknu sexmenn-ingana. Steingrímur fékk þó sitt í gegn en þá átti Jón Pétursson, aðstoðarmaður Sigmundar, leik á Facebook hvar hann setti áform Steingríms í sögulegt samhengi og tengdi við 15. öld og spænska rannsóknarréttinn.

Hver hefur gætur á Steingrími?
Jón sagði þar þessa dagana mikið reynt að „skipa í rannsóknarrétt“ í þeim pólitíska tilgangi að koma „erfiðum“ stjórnmálamönnum í burtu. Þarna færi Steingrímur fremstur og freistaði þess að fá menn „rannsakaða og sakfellda“ fyrir engin brot þótt hann hafi sjálfur „mjöl í pokahorninu“. Í framhaldinu spyr aðstoðarmaður Sigmundar eins og rómverska skáldið Juvénalis forðum: „Hver gætir varðanna?“ og þá ekki síst þessa sem gerir allt sem hann getur „til að fela gerðir fortíðarinnar“ um leið og hann opnar Pandóruboxið sem erfiðt gæti reynst að loka aftur. thorarin@frettabladid.is

Efling hafrannsókna



Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra

Sú umræða sem átti sér stað í upphafi þessa árs um fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar var til þess fallin að varpa skýru ljósi á ýmsa veikleika varðandi það hvernig stofnunin hefur verið fjármögnuð undanfarin ár. Ber þar helst að nefna þá staðreynd að stofnunin hefur verið háð sértekjum sem fást af afla sem veiddur er umfram heimildir en þær tekjur hafa lækkað til muna á síðustu árum og eru grunnur þess niðurskurðar sem blasti við stofnuninni í upphafi þess árs. Samhliða því að tryggja að Hafrannsóknastofnun geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki með forsvaranlegum hætti á þessu ári hefur undanfarna mánuði verið unnið að breytingu á þessu fyrirkomulagi þannig að stofnunin verði til framtíðar fjármögnuð með öðrum og ábyrgari hætti. Markmið mitt er að Hafrannsóknastofnun verði ekki háð sveiflukenndum tekjustofnum með tilheyrandi óvissu fyrir kjarnastarfseminna.

Fyrrgreind umræða dröf jafnframt fram hversu mikill einhugur ríkir um að við Íslendingar stundum öflugar hafrannsóknir enda eru þær forsenda sjálfbærrar og ábyrgrar nýtingar auðlinda hafsins. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega kveðið á um eflingu hafrannsókna og hafa þegar verið stigin markverð skref í þá veru. Þetta birtist meðal annars í auknum fjármunum til hafrannsókna í fjárlögum síðasta árs en þeir fjármunir nýttust m.a. til að fjármagna ráðningu þriggja sérfræðinga til að efla loðnurannsóknir. Einnig má nefna samhljöða ákvörðun Alþingis í sumar um að hafin verði smíði hafrannsóknaskips en sú ákvörðun markar tímamót í hafrannsóknunum Íslendinga. Á þessu ári verða settar 300 milljónir í smíði skipsins og 3,2 milljarðar til viðbótar árin 2020 og 2021. Loks má nefna að Hafrannsóknastofnun mun síðar á þessu ári flytja í nýtt húsnaði í Hafnarfirði sem er sérhannað fyrir starfseminna auk þess sem starfsemin á höfuðborgarsvæðinu færir á einn stað.

Þrátt fyrir jákvæð skref í eflingu hafrannsókna á fyrsta ári nýrrar ríkisstjórnar er verkefninu hvergi nærri lokið. Við þurfum að halda áfram á þessari braut enda eru öflugar hafrannsóknir nauðsynleg undirstaða verðmæta-sköpunar í sjávarútvegi. Ábyrgð stjórnvalda er því mikil og undir þeirri ábyrgð verður staðið.

Flókið regluverkafargan er stór hluti vandans. Með því að ráðast í að einfalda það er hægt að byggja hagkvæmari íbúðir á skemmri tíma.



M18 FUEL
M18 FLAG
Aluöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar afli til þess að slípa, er léttari en snúrurokkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

Menningarhús á Seltjarnarnesi



Kristinn E. Hrafnsson



Kristján S. Jónsson

Íbúar á Seltjarnarnesi

Sala eða leiga Seltjarnarnesbæjar á svokölluðu Lækningaminjasafni vestast á Nesinu lýsir uppgjöf við að leysa jákvætt samfélagslegt úrlausnarefni sem snúið hefur verið upp í fjárhagslegt vandamál. Það má hins vegar vel leggja fram sjónarmið um að þetta sé fjárhagslegt smámál í samanburði við menningarlegt mikilvægi þess. Í pólitískri framsetningu málsins er fullt að byggingarkostnaður sé of mikill fyrir bæjarfélagið og aldrei fjallað um það í stærra samhengi.

Yfirlit um fjármála- og byggingar sögu Lækningaminjasafnsins er aðgengilegt í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2014, en í henni er samandregin niðurstaða málsins þessi í uppreiknuðum tölum: Áætlaður byggingarkostnaður árið 2007 var 648 millj.kr. og samtals höfðu um 306 millj.kr. verið lagðar í húsið þegar framkvæmdir voru stöðvaðar. Seltjarnarnesbær lagði út helming byggingarkostnaðar, en átti skv. samkomulagi að greiða hann að fullu. Hinn helminginn greiddu ríkið og læknafélögin sem stóðu að safninu.

Árið 2009 var verkefnið kostnaðar- metið að nýju og fór þá áætlunin í um 992 millj.kr. og framkvæmdir voru stöðvaðar. Bærinn sagði sig frá samningnum í árslok 2012 og lagði safnið niður. Lagt er til í skýrslunni að ríkið krefjist endurgreiðslu á stofnframlaginu.

Fram hefur komið hjá bæjaryfirvöldum að þessi krafa (92 millj.kr.) og áætlaður byggingarkostnaður við að klára húsið, sé bæjarfélaginu ofviða og því sé húsið til sölu. Verði þessi reikningur hins vegar gerður upp eignast bærinn húsið á 246 millj. kr. í núverandi ástandi. Endurmatið á byggingarkostnaðinum miðaðist við safnabyggingu fyrir Lækningaminjasafnið og því er óviðeigandi að ræða þá tölu frekar. Húsið var í upphafi einnig ætlað undir aðra menningar- tengda starfsemi Seltjarnarnesbæjar og það atriði teljum við ekki síður mikilvægt í dag en þegar lagt var upp í þennan leiðangur. Með því að leggja niður Lækningaminjasafnið var bærinn ekki endilega að kasta frá sér möguleikanum á að nýta húsið fyrir eigin menningarstarfsemi.

Samanburður á Seltjarnarnesi við önnur sveitarfélög á landinu í menningarlegum efnum er allt að því ósanngjarn. Bókasafn, sýningar- salur og tónlistarskóli eru rekin líkt og í mörgum öðrum sveitarfélögum og í skipuriti bæjarins er starfandi sviðsstjóri menningarsviðs. Bærinn á vísi að listasafni og hann hefur sína eigin menningarstefnu. Seltjarnarnes er ellefta stærsta bæjarfélag á landinu og til samanburðar má taka Ísafjörð (15. sæti). Í þeim ágæta bæ er auk þess sem hér var talið rekið Safna- hús (4 söfn eru í húsinu) og Edin-



Það er að okkar mati örök- rétt og villandi að kasta fram einhverjum tölum um kostnað við að klára húsið út frá fyrri hugmyndum um notkun þess.

borgarhúsið með listaskóla, leikhúsi, sýningarsal, upplýsingamiðstöð og veitingahúsi. Bæði þessi sveitarfélög styrkja bæjarlistamenn á hverju ári. Menningarhúsin á Ísafirði skila mun meiru til samfélagsins en hægt er að mæla í krónum og aurum. Til frekari áréttingar má nefna Menningarhúsið Berg á Dalvík (23. sæti), en menn-

ingartengd starfsemi er víða helsti vaxtarsprotinn í atvinnulífi sveitarfélaga.

Það er í þessum anda sem við viljum leggja fram hugmynd um menningarmiðstöð á Seltjarnarnesi. Lækningaminjasafnið er 1.363 m² á stærð á gríðarstórri lóð. Það er hannað sem sveigjanleg skrifstofu- og safnabygging og rými eru stór, flest súlulaus og lofthæð rifleg. Á jarðhæð (937 m²) teljum við auðvelt að koma fyrir bókasafni, sýningarsal fyrir myndlist, tónleika- og ráðstefnusal fyrir um 250 sitjandi gesti og veitingahúsi. Öll þessi starfsemi hefur til ráðstöfunar geymslur, tæknirými og sérsýningarrými í kjallara (425 m²). Samrekstur þessara eininga er hagkvæmur og tekjumöguleikar hússins ættu að vera nokkrir.

Að okkar mati ætti sveitarfélagið að kortleggja málið nákvæmlega;

gera úttekt á stöðu menningarmála á Nesinu, gera þarfagreiningu fyrir þær stofnanir sem koma til greina í húsið og reikna út kostnað og ávinning af samnýtingu. Að þessu fengnu væri arkitektum hússins falið að endurhanna innviði þess með tilliti til framkominna þarfa og að síðustu að kostnaðarmeta pakkann. Þetta á að vera forgangsmál og að niðurstöðu fenginni gætu stjórnmalamenn og bæjarbúar rætt hugmyndina og tekið til hennar afstöðu.

Mikilvægur þáttur í ásýnd og nýtingu svona húss er tengsl þess við náttúru og mannlíf. Menningarhús í útjaðri byggðarinnar vestast á Nesinu fellur vel að skipulagi, en samkvæmt aðalskipulagi er Nesið vestan byggðar helgað menningu, útivist og náttúruskoðun, enda stór hluti þessa svæðis friðlönd og/eða á náttúru- og menningarminjaskrá. Það verður ekki á betra kosíð.

Það er að okkar mati örök rétt og villandi að kasta fram einhverjum tölum um kostnað við að klára húsið út frá fyrri hugmyndum um notkun þess. Þeir fjármunir sem leggja þarf fram til að klára dæmið eru líklega smáaugar miðað við þann ávinning sem hafa má af svona verkefni. Uppgjör við ríkið getur varla verið þvílíkur biti að menn kjósi frekar að henda frá sér gullnu tækifæri til að efla mannlíf á Nesinu. Hér er lögð fram hugmynd til að komast nær veruleikanum hvað kostnað varðar, en okkur kæmi ekki á óvart þó þetta borgaði sig til framtíðar, ef einhverjum væri huggun í því. Það á öllum að vera ljóst að samfélag þarf að leggja eitthvað til sjálfs sin ef einhver á að lifa í því.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



LAND ROVER Discovery 5 SE
Nýskr. 11/2017, ekinn 54 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.500.000 kr.
Rnr. 145504.



RANGE ROVER Sport HSE
Nýskr. 6/2017, ekinn 30 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 11.500.000 kr.
Rnr. 103773.



LAND ROVER Discovery 4 S 3.0 TDV6
Nýskr. 6/2015, ekinn 87 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 103852.



MINI Countryman Cooper SE All4 Plug in
Nýskr. 3/2018, ekinn 5 þús. km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000 kr.
Rnr. 153427.



JAGUAR XE 240d R-sport AWD
Nýskr. 1/2018, ekinn 8 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.290.000 kr.
Rnr.145557.



RANGE ROVER Evoque
Nýskr. 6/2018, ekinn 8 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 103868.



LAND ROVER Discovery Sport SE.
Nýskr. 8/2016, ekinn 22 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.890.000 kr.
Rnr. 103736.



RANGE ROVER Autobiography
Nýskr. 10/2017, ekinn 18 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 19.490.000 kr.
Rnr. 103861.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðafærli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

SPORT

Vilja kveðja Þýskaland með sigri

Ísland leikur sinn síðasta leik á HM í handbolta þegar liðið mætir Brasilíu í Köln í dag. Fari allt á besta veg getur Ísland endað í 9. sæti mótsins. Íslendingar hafa vinninginn í innbyrðis viðureignum gegn Brasilíumönnum. Þeir hafa þó leikið vel á HM og unnið góða sigra.

HANDBOLTI Þátttöku íslenska karlandsliðsins í handbolta á HM í Danmörku og Þýskalandi lýkur í dag þegar Strákarnir okkar mæta Brasilíu í Lanxess Arena í Köln. Leikurinn hefst klukkan 14.30 að íslenskum tíma.

Ísland er án stiga í sjötta og neðsta sæti milliriðils 1. Brasilía er í 5. sætinu með tvö stig sem fengust fyrir sigurinn óvænta á Króatíu. Með sigri á Brasilíumönnum í dag lyfta Íslendingar sér upp í 5. sæti milliriðilsins og enda þar með annaðhvort í níunda eða tíunda sæti á HM.

Líkt og í leiknum gegn heimsmeisturum Frakka á sunnudaginn, sem tapaðist 22-31, verða Íslendingar án Arons Pálmarssonar og Arnórs Þórs Gunnarssonar gegn Brasilíumönnum. Óðinn Þór Ríkharðsson og Haukur Þrastarson tóku sæti þeirra í íslenska hópnum. Hinn 17 ára gamli Haukur skoraði tvö mörk gegn Frakklandi og varð þar með yngsti leikmaðurinn til að skora á HM 2019 og sá yngsti til að skora fyrir Ísland á stórmóti.

Meðalaldurinn í íslenska hópnum nær ekki 24 árum og á kafla í

leiknum gegn Frökkum var útilínan skipuð leikmönnum sem eru fæddir 1997, 2001 og 1998. Eðlilega var við ramman reip að draga gegn heimsmeisturunum, sérstaklega í ljósi þess að innan við sólarhringur var liðinn frá leiknum gegn Þýskalandi á laugardagskvöldið.

Á blaðamannafundi eftir leikinn á sunnudaginn hrósaði Luka Karabatic, varnarjafi franska liðsins, hinu unga íslenska liði og sagði framtíð þessa vera bjarta. „Ég vil óska Íslandi til hamingju með frammistöðuna á HM. Þetta er ungt lið og framtíðin er björt. Það getur barist aftur um titla á næstu árum,“ sagði Karabatic.

Núna hafa Strákarnir okkar fengið sína lengstu hvíld síðan HM hófst. Brasilíumenn spiluðu síðast á mánudaginn þegar þeir steinlágu fyrir Evrópu-meisturum Spánverja, 36-24. Daginn áður höfðu þeir unnið frækinn sigur á Króötum, 29-26.

Brasilía lenti í 3. sæti A-riðils með sex stig. Brassar töpuðu naum-



lega fyrir Frökkum, 22-24, í fyrsta leik sínum en fengu svo skell gegn Þjóðverjum, 34-21. Þeir tryggðu sér hins vegar sæti í milliriðli með því að vinna síðustu þrjá leikina í riðlakeppninni; gegn Serbum, Rússum og Kóreu.

Ísland mætti Brasilíu á Gjensidige Cup, æfingamóti í Noregi fyrir HM, og vann fjögurra marka sigur, 33-29. Ljóst er að leikurinn í Köln í dag verður mun erfiðari.

Brassar hafa verið á mikilli uppleið á undanförunum árum. Brasilía lenti í 7. sæti á Ólympíuleikunum á heimavelli 2016, þar sem liðið vann m.a. Pólland og Þýskaland sem komust bæði í undanúrslit. Og sama hvernig úrslit dagsins verða hafa Brassar aldrei endað ofar á heimsmeistaramóti.

Brasilíska liðið er eldra og

Elvar Örn Jónsson var markahæstur í íslenska liðinu gegn Frakklandi á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

5

leiki af sex gegn Brasilíu hefur Ísland unnið.

reyndara en það íslenska og leikmenn þess spila margir hverjir með góðum liðum. Varnarjötunninn og fyrirliðinn Thiago dos Santos er t.a.m. samherji Arons Pálmarssonar hjá Barcelona og örvhenta skyttan José Toledo leikur með Wisła Płock.

Ísland og Brasilía hafa þrívægis áður mæst á stórmóti. Í riðlakeppninni á HM 2011 í Svíþjóð unnu Íslendinga átta marka sigur, 34-26. Ísland vann Brasilíu, 29-25, í leiknum um 9. sætið á Ólympíuleikunum 2004 og í riðlakeppni Ólympíuleikanna 1992 vann Ísland nauman sigur, 19-18.

Leikurinn í Köln í dag er sjöundi leikur Íslands og Brasilíu. Íslendingar hafa unnið fimm leiki og Brassar einn, vináttulandsleik á heimavelli sumarið 2010. ingvithor@frettabladid.is



Haltu uppi fjörinu



Emil Hallfreðsson í leik með Frosinone. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítölsk lið hafa sýnt áhuga

FÓTBOLTI Emil Hallfreðsson hefur fengið samningi sínum við ítalska úrvalsdeildarfélagið Frosinone rift. Hann gekk í raðir félagsins frá Udinese síðasta sumar. Emil hefur verið frá vegna hnémeiðsla síðan í október en hann gekkst undir aðgerð í byrjun desember.

„Það var gerður starfslokasamningur sem báðir aðilar voru sáttir við,“ sagði Emil í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann var þá staddur í Barcelona þar sem aðgerðin var framkvæmd.

„Það gengur vel og allt virðist vera á áætlun. Ég er í Barcelona og fer í endurmat á morgun [í dag]. Ég

hef verið í endurhæfingu á Íslandi undanfarnar vikur,“ sagði Emil sem stefnir að því að vera klár á nýjan leik um miðjan mars.

Emil, sem er 34 ára, hefur lengst af ferilsins leikið á Ítalíu og gerir ráð fyrir því að vera áfram þar.

„Það er áhugi til staðar. Lið á Ítalíu hafa sýnt áhuga og ég má skrifa undir hjá ítölsku liði til 28. febrúar. Ég ætla að gefa mér tíma í þetta og sjá hvað er best í stöðunni. Ég ætla að vera áfram úti og er ekki á leiðinni heim strax. Ég býst við að vera áfram á Ítalíu,“ sagði Emil sem hefur alls leikið 175 leiki í ítölsku úrvalsdeildinni. – **ÍÞS**

Nýjast Olís-deild kvenna



Valur - Stjarnan 19-16
Markahæstar: Íris Ásta Pétursdóttir 5, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 3, Diana Dögg Magnúsdóttir 3, Sandra Erlingsdóttir 3/2 - Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6/2, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2, Hanna Stefánsdóttir 2.

Haukar - Selfoss 33-20
Markahæstar: María Pereira 9, Ramune Pekarskyte 7, Þórhildur Braga Þórðardóttir 4/1, Berta Rut Harðardóttir 3/1, Karen Helga Diönudóttir 3 - Perla Ruth Albertsdóttir 6, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 4, Sarah Boye Sörensen 4, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 2.

KA/Þór - HK 19-17
Markahæstar: Katrín Vilhjálmisdóttir 7, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 2, Ásdís Guðmundsdóttir 2 - Diana Kristín Sigmarsson 8, Tinna Sól Björgvinsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 3.

Efri		Neðri	
Valur	21	KA/Þór	13
Fram	19	Stjarnan	9
Haukar	16	HK	7
ÍBV	15	Selfoss	4

Geysisbikar karla



Tindastóll - Stjarnan 68-81
Tindastóll: Urald King 16, Pétur Rúnar Birgisson 12, Danero Thomas 10, Brynjar Þór Björnsson 8, Helgi Rafn Viggósson 6, Dino Butorac 6, Viðar Ágústsson 4, Friðrik Þór Stefánsson 3, Axel Kárasen 3.
Stjarnan: Egir Þór Steinarsson 21, Brandon Rozzell 21, Antti Kanervo 11, Collin Anthony Pryor 11, Hlynur Elías Bæringsson 7, Tómas Þórður Hilmarsson 4, Filip Kramer 3, Arnþór Freyr Guðmundsson 3.

Stjarnan, ÍR, KR og Njarðvík eru komin í undanúrslit Geysisbikars karla. Dregið verður í undanúrslitin í dag.

Æskulýðs-sjóður

Umsóknarfrestur **15. febrúar 2019**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Æskulýðssjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 15. febrúar og 15. október.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á:
www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veitir
Anna R. Möller
anna.r.moller@rannis.is



Þú finnur draumastarfið á Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Allt í einum pakka á lægra verði

Heima + Skemmtipakkinn fyrir **16.990** kr. á mánuði.*



Ótakmarkað
Internet



Netbeinir og WiFi
framlenging



Myndlykill



Ótakmarkaður
heimasími



Skemmtipakkinn

Kláraðu málið á **vodafone.is**, í síma **1414** eða komdu við í næstu verslun.



vodafone

Hluti af sýn

*Aðgangsgjald og dreifigjald er ekki innifalið í verði.

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Þórðar Helgasonar
(Didda)
vélstjóra,
Suðurgötu 96, Hafnarfirði.

Hulda Þórðardóttir

Arnþrúður Þórðardóttir
Guðmundur Þórðarson
Ólafur Örn Þórðarson
Guðbjörn Þór Þórðarson

Eiríkur Bj. Barðason
Friða Eyjólfsdóttir
Erna Jóhannesdóttir
Brynja Traustadóttir
María Ólafsdóttir

afabörn og langafabörn.



Okkar ástkæri

Bergur Bergsson
vélfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans
laugardaginn 19. janúar.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 28. janúar kl. 13.30.

Aðstandendur



Ástkær eiginkona mín,

Hjálfríður Þórðardóttir
Asparfelli 2,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
13. janúar.

Útför hennar fer fram frá Guðriðar-
kirkju fimmtudaginn 24. janúar kl. 13.00.

Halldór Stefánsson og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn
og besti vinur, faðir, tengdafaðir,
bróðir, mágur og afi,

Árni V. Sigurðsson

lést á líknardeild Landspítala
að kvöldi 13. janúar. Jarðarförin fer
fram frá Lindakirkju, Kópavogi,
föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

Sólrún Ósk Sigurðardóttir

Árný Árnadóttir

Þorgeir Lárus Árnason

Arnbjörg Sigurðardóttir

Ásthildur Bára Jensdóttir

Árni Björn Jensson

Gunnar Alex Jensson

Jens Jóhannsson

Ástgeir Þorsteinsson



Elskulegur bróðir og frændi okkar,

Þórarinn Brandur
Þórarinsson

lést þriðjudaginn 8. janúar.
Útför fer fram frá Fossvogskirkju
þann 24. janúar kl. 15.00.

Stefán Þórarinsson

Sæunn Stefánsdóttir

Svava Lóa Stefánsdóttir

Pétur Helgason

Helena Helgadóttir

Helga Björk Helgadóttir

Gunnar Þór Helgason

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
tíamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Konan sér um afmælið

Ólafur Kvaran, prófessor í listasögu við Háskóla Íslands, er 70 ára í dag og kveður embættið en heldur áfram að kafa í heim listfræðinnar. Fyrst er þó afmælisgleðin.

Þetta er engin truflun, ég er bara að slaka á hér í góða veðrinu," segir Ólafur Kvaran listfræðingur þegar hann svarar símanum, staddur á útikaffihúsi á Tenerife og er beðinn forláts á ónæðinu.

Ólafur fagnar sjötugsafmæli sínu í dag og kveðst vera sprækur, þrátt fyrir hækki-andi aldur. „Eftir því sem fjölskyldan segir mér er ég bara í mjög góðu formi," segir hann glaðlega. Innur eftir hvort hann þakki það einhverju sérstöku svarar hann: „Ja, fyrst og fremst góðri heilsu og gnum en líka hollu liferni og áhuga-verðu starfi. Það eru margir þættir sem tvinnast saman og skapa góðan aldur. En það er ástæða líka til að taka fram að ég er að láta af störfum sem prófessor við Háskólann, það fylgir með þegar maður verður sjötugur, þannig að það hefur legið í loftinu lengi."

Hann segir marga sem vinna við Háskólann stunda rannsóknir meðfram kennslunni. „Ég var einmitt að gefa út bók um Einar Jónsson myndhöggvara. Svona tvinnast saman vinna og áhugamál. Ég býst við að ég haldi rannsóknum eitthvað áfram og þá á eigin vegum, get unnið að þeim hvar sem er. Þarf náttúrulega að komast á góð bókasöfn og þau eru víðs vegar í heiminum en mínar rannsóknir hafa fyrst og fremst beinst að íslenskri listasögu. Það voru tímamót þegar við gáfum út Íslensku listasöguna 2011, hún opnaði mörg svið sem ég og fleiri erum að fylgja eftir."

Áhugi fólks á listasögu er mikill, það sýnir fjöldi nemenda í greininni, bæði í háskóla og á framhaldsskólastiginu, að mati Ólafs. „Aðsókn að listasöfnum er líka góð, enda er mikilvæga myndlistin að takast á við mikilvæg málefni á öllum tímum, það er nokkuð sem listasagan sýnir ljóslega."

Ólafur segir Önnu Soffíu Gunnarsdóttur, konu sína, skipuleggja afmælisgleðina. „Ég veit ekkert hvað hún ætlar að bralla og bið þess með mikilli eftirvæntingu, en örvænti alls ekki því ég veit að henni dettur eitthvað spennandi í hug." gun@frettabladid.is



Ólafur Kvaran stendur á tímamótum. FRÉTTABLAÐID/VALLI



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Hörður Sævar Óskarsson
iþróttakennari frá Siglufirði,

sem lést á Landspítalanum 17. janúar
2019, verður jarðsunginn frá Áskirkju í
Reykjavík föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

Ómar Sævar Harðarson

Harpa Sjófn Harðardóttir

Anna Sigurborg Harðardóttir

Óskar Sigurður Harðarson

Jón Hugi Svavar Harðarson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Kolbeins

Arndís K. Kristleifsdóttir



Við þökkum af alhug öllum þeim
fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og
kærleiksrika vináttu við andlát og útför
móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Laufeyjar Guðmundsdóttir

Egilsstaðakoti.

Guð blessi ykkur öll.

Helga E. Hermundardóttir

Sigurbjörg Hermundsdóttir

Guðsteinn F. Hermundsson

Einar Hermundsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Halldór Sigurþórsson

Árni Guðmundsson

Kristín Tómasdóttir

Elín Bj. Sveinsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Magnús Þ. Haukdal Jónsson
frá Höll í Haukadal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann
10. janúar. Útförin fer fram frá Nes Kirkju
föstudaginn 25. janúar kl. 13.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki hjúkrunarheimilis
Sóltúns fyrir einstaka hlýju og góða umönnun.

Sigurjón Kristjánsson

Jón Magnússon

Ása Magnúsdóttir

Sígurlína Magnúsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Bodil Kristjánsson

Nína Agnarsdóttir

Sigurður Karlsson



Elskuleg móðir okkar og amma,
Steinunn Guðjónsdóttir
Hafblikki, Grenivík,

lést á Grenilundi sunnudaginn
20. janúar.

Margrét Rós Jóhannesdóttir

Guðjón Aðalbjörn Jóhannsson

Aðalheiður Jóhannsdóttir

Björgólfur Jóhannsson

Sigríður Jóhannsdóttir

Oddný Jóhannsdóttir

og fjölskyldur.

Elisabet Ragnarsdóttir

Birgir Pétursson

Málfriður Pálsdóttir

Valur Friðvinsson

Arnþór Pétursson

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. janúar 2019

3. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41




MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Það er að eiga sér stað kynslóðabreyting í atvinnulífinu.



Fjárfest fyrir tíu milljarða

Kvika hefur rekið framtakssjóði í tíu ár og farið fyrir fjárfestingu í tólf fyrirtækjum fyrir yfir tíu milljarða króna. Nú hefur Freyju, þriðja framtakssjóði bankans sem er átta milljarðar króna að stærð, verið hleypt af stokkunum. Freyja mun fjárfesta í fimm til sjö meðalstórum fyrirtækjum. » 8-9



»2
Guðbjörg byggir upp stöðu í TM

Félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélagsins, hefur bætt verulega við hlut sinn í TM að undanförunni í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka. Á orðið hlut sem nemur nokkrum prósentum.

»4
Fyrirverandi forstjóri Icelandair Group leiðir fjárfestahópinn

Björgólfur Jóhannsson tekur þátt í kaupum á ríkisflugfélaginu á Grænhöfðaeyjum. Baldvin Þorsteinsson og Steingrímur Halldór Pétursson eru einnig í fjárfestahópnum.

»6
Ríkið búi til hvata fyrir erlenda fjárfesta

Viðskiptaráð segir að búa þurfi til hvata til að laða erlenda fjárfesta að nýsköpun á Íslandi. Ríkið fjárfesti í samstarfi við innlenda og erlenda fjárfesta sem bjóðist síðan að kaupa hlut ríkisins á hagstæðum kjörum. Leggja til nýtt félagaform fyrir frumkvöðla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir í síma:
Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifstöð, 4250500





Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Hvalur kaupir í Marel fyrir um milljarð króna

Félagið Hvalur hf., sem er óbeint að stórum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu, hefur fest kaup á hlut í Marel fyrir um milljarð króna. Gengið var frá kaupunum þriðjudaginn 15. janúar síðastliðinn, samtals 2,55 milljónir hluta á genginu 390, en það voru Fossar markaðir sem höfðu milligöngu um viðskiptin. Eignarhlutur Hvals í Marel nemur tæplega 0,4 prósentum, samkvæmt nýjum lista yfir alla hluthafa félagsins.

Hvalur er eigandi Vogunar en það félag seldi, ásamt Fiskveiða-hlutafélaginu Venus, sem kunnugt er samanlagt 34 prósentu hlut sinn í HB Granda í apríl í fyrra fyrir samtals 21,7 milljarða króna. Stærsti hluthafi Vogunar er Venus með rúmlega 30 prósentu hlut en það félag er í eigu Kristjáns og Birnu Loftsdóttur. Vogun er meðal annars stærsti einstaki eigandi Origo með 10,8 prósentu hlut og eins Hampiðjunnar með tæplega 44 prósentu hlut. Þá keypti félagið um 0,4 prósentu hlut í hlutafjárútboði Arion banka á síðasta ári, jafnvirði um 600 milljóna króna miðað við þáverandi gengi bankans.

Hvalur átti eignir upp á 19,6 milljarða í lok september 2017 en skuldirnar námu á sama tíma 2,3 milljörðum. Eigið fé félagsins var því um 17,3 milljarðar. Hvalur hagnaðist um tæplega 1,5 milljarða á síðasta rekstrarári og dróst hagnaðurinn saman um ríflega 515 milljónir frá fyrra ári.



17,3

milljarðar íslenskra króna var eigið fé Hvals í lok september árið 2017.

Hlutabréfaverð Marels hækkaði um tæp 15 prósent í fyrra og miðað við núverandi gengi bréfa félagsins, sem er 393 krónur á hlut, nemur markaðsvirði þess um 268 milljörðum króna. Stjórnendur Marels vinna nú að því að skrá félagið tvihliða í erlenda kauphöll en til skoðunar er skráning í Amsterdam, Kaupmannahöfn eða London. Líklegt er að niðurstaðan verði kynnt á aðalfundi í mars.

Stærsti hluthafi Marels er Eyfir Invest með tæplega 28 prósentu hlut. Þá eiga íslenskir lífeyrissjóðir samanlagt um 38 prósentu hlut. Sjóður í stýringu American Funds, dótturfélags bandaríska eignastýringar-fyrirtækisins Capital Group, hefur verið að bæta við sig í Marel að undanfögnu og er orðinn niundi stærsti hluthafinn með tveggja prósentu hlut. – hae

Kristján Loftsson og fjölskylda eru stærsti hluthafi Hvals.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5000

Ritstjóri **Hörður Egiðsson** hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Guðbjörg í Ísfélaginu byggir upp stöðu í TM

Félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, eiganda Ísfélagsins, hefur verið að bæta við hlut sinn í TM í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka. Hlutturinn nemur orðið nokkrum prósentum og er hún komin í hóp stærstu hluthafa TM.

Félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, eigenda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, hefur að undanfögnu aukið umtalsvert við eignarhlut sinn í Tryggingamiðstöðinni (TM). Samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins, sem þekkja vel til, er hlutur Guðbjargar í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka og nemur hann nú um nokkrum prósentum sem þýðir að hún er komin í hóp stærstu hluthafa félagsins.

Guðbjörg kom fyrst inn í hluthafahóp tryggingafélagsins á árinu 2016 þegar félagið Kristinn ehf., sem er í eigu Guðbjargar og fjölskyldu, hóf að fjárfesta í TM en í árslok 2017 nam eignarhlutur félagsins 0,7 prósentum. Á síðustu vikum og mánuðum hefur félagið, samkvæmt þremur heimildarmönnum Markaðarins, hins vegar verið að byggja hratt upp stöðu sína í TM með kaupum á bréfum sem eru fjármögnuð hjá Íslandsbanka. Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um nákvæmlega hversu stóran hlut félag Guðbjargar á orðið í TM, einkum á grundvelli framvirka samninga, en ljóst er að eignarhluturinn er ekki stærri en samtals fimm prósent enda væri félaginu þá að öðrum kosti skylt að tilkynna um það til Kauphallarinnar.

Eignarhlutur Íslandsbanka í TM, sem skiptist á veltubók og hluti vegna framvirkra samninga við viðskiptavinum bankans, nemur í dag rúmlega 7,8 prósentum. Þannig hefur hlutur bankans aukist um liðlega þriðju prósent frá því í júlí á síðasta ári þegar Íslandsbanki var skráður fyrir um fimm prósentu hlut í tryggingafélaginu. Hlutabréfaverð TM hefur lækkað um fjórðung á síðustu tólf mánuðum og miðað við núverandi gengi bréfa félagsins, sem er um 26 krónur á hlut, nemur markaðsvirði þess um 17,6 milljörðum króna. Fimm prósentu hlutur í félaginu, svo dæmi sé tekið, er því í dag



Markaðsvirði TM er í dag tæplega 18 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

25%

hefur hlutabréfaverð TM lækkað um á síðustu tólf mánuðum.

metinn á um 880 milljónir króna.

Stærstu hluthafar TM eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, LSR, Gildi og Birta lífeyrissjóður. Aðrir umsvifamiklir fjárfestar í eigendahópi félagsins eru erlendir sjóðir í stýringu Lansdowne og Miton og þá er eignarhaldsfélagið Helgafell, sem er stýrt af Jóni Sigurðssyni, fjár-

festi og stjórnarformanni Stoda, með rúmlega 6,6 prósentu hlut.

Guðbjörg þekkir vel til TM en hún var aðaleigandi tryggingafélagsins á árunum fyrir fall fjármálakerfisins og samhliða því sat hún í stjórn félagsins. Hún seldi hins vegar eignarhlut sinn í TM að stærstum hluta haustið 2007 til Glitnis.

Eignarhaldsfélagið Fram, sem er móðurfélag Kristins ehf., átti eignir upp á samtals um 36 milljarða króna í árslok 2017 en á sama tíma námu skuldirnar aðeins rúmlega 516 milljónum króna. Eigið fé félagsins var því um 35,5 milljarðar króna. Auk þess að vera eigendur að Ísfélagi Vestmannaeyja, einu stærsta útgerðarfélagi landsins, eru félög í eigu Guðbjargar og fjölskyldu meðal annars í hópi helstu hluthafa í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, og heildsölurisanum Íslensk-Ameríska (ÍSAM). hordur@frettabladid.is

Heimili landsins áfram mun meira í óverðtryggðum húsnæðislánunum

Ný óverðtryggð lán viðskiptabankanna til heimila landsins, með veði í húsnæði, námu 10,6 milljörðum króna umfram uppgreiðslur í desember síðastliðnum á sama tíma og ný verðtryggð húsnæðislán til heimilanna voru aðeins 318 milljónir króna umfram uppgreiðslur.

Þetta sýna nýjar tölur Seðlabanka Íslands sem eru byggðar á upplýsingum frá bönkunum.

Mikil umskipti hafa orðið í lána-bókum bankanna undanfarna mánuði, sér í lagi frá haustmánuðum síðasta árs, en þannig lánuðu bankarnir óverðtryggð lán til heimila, með veði í íbúð, fyrir samtals 35,2 milljarða króna á síðustu þremur mánuðum ársins 2018, þegar tillit hefur verið tekið til uppgreiðslna. Til samanburðar námu ný verðtryggð húsnæðislán bankanna til heimila aðeins 2,0 milljörðum króna umfram uppgreiðslur á sama tímabili.

Drógust verðtryggð húsnæðislán bankanna saman um tæpan einn milljarð í nóvember en það var í fyrsta sinn í tæp fjögur ár sem uppgreiðslur reyndust hærri en nýjar lántökur.

Sé lítið til alls síðasta árs voru ný óverðtryggð lán bankanna til heim-



Heimilin verja sig gagnvart verðbólgunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ila, með veði í íbúð, samtals tæplega 88 milljarðar króna umfram uppgreiðslur á meðan ný verðtryggð húsnæðislán til heimilanna voru alls 57 milljarðar króna umfram uppgreiðslur.

Til samanburðar námu óverðtryggð húsnæðislánin 24 milljörðum króna og verðtryggðu lánin 93 milljörðum króna umfram uppgreiðslur árið 2017.

Sem kunnugt er var met slegið í nóvembermánuði í fyrra þegar bankarnir lánuðu óverðtryggð lán til heimila, með veði í íbúðarhúsnæði, fyrir 14,3 milljarða króna, að teknu tilliti til uppgreiðslna.

Vextir á óverðtryggðum lánum í bönkunum hafa hækkað verulega undanfarið, samfara aukinni ásókn heimila í slík lán, og umtalsvert umfram hækkun stýrivaxta. – kj

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kerecis verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar, 2019 kl 8:30 í húsakynnum BBA//Legal að Höfðatorgi.

Kerecis er alþjóðlegt nýsköpunar-fyrirtæki sem hagnýtir þorskaufurðir til þróunar og framleiðslu á tækningavörum. Vörur Kerecis eru notaðar til meðhöndlunar á margs konar vefja-skaða s.s. húðvandamálum, þrálátum sárum, brunasárum, munnhóssárum, heilabaststrofi og til enduruppbyggingar brjósta og kviðveggis. Yfir 50 útgefin einkaleyfi verja tækni Kerecis í fjölmörgum löndum og markaðsleyfi eru til staðar í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Í Bandaríkjunum eru vörur Kerecis m.a. notaðar af mörgum stærstu spítölum landsins. Tækni félagsins hefur vakið athygli á heimsvísu og á félagið í samstarfi um þróun og notkun á tækni þess víða um heim m.a. við bandarískar varnarmálastofnanir.

Yfir 50 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík og í Bandaríkjunum. Á Íslandi og í Bandaríkjunum selur Kerecis vörur sínar beint til heilbrigðisstofnana, en á öðrum markaðssvæðum gegnum dreifingaraðila.

Kerecis hlaut árið 2017 Vaxtarsprotann sem það fyrirtæki á Íslandi sem vex hraðast og árið 2018 viðurkenningu Verðlaunasjóðs iðnaðarins fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar ásamt Nýsköpunarverðlaunum Íslands ... og svo unnum við Mýraboltann 2018!

Info@Kerecis.com

KERÆCIS



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

Settu þig í samband við sparnaðinn!

Niro á sérstöku opnunartilboði í nýjum
og glæsilegum húsakynnum Kia



niro



The Power to Surprise

58 km drægni – einn af mörgum kostum Niro

Kia Niro PHEV er aflmikill bíll með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur. Hann leitast alltaf við að keyra á rafmagni, hefur 58 km drægni og eyðir því aðeins frá 1,3 l/100 km í blönduðum akstri. Kia Niro er dugmikill rafbíll á frábæru verði og honum fylgir að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

Komdu í nú og glæsileg húsakynni Kia og reynsluaktu nýjum Niro. Við tökum vel á móti þér.

Kia Niro Hybrid, sjálfskiptur, á verði frá:

3.690.777 kr.

Verð áður 3.990.777 kr.

Takmarkaður fjöldi í boði.



ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Björgólfur leiðir fjárfestahópinn

Fyrrverandi forstjóri Icelandair Group tekur þátt í kaupum í ríkisflugfélaginu á Grænhöfðaeyjum. Baldvin Þorsteinsson og Steingrímur Halldór Pétursson eru einnig í fjárfestahópnum. Vonast er til þess að kaupin gangi í gegn innan fárra mánaða.

Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, leiðir hóp fjárfesta sem taka þátt, ásamt Loftleiðum Icelandic, dótturfélagi flugfélagsins, í kaupum á 51 prósent hlut í ríkisflugfélaginu Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Auk Björgólfs, sem sagði forstjórastarfinu lausu í lok ágúst í fyrra, samanstendur fjárfestahópurinn meðal annars af þeim Baldvini Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar Samherja og stjórnarformanni Eimskips, og Steingrími Halldóri Péturssyni, fjárfesti og framkvæmdastjóra fjármálasviðs Olís. Loftleiðir Icelandic og fjárfesta-



Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair. FRÉTTABLAÐID/GVA

hópurinn gerðu bindandi kautilboð í hlutinn í nóvember í fyrra og bíða enn samþykkis frá stjórnvöldum á Grænhöfðaeyjum. Icelandair Group segist í svari við fyrirspurn Markaðarins vænta svara frá ríkisstjórninni í febrúarlok en þá rennur út lögformlegur frestur til þess að svara tilboðinu. Umrætt kautilboð í meirihluta hlutafjár í ríkisflugfélagi Grænhöfðaeyja var lagt fram í nafni félagsins

Loftleiðir Cabo Verde en Loftleiðir Icelandic fara með 70 prósent hlut í félaginu og fjárfestahópurinn 30 prósent hlut. Baldvin Þorsteinsson var kjörinn stjórnarformaður félagsins á hluthafafundi 12. nóvember síðastliðinn og um leið tóku sæti í stjórn þeir Steingrímur Halldór og Árni Hermannsson, framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic. Gangi kaupin eftir verður kaupverðið á hlutnum í Cabo Verde

» Að hluta til verður greitt fyrir Cabo Verde Airlines með þeirri vinnu sem starfsmenn Loftleiða Icelandic hafa þegar innt af hendi á Grænhöfðaeyjum.

Airlines óverulegt og mun aðeins hlaupa á um tugum milljóna króna, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. Tekið var fram í tilkynningu sem Icelandair Group sendi til Kauphallarinnar í lok nóvember að greitt yrði fyrir eignarhlutinn að hluta til með þeirri vinnu sem starfsmenn Loftleiða Icelandic hafa þegar innt af hendi en félagið hefur átt í samstarfi við ríkisflugfélag Grænhöfðaeyja um nokkurt skeið.

Þá kom jafnframt fram í tilkynningunni að kaupin myndu hafa „óveruleg áhrif“ á reikningsskil Icelandair Group enda yrði Cabo Verde Airlines ekki hluti af samstæðureikningi íslenska flugfélagsins.

Kaup Loftleiða Icelandic og fjárfestahópsins eiga sér langan aðdraganda. Þannig samdi íslenska flugfélagið við stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum í ágúst árið 2017 um endurskipulagningu Cabo Verde Airlines en á þeim tíma fór ný ríkisstjórn landsins að huga að einkavæðingu ríkisflugfélagsins. Veitti íslenska félagið þá ráðamönnum á Græn-

höfðaeyjum ráðgjöf við að endurskipuleggja ríkisflugfélagið sem og að styrkja alþjóðaflugvöll eyjanna og byggja þar upp tengiflugsbanka fyrir alþjóðaflug.


Áður höfðu flugfélögin átt í samstarfi um flugafgreiðslu á Logan-flugvelli í Boston í Bandaríkjunum um árabíl.

Ef af kaupum Íslendinganna verður er ætlunin sú að Cabo Verde Airlines, sem hefur nú þegar rekstrarleyfi til þess að fljúga áætlunarflug til Evrópu og Bandaríkjanna, taki upp sams konar viðskiptamódel og Icelandair, þar sem Grænhöfðaeyjar yrðu tengimiðstöð fyrir farþega á leið yfir Atlantshafið.

Haft var eftir Árna Hermannssyni í tilkynningu Icelandair Group til Kauphallarinnar að tækifæri væru fyrir hendi fyrir vel skipulagt tengiflug á milli Evrópu og Suður-Ameríku annars vegar og vesturhluta Afríku og Norður-Ameríku hins vegar. „Staðsetning eyjanna er ákjósanleg fyrir slíka uppbyggingu,“ sagði Árni.

Til viðbótar yrði mögulegt að nýta flugvélar úr flota Icelandair og eftir atvikum áhafnir félagsins í rekstri Cabo Verde Airlines.

Cabo Verde Airlines er agnarsmátt flugfélag í alþjóðlegum samanburði og rekur sem dæmi aðeins tvær farþegaþotur. Haft var eftir Erlendi Svavarssyni, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs Loftleiða Icelandair, í Morgunblaðinu í lok nóvember að gert væri ráð fyrir að þriðja þotan bættist í flotann í mars á þessu ári og að næsta sumar yrðu vélar félagsins orðnar fimm.



100% afsláttur af gengismun

Ef þú fjárfestir í **sjóðum Stefnis** í gegnum netbanka Arion banka fyrir 5. febrúar þjóðum við þér 100% afslátt af gengismun.

Kynntu þér sjóðina og árangur þeirra á arionbanki.is/sjodir

Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta, svo sem hætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Í útboðslýsingu og lykluupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður, en upplýsingarnar má nálgast á www.arionbanki.is/sjodir. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki litið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

arionbanki.is



Jakob Már Ásmundsson, nýr forstjóri Kortabjónustunnar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Kvika breytti kröfum upp á 660 milljónir í hlutafé

Kvika banki, stærsti hluthafi Kortabjónustunnar, breytti í síðasta mánuði ríflega 660 milljóna króna kröfum sínum á hendur kortafyrirtækinu í hlutafé. Nam greiðsla fjárfestingarbankans þannig um 63 prósentum af heildarhlutafjáraukningu Kortabjónustunnar sem var alls 1.055 milljónir króna.

Bankinn, sem keypti kortafyrirtækið ásamt hópi einkafjárfesta á eina krónu í nóvember árið 2017, var í kjölfar hlutafjáraukningarinnar í síðasta mánuði metinn hæfur af Fjármálaeftirlitinu til þess að fara með aukinn virkan eignarhlut í Kortabjónustunni eða hlut sem nemur nánar tiltekið yfir 50 prósentum af hlutafé fyrirtækisins.

Á hluthafafundi Kortabjónustunnar 18. desember síðastliðinn var samþykkt að lækka hlutafé kortafyrirtækisins um ríflega 1.157 milljónir króna, eða úr um 1.543 milljónum í 386 milljónir til þess að mæta tapi fyrirtækisins á síðasta ári. Í kjölfarið samþykkti fundurinn að hækka hlutaféð um allt að 1.055 milljónir króna en þar af greiddi Kvika banki tæplega 664 milljónir

króna með því að breyta kröfum sínum á hendur Kortabjónustunni, á grundvelli fimm skuldabréfa, í hlutafé.

Eins og fram hefur komið í Markaðinum var Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums fjárfestingarbanka, ráðinn forstjóri Kortabjónustunnar samhliða hlutafjáraukningunni. Hann lagði kortafyrirtækinu sjálfur til um 80 milljónir króna en aðrir þátttakendur voru meðal annars eldri hluthafar fyrirtækisins og fjárfestingarfélagið Bull Hill Capital, sem er að mestu í eigu Aðalsteins Jóhannssonar, forstjóra Beringer Finance, svo dæmi séu nefnd.

Hrafn Þórðarson, fyrrverandi stjórnandi hjá Valitor, var kjörinn nýr í stjórn Kortabjónustunnar á hluthafafundinum í desember en Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Kviku, var á sama fundi kjörinn stjórnarformaður fyrirtækisins, eins og áður hefur komið fram. Með þeim í stjórn situr Hildur Árna-dóttir sem gegndi áður stjórnarformennsku í fyrirtækinu. – kjj

Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



Flex skrifstofuhúsgögn
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripir sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.



Dímon
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

Ríkið búi til hvata fyrir erlenda fjárfesta

Viðskiptaráð segir að búa þurfi til hvata til að laða erlenda fjárfesta að nýsköpun á Íslandi. Ríkið fjárfesti í samstarfi við innlenda og erlenda fjárfesta sem bjóðist síðan að kaupa hlut ríkisins á hagstæðum kjörum. Leggja til nýtt félagaform fyrir frumkvöðla.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is




Viðskiptaráð leggur til að átak verði gert í fjárfestingarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja sem miðar að því að laða erlenda fjárfesta til landsins. Þá verði skapaður rammi fyrir nýtt félagaform til að auðvelda frumkvöðlum að stofna fyrirtæki og þróa hugmyndir á fyrstu stigum. Þetta kemur fram nýrri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands sem inniheldur tíu tillögur nýsköpunarhóps um hvernig efla megi nýsköpun á Íslandi.

Viðskiptaráð telur töluverð tækifæri fólgin í því að efla fjárfestingargetu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA). Í dag fjárfestir sjóðurinn í nýsköpunarfyrirtækjum og nýtir ávöxtun af fjárfestingum sínum til þess að fjárfesta í nýjum fyrirtækjum. Eigið fé sjóðsins er um 4,1 milljarður króna.

„Leggja mætti enn frekari áherslu á að byggja upp hvata til að laða að erlenda framtaksfjárfesta, ekki eingöngu til að tryggja aukna fjárfestingargetu heldur einnig til að fá aðgang að sérþekkingu og alþjóðlegu tengslaneti innan ákveðinna atvinnugreina,“ segir í skýrslunni.

„Hér á landi er umhverfi framtaksfjármagns tiltölulega ungt enn þá og því enginn einstakur sjóður með sérstaka þekkingu á einu sviði umfram annað.“

Til að koma til móts við þessa



Þrátt fyrir að meðlimir nýsköpunarhópsins hafi haft ólíkan bakgrunn deila þeir þeirri skoðun að nýsköpun sé undirstaða lífsgæðasóknar. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Eiginleikar frumkvöðlafélags


	Einkahlutafélag	Frumkvöðlafélag
Skráningarkostnaður	130.500 kr.	0 kr.
Hlutfé/Stofnfé	Lágm. 500.000 kr.	0 kr.
Ábyrgð	Takmörkuð með hlutfé	Takmörkuð með hlutfé
Arðgreiðslur	Já	Óheimilar
Ársreikningar	Já	Valkvætt
Ævilengd félags	Engin takmörk	2 ár
Launagreiðslur	Skylða	Ekki skylda

Heimildir: PWC, Viðskiptaráð Íslands

Dæmi um útfærslu á sóknaráætlun fyrir Nýsköpunarsjóð

Dæmið gerir ráð fyrir stofnun fjögurra sjóða á tímabilinu 2021-2030

*milljónir króna



- Ríkið
 - Íslenskir fjárfestar
 - Erlendir fjárfestar
- Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Aðrar tillögur Viðskiptaráðs

- Málsmeðferðartíma dvalar- og atvinnuleyfa erlendra sérfræðinga ætti að mæla í klukkustundum frekar en dögum.
- Nauðsynlegt er að efla hvata til muna í skrefum til ársins 2030, fyrst með hækkun þaks á endurgreiðslur vegna slíkra útgjalda en síðar með hækkun endurgreiðsluhlutfalls upp að tilteknu marki.
- Mikilvægt er að fyrirheitum um stafræna þjónustu hins opinbera sé fylgt eftir. Lögin þurfa að kveða skýrt á um að öll þjónusta skuli vera í boði með stafrænum hætti í stað þess að sérstaklega sé kveðið á um að það sé heimilt.
- Fjölga þarf konum í vísinda- og raungreinanámi. Foreldrar, stjórnmöld, viðskiptalífið og forsvarsmenn háskóla og rannsóknarstofnana skipta hér höfuðmáli til að tryggja fjölgun kvenna innan þessa geira.

heimildin ráð fyrir að sjóðir sem njóta velgengni geti keypt ríkið út úr sjóðnum á lægri ávöxtunarkröfu en alla jafna er gerð í rekstri framtaks- sjóða. Ríkið mun hins vegar þurfa að deila tapinu af þeim sjóðum sem illa gengur með einkafjárfestum,“ segir í skýrslunni.

„Sóknaráætlunin myndi á hinn bóginn setja Ísland á sambærilegan stað og Finnland þegar kemur að opinberu fjárfestingarfjármagni til nýsköpunarfyrirtækja. Endurkaupaheimildin er nauðsynlegt úrræði vegna þess markaðsbrests sem lýst var hér að ofan og getur valdið vanfjárfestingu í nýsköpun. Með því að deila áhættunni af fjárfestingunni verður aukið samræmi á milli áhættu og ábata fyrir einkafjárfestinn annars vegar og samfélagið hins vegar.“

Nýtt félagaform auðveldi stofnun fyrirtækja

Í skýrslunni kemur fram að Ísland standi vel í alþjóðlegum samanburði á frumkvöðlagetu. Engu að síður séu ýmsar hindranir í veginum, til dæmis hversu flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt sé að stofna fyrirtæki á Íslandi. Í alþjóðlegum samanburði á auðveldleika þess að stofna fyrirtæki er Ísland langt á eftir Norðurlöndunum og raðar sér á milli Líberíu og Benín í 55. sæti.

„Viðskiptaráð telur að auðsótt færi séu til staðar þegar kemur að því að auðvelda frumkvöðlum að stofna fyrirtæki. Ein slík útfærsla gæti verið nýtt félagaform sem nefndist frumkvöðlafélag sem yrði sérstaklega hugsað til þess að móta og prófa hugmyndir á smáum sniðum í stuttan tíma,“ segir í skýrslunni.

Hugmynd Viðskiptaráðs um sérstakt frumkvöðlafélag felur það í sér að ekkert kosti að skrá slíkt félag og ekki þurfi að leggja því til hlutfé. Ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum verði takmörkuð við hlutfé og ekki verið gerð skylda um launagreiðslur til starfsmanna að því gefnu að þeir séu einnig hlut-hafar. Aftur á móti verða arðgreiðslur úr slíku félagi óheimilar og líftíminn að hámarki tvö ár. Þá verði unnt að breyta félaginu í hefðbundið einka-hlutafélag með tilheyrandi kröfum. Samkvæmt útreikningum Viðskiptaráðs getur sparnaður frumkvöðuls af nýju félagaformi numið fimm milljónum króna ef gert er ráð fyrir launum upp á 300 þúsund krónur á mánuði.

RAFMÓTORAR

588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

áskorun telur Viðskiptaráð að horfa megi til ísraelskrar fyrirmyndar með samstarfi hins opinbera, innlendra einkaaðila og erlendra framtaksfjárfesta. Þannig væri um ákveðna samvinnuleið opinberra aðila og einka-aðila í nýsköpun að ræða en ríkið legði fram tiltekna upphæð í nýjan framtakssjóð á móti einkaaðilum.

„Öðrum hluthöfum í sjóðnum byðist svo að kaupa ríkið út á hagstæðum kjörum en sú ráðstöfun yrði sérstaklega hugsuð til þess að laða erlenda framtaksfjárfesta að landinu þar sem ekki fengist framlag frá hinu opinbera í gegnum NSA án aðkomu erlendra fjárfesta,“ segir í skýrslunni.

Fjórir milljarðasjóðir

Viðskiptaráð leggur fram tillögu að útfærslu á hugmyndinni sem felur í sér að fjórir sjóðir verði stofnaðir á árunum 2021-2030. Fyrsti sjóðurinn verði settur á fót árið 2021 en svo verði nýr sjóður settur á fót þriðja hvert ár fram að árinu 2030. Ríkið, í gegnum NSA, leggi til 2,5 milljarða í hvern sjóð en gengið verði út frá því að það samsvari eignarhlutdeild upp á 33-40 prósent í sjóðnum. Lagt verði upp með að erlendir fjárfestar leggi minnst 1,9 milljarða króna og íslenskir fagfjárfestar minnst 1,9 milljarða. Einkafjárfestum standi svo til boða að kaupa út hluta ríkisins að viðbætti ávöxtun sem samsvarar ávöxtun 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa frá stofnun sjóðsins.

„Gera má ráð fyrir að ríkið nái ekki að endurheimta alla fjárfestingu sína enda gerir endurkaupa-

Miklu meira en bara ódýrt



frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA
12V 30L



frá 1.999

Álskóflur

Sonax hreinsivörur
á frábæru verði



Öflugar
háprýstidælur
165Bör
1800W

19.999



Háprýstidæla
1650W

9.999



Hjólatjakkur
2T m/tösku

3.795



6T Búkkar
605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla



Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostpólið

24.995



Ruslapokar
10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

3.995



Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum



Laufahrífur

frá 999



Strákústar

685



frá 395
Ruslatínur

Skóflur

frá 995



Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur
á hjólum

79.995

Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af
verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í
miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett

Vice Multi
angle

6.985



14.995

1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk



5.995

Verkfærasett
108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm



5.999

Fjölsög
Höfftech



Rafmagnsvirtaliur
í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC
1200W



19.995

Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)



16.995

Metabo
KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Margit Robertet segir að nú sé góður tími til að hefja þriggja ára fasa og ráðast í fjárfestingar því hagsveiflur hafi tilhneigingu til að vara í fimm til átta ár. Sennilega verði fyrirtæki keypt á ágætis verði nú og seld

Framtakssjóðurinn Freyja í rekstri Kviku stækkaði í átta milljarða króna

Fyrsta mögulega fjárfesting Freyju er í áreiðanleikakönnun. Kvika leggur sjóðnum til um hálfan milljarð. Hann mun fjárfesta í fimm til sjö óskræðum meðalstórum fyrirtækjum. Margit Robertet, forstöðumaður framtakssjóða Kviku, hefur haft ríka aðkomu að öllum þremur framtakssjóðum bankans. Sala sjóðanna Auðar I og Eddu á hlut þeirra í Ölgerðinni og Domino's gekk sérstaklega vel.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is




Freyja, þriðji framtaks-sjóðurinn í rekstri Kviku, hefur stækkað í átta milljarða króna. „Þegar hann var stofnaður í sumar var hann þrír og hálfur milljarður að stærð en áskriftarloford stóðu í sex milljörðum króna. Sjóðnum var síðan lokað við áramótin í átta milljörðum króna. Lífeyrissjóðir eru áberandi í sjóðnum en jafnframt eru nokkrir einkafjárfestar meðal eigenda,“ segir Margit Robertet, forstöðumaður framtakssjóða Kviku. Bankinn leggur sjóðnum til um hálfan milljarð. Einkafjárfestar eiga um fimm prósent í sjóðnum. Um þessar mundir er fyrsta mögulega fjárfesting sjóðsins í áreiðanleikakönnun. „Henni mun vonandi ljúka fyrir lok fyrsta ársfjórðungs,“ segir hún. Margit segir

ekki tímabært að gefa upp nafn fyrirtækisins eða í hvaða geira fyrirtækið starfar en nefnir að það þjónusti önnur fyrirtæki (e. business to business). Freyja mun fjárfesta í fimm til sjö meðalstórum fyrirtækjum sem ekki eru skráð á hlutabréfamárkad. Áhersla er lögð á fyrirtæki með sterka stöðu á markaði, öfluga stjórnendur, áhugaverð vaxtartækifæri og sterkt sjóðstreymi. Almennt er miðað við að heildarvirði fyrirtækjanna, það er samantlagt virði hlutafjár og skulda, sem eru til skoðunar sé á bilinu tveir til 20 milljarðar og að hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) sé um eða yfir 200 milljónir króna. Enn fremur er mikilvægt að hluthafar fyrirtækisins hafi sameiginlega sýn á stefnu og rekstur og að góðir möguleikar séu fyrir hendi til að selja fyrirtækið eftir einhver ár. Margit segir að Freyja sé áhrifa-fjárfestir sem taki sæti í stjórn fyrirtækja sem sjóðurinn eigi í og beiti

Starfaði í París og London í 13 ár

Margit Robertet er hálf norsk en alin upp á Íslandi frá tveggja ára aldri. „Ég gekk í Versló, lærði viðskiptafræði í Boulder í Colorado fylki í Bandaríkjunum og fór svo í MBA-nám í Rotterdam School of Management í Hollandi. Að námi loknu hóf ég störf á fjárfestingarbankasviði Barclays í London og var þar í þrjú ár en því næst lá leiðin til Parísar þar sem ég starfaði hjá Credit Suisse í tíu ár við fyrirtækjaráðgjöf. Ég kom svo heim árið 2005 og fór fyrir lána-sviði Straums, eins af forverum Kviku, en hætti síðla árs 2007 og tók þátt í að stofna Auði Capital, sem einmitt er líka forveri Kviku, ásamt Kristínu Pétursdóttur og Höllu Tómasdóttur. Ég hef unnið við kaup og sölu fyrirtækja og fjármögnun þeirra meira og minna í 25 ár.“



sér fyrir aukinni verðmætasköpun. Sjóðurinn kaupi að jafnaði 20-50 prósent hlut í hverju fyrirtæki og stefni á að eiga hlutabréfin í fjögur til sex ár. „Við förum ekki í erfið umbreytingarverkefni þar sem fyrirtækið er komið upp að vegg.“

Kynslóðaskipti í atvinnulífinu
Hvaða geira þykir þér spennandi að horfa til?

„Það er að eiga sér kynslóðabreyting í atvinnulífinu. Eftirstriðs-árabörnin (e. baby boomers) eru að komast á aldur núna og munu í ríkari mæli stíga til hliðar. Slíkum breytingum fylgja mikil tækifæri. Meðal tækifæra er að setja saman tvö, þrjú fyrirtæki og ná fram stærðarhagkvæmni og þjónustu viðskiptavini betur með nýrri vöru eða þjónustu. Fyrirtæki sem tengjast öldrun þjóðarinnar eru spennandi því þar er undirbyggjandi vöxtur enda lifum við æ lengur. Þar er til dæmis horft til lyfjafyrirtækja eða þeirra sem þjónusta aldraða með einhverjum hætti.



MIÐVIKUDAGUR 23. JANÚAR 2019

Heimili



Á hverju ári velur Pantone lit ársins. Litur ársins 2019 er „living coral“ eða hin lifandi kóralrif. Innblásturinn er fenginn frá fögrum appelsínulit kóralrifa heimsins sem eru í útrýmingarhættu.

➔6

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Mikilvæg verkfæri í verkfærakistunni

Vilborg Arna Gissurardóttir, pólfari og ferðamálafræðingur, er gestur Gunnars Hersveins í Heimspekikaffinu í Gerðubergi í kvöld. Þar ræða þau um þátt lífsgilda til að ná markmiðum sínum í lífinu. ➔2



„Markmiðið í heimspekikaffinu er að fjalla á mannamáli um það hvers konar líferni er eftirsóknarvert,“ segir Gunnar Hersveinn sem ræðir við Vilborgu Örne í kvöld.
MYND/EYÞÓR

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Heimspekikaffi í Gerðubergi hefur verið fastur liður í dagskrá menningarhússins undanfarin ár en þar spjallar Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur, um gildin í lífinu ásamt góðum gestum. Í kvöld mætir Vilborg Arna Gissurardóttir, pólfari og ferðamálafræðingur, í hús og saman ætla þau að ræða um þátt lífsgilda til að ná markmiðum sínum í lífinu. „Markmiðið í heimspekikaffinu er að fjalla á manna-

máli um það hvers konar líferni er eftirsóknarvert. Það er mjög spennandi að tengja saman fólk og hugtök með óvæntum hætti og spyrja t.d.: Hefur hugsun áhrif á heilsu? Hefur mataræði áhrif á hamingju? svo dæmi sé tekið. Í heimspekikaffinu hefur framúrskarandi fólk fjallað um gildin í lífinu og leitina að hamingjunni. Það var því borðleggjandi að bjóða upp á samtal við Vilborgu Örne sem hefur notað lífsgildin markvisst á ferðum sínum um heiminn m.a. á suðurpólinn og hæstu tinda í hverri heimsálfu. Það var því alveg kjörið að fá Vilborgu til að vera með og við erum

Eitt af gildum mínum er jákvæðni og hún hefur skipt sköpum þegar á móti blæs í lífi mínu.

Vilborg Arna Gissurardóttir

að vonast til að geta miðlað til fólks hugleiðingum um þetta efni, eitthvað sem það gæti kannski nýtt sér í eigin lífi og hugsað um áfram,“ segir Gunnar.

Leiðarljósið í lífinu

Fyrir Vilborgu eru lífsgildi eitthvað sem hún hefur að leiðarljósi til þess að ná markmiðum sínum. „Þau eru ekki styrkleikar mínir eða veikleikar, heldur eiginleikar sem þarf að tileinka sér á vegferðinni. Eitt af gildum mínum er jákvæðni og hún hefur skipt sköpum þegar á móti blæs í lífi mínu.“

Auk jákvæðinnar nefnir hún áráðni og hugrekki, tvö lífsgildi sem hafa hjálpað henni mjög mikið við úrlausnir erfiðra verkefna. „Þau minna mig á hvað ég þarf að gera, hjálpa mér út fyrir þægindahringinn og veita mér ákveðinn stuðning. Þau bæði hjálpa mér að takast á við veikleikana mín og efla styrkleikana þannig að gildin eru ákaflega mikilvæg verkfæri í verkfærakistunni minni. Hugrekki stendur t.d. bæði fyrir það að fylgja hjartanu og tækla aðstæður hverju sinni. Þegar ég ákvað að gera ævintýramennsku að atvinnu minni þurfti ég að segja upp mjög góðu starfi sem ég var í og henda mér út í djúpu laugina. Það hefur oft verið krefjandi en vel þess virði.“

Siðferðilegt hugtak

Gunnar skilgreinir lífsgildi sem viðtækt siðferðilegt hugtak sem getur birst sem dyggð eins og hugrekki, tilfinning eins og gleði eða viðhorf eins og jákvæðni. „Fólk finnur sín eigin lífsgildi með því að prófa sig áfram og máta sig við ýmsa hluti. Draumurinn er að sem flest fólk fái tækifæri til að skapa og starfa við það sem það leggur metnað og alúð í. Ég held að það sé mælikvarðinn, að vinna við það sem metnaður er lagður í, það sem fólk gleymir sér

við að gera. Þar leynast lífsgildin.“ Honum finnst mjög gagnlegt að velja sér lífsgildi til að hafa í huga í daglegu lífi. „Það er gott að hafa t.d. þrjú gildi. Sá sem vill temja sér farsæl samskipti við aðra gæti valið traust, friðsæld og hugrekki. Önnur manneskja vill ef til vill efla sköpunargáfunu og umburðarlyndi. Lífsgildi þarf að læra og efla og það er nýtsamlegt að setja þau í samhengi við markmiðin. Það er auðvelt að ímynda sér að sá sem ætlar að spara og finna nýjar leiðir ætti að hafa t.d. höfsemi sem gildi.“

Sem dæmi um eigið lífsgildi telur Gunnar upp náttúruvernd en hann segist hafa það markmið að draga úr soun og gróðurhúsaáhrifum í lífi sínu. „Ég hugsa, les og skrifa um efni sem tengist náttúruvernd og reyni að leggja eitthvað til, hjóla til og frá vinnu svo dæmi sé tekið.“

Gestir taka þátt

Heimspekikaffið hefur verið vinsælt undanfarin misseri að sögn Gunnars enda er þar fjallað á mannamáli um lífsgildin á jákvæðan hátt. „Gestir taka virkan þátt í umræðum og hafa margir fengið gott veganesti eftir kvöldin og hugðarefni til að ræða frekar. Það er hugsað fyrir almenning og þá sem eru spennir fyrir efninu hverju sinni. Næsta heimspekikaffi verður í febrúar en þá kemur Kristín Ragna Gunnarsdóttir rithöfundur og yfirskriftin verður Vel dugði ráðið. Þar munum við spá í valdar persónur í Brennu-Njálssögu út frá lífsgildum og fyrimyndum.“

Heimspekisþjallið hefst kl. 20 í kvöld í Menningarhúsinu Gerðubergi í Breiðholti í Reykjavík og stendur til kl. 22. Nánari upplýsingar á Facebook undir Heimspekikaffi og á borgarbokasafn.is. Allir eru velkomnir og ekkert kostar inn.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir

Eftir

Evonia er hlaðin bæti-efnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

Hve stóra tromlu þarf heimilið?

Þvottavél er ómissandi þarfaping í nútíma heimilishaldi. Gott er að skoða umsagnir í hlutlausum gæðakönnunum áður en ný þvottavél er keypt og hafa eftirfarandi heilræði í huga.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er góð hugmynd að kaupa þvottavél með tromlu sem tekur það magn af þvotti sem þú ert ekki í vandræðum með að fylla. Hámarks kílóafjöldi tekur yfirleitt mið af algengustu bómullarþvottakerfum. Önnur þvottakerfi taka minna magn.

Tromlustærð byggir á fjölda kílóa af þurrum þvotti sem setja má í þvottavélina.

Minnsta tromlustærð er fimm kíló en sú stærsta tólf kíló. Hafðu í huga að stórt er ekki alltaf betra. Þvottavélar vinna best þegar tromlan er fyllt að því hámarki sem

gefið er upp fyrir hvert þvottakerfi. Fáðu þér því þvottavél sem þú ert ekki í vandræðum með að fylla. Það er sérstaklega mikilvægt því eftir því sem þvottavél tekur meira því meira kostar hún og rekstur hennar.

Eitt kíló af þvotti gæti innihaldið fjórar skyrtur, eða einar gallabuxur og skyrtu, eða eitt baðhandklæði og þrjú lítil.

Flestum miðlungsstórum heimilum nægir 7 kílóa tromla. Það er nóg til að þvo 22 skyrtur í einni vél eða tvennar gallabuxur, þrjár barnagallabuxur, fjórar skyrtur, tvö baðhandklæði, þrjú lítil handklæði, þrjú viskastykki og tvö koddaver. Þessi blanda af óhreinu tui væri þó ólíklega sett saman í



Stórar tromlur eyða meira rafmagni en flestum miðlungsstórum heimilum nægir 7 kílóa tromla. NORDICPHOTOS/GETTY

» Eftir því sem þvottavél tekur meira því meira kostar hún og rekstur hennar. Því er mikilvægt að velja þvottavél sem er engin vandræði að fylla.

vél en magnið er til viðmiðunar.

Tromlustærð hefur mest áhrif á rafmagnskostnað þvottavélar. Orkunýting þvottavéla er merkt sem A+++, sem er best en frá desember 2013 varð eingöngu leyfilegt að selja vélar með A+ orkunýtingu. Það sparar svo orku að fylla vélina til að þvo sjaldnar.

Algengasti snúningshraði þvottavéla er 1200 rpm og 1400 rpm. Þvottavélar með hærri snúningshraða, til dæmis 1600 rpm geta kostað meira en þær sem eru með lægri snúning, en það borgar sig ekki alltaf að borga meira fyrir

hærri snúningshraða. Snúningurinn vindur vatn úr tui í lok þvottar og minnkar tímann sem tekur það að þorna. Ætla mátti að árangur við meiri vindingu væri þurrari þvottur en sú er ekki alltaf raunin. Það er einfaldlega ekki hægt að sjá hvaða þvottavél er með besta vindingu með því einu að lesa auglýstan snúningshraða og sýna niðurstöður kannanna að sumar vélar með 1200 snúningum skila þurrari þvotti en aðrar vélar með 1600 snúningum.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna/leidbeiningastod.is

EINSTÖK REYFARAKAUP Á GÆÐAVÖRU
- GERRY WEBER - TAIFUN - BETTYB ARCLAY OG FL.

50%-70% AFSLÁTTUR

BERNHARD LAXDAL
 SÍGILD KÁPUBÚÐ

RISA ÚTSALA!

20-70% Afsláttur af öllum vörum

Lokadagur útsölu: laugardagur 26. janúar



**30%
afsláttur**
af Footjoy golfskóm



**25%
afsláttur**
af öllum fatnaði.
Sama verð og í USA



**30%
afsláttur**
af Ecco sandölum,
götuskóm og barnaskóm



Ghost er söluhæsti einstaki skórin í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenaline söluhæsti stöðugi skórin 6. árið í röð. Allir helstu skóir Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skóir á frábæru verði!



Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.

feetures



Feetures sokkar

- Feetures eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Feetures eru með „heel lock“ og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

Endurskoðun og bókhald

MIÐVIKUDAGUR 23. JANÚAR 2019

Kynningar: dk hugbúnaður, Uniconta, Virtus, Netbókhald



Áreiðanlegt og sveigjanlegt bókhaldskerfi í 20 ár

Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölga hratt. ➡2

Fyrirtækið dk hugbúnaður framleiðir og selur langút-breiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir fyrirtæki.

dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir allhliða viðskiptahugbúnað og varð 20 ára í lok síðasta árs.“

Útbreiddasta viðskiptakerfið

„Þetta er alíslenskur hugbúnaður sem var þróaður og smíaður frá grunni af okkur,“ segir Dagbjartur. „Það hefur verið reglulegur og góður vöxtur í allri starfseminni okkar nánast frá fyrsta degi og í dag eru yfir 6.500 fyrirtæki með kerfi frá okkur. Bæði mörg af stærri fyrirtækjum landsins og líka meðalstór og lítil fyrirtæki. dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta viðskiptakerfið á íslenskum markaði, með um 55% markaðshlutdeild.

Í dag vinna 63 starfsmenn hjá fyrirtækinu,“ segir Dagbjartur. „Svo rekum við einnig stóra og mikla skýjaþjónustu undir nafninu dk Vistun og erum leiðandi á því sviði. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja hérlendis og við, en það eru um 4.500 fyrirtæki.“

Mörg samvirkandi kerfi

„Hugbúnaðurinn okkar er sería af alls kyns samvirkandi kerfum, mörgum einingum sem vinna saman til að mynda eitt samfellt kerfi,“ segir Dagbjartur. „Kerfin sjá um ólíka hluta rekstrarins. Það eru sér kerfi fyrir skrifstofuna (bakvinnsluna), svo sem fjárhags-, launa-, sölu- og innkaupakerfi og svo er annar hluti kerfisins sem sér um framendann, svo sem afgreiðslu og veitingasölu. Sá hluti kerfisins kallast dk POS afgreiðslukerfi.

„dk hugbúnaður var stofnaður í lok nóvember 1998 og fóru fyrstu tvö til þrjú árin í að skrifa viðskiptahugbúnaðinn frá grunni. Hann kom svo á markað í byrjun ársins 2001,“ segir Dagbjartur. „Hann hefur breyst mikið frá því hann kom fyrst á markaðinn, ekki síst eftir snjalltækjabyltinguna. Þá gerðum við lausnir fyrir snjalltæki, þannig að kerfið virki á snjallsímum og spjaldtölvum. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfið í snjallsíma og spjaldtölvur, sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavinum. Það er líka hægt að nálgast upplýsingar úr kerfinu í gegnum vafra.“

Alls kyns lausnir

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem verslanir og veitingahús, hótél og gististaði, stéttarfélag,



Starfsfólk dk hugbúnaðar samanstandur af vel menntuðum og öflugum hópi sérfræðinga. MYND/EYPÓR

Lausnin gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn.

Dagbjartur Pálsson

sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu og framleiðslufyrirtæki,“ segir Dagbjartur. „Fyrir hótélum erum við til dæmis með sér bókunarkerfi sem sinnir samskiptum við bókunarsíður og heldur utan um herbergin.

Sjálfsafgreiðsla með dk

Sjálfsafgreiðsla er farin að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Við erum með



Hér má sjá vel heppnaða sjálfsafgreiðslulausn á Læknavaktinni.

sérniðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu og af þeim fyrirtækjum sem hafa tekið upp sjálfsafgreiðslukerfi dk POS, til að stytta biðraðir á háanattíma má nefna Læknavaktina Austur-

veri og einnig má nefna Perluna með dk iPOS sjálfsafgreiðslukerfið sem keyrir á iPad og er beintengt bókunarvél Bókunar. dk mun koma með fleiri sérhæfðar sjálfsafgreiðslulausnir á árinu svo það eru

svo sannarlega spennandi tímar fram undan,“ segir Dagbjartur.

Öflug tól fyrir stjórnendur

„Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins er öflug innbyggð greiningartól og stjórnendaverkfæri,“ segir Dagbjartur. „Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntímagögnum og sýna því stöðuna eins og hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni“ og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á.

dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svokallaðra OLAP-teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau,“ segir Dagbjartur. „Í sölukerfinu er hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, sölumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að það er ekki þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa.

Þessi stjórnendaverkfæri keyra á snjallsímum, spjaldtölvum (iPad) og gegnum vefinn, þannig að það er hægt að nálgast upplýsingar og skrá upplýsingar á mjög fjölbreytilegum tækjum,“ segir Dagbjartur.

dk í áskrift

„Hefðbundin hugbúnaðarsala er að færast yfir í áskrift og leigu á hugbúnaði en á síðasta ári bættust við um 500 ný fyrirtæki sem völdu þessa leið hjá dk. Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur, en fyrirtækið er með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri.

Nýjungar í dk á næstu vikum

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk fyrir vefinn og snjalltækin,“ segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda og svo er að koma út á næstunni vegleg útgáfa af dk viðskiptahugbúnaðinum nokkurs konar afmælisútgáfa í tilefni af 20 ára afmælinu, stúttull af nýjum vinnslum og breytingum.“

Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.



dk hugbúnaður býður upp á lausnir sem má nálgast samstundis í snjallsímanum, á vefnum og spjaldtölvum. Hér á myndinni má sjá dk afgreiðsluapp, dk stjórnendaapp, dk reikningaapp, dk pantanaapp og dk veitingahúsaapp sem hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingahúsum síðan það kom út. Nánari upplýsingar um lausnir dk hugbúnaðar má nálgast á www.dk.is. MYND/DK HUGBÚNAÐUR



Fullbúin viðskiptalausn í áskrift - Microsoft Dynamics NAV

Wise býður eitt mest selda
bókhaldskerfi landsins í
mánaðarlegri áskrift - NAV í áskrift.

Fullbúið bókhaldskerfi, hýsing og afritun
í Azure skýjaþjónustu Microsoft í áskrift
ásamt sérlausnum frá Wise á verði frá kr.
9.900 á mánuði.

Kynntu þér málið á navaskrift.is

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.



nau í áskrift

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. **9.900** pr. mán.
án vsk

Viðskiptalausnir 2

Wise sérlausnir að viðbætti leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtakerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. **17.900** pr. mán.
án vsk



Microsoft Azure



Office 365



wise

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Margt hefur breyst í greininni

Daniel G. Björnsson hefur starfað sem bókari síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Hann kvíðir alls ekki framtíð ungra bókara hérlendis sem hann segir bæði samviskusamt og harðduglegt fólk.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Bókarar eru upp til hópa samviskusamt fólk sem vinnur sína vinnu af kostgæfni auk þess að vera yfirleitt skemmtilegt fólk og áhugasamt um starf sitt, segir Daniel G. Björnsson, sem hefur starfað sem bókari síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Sem ungur maður hafði hann alltaf áhuga á reikningi auk þess sem hann starfaði sem verslunarstjóri í matvöruverslun þar sem hann vildi geta fylgst með hvernig staðan var hverju sinni. „Þess vegna tók ég ákvörðun um að fara í bókhaldsnám til Troels Berndsen árið 1974. Ég hef alltaf starfað sjálfstætt með annarri vinnu og tekið að mér bókhald fyrir einstaklinga í rekstri og fyrirtæki sem og húsfélög. Sumir voru trassar og komu með bókhaldið í pokum eða kössum þar sem allt var í einum hrærigraut. Aðrir voru með þetta á hreinu og komu með öll gögn upp-röðuð og klár og það var undantekning ef það vantaði reikning eða nótu hjá þeim.“

Eðlilega hafa miklar breytingar orðið í greininni frá því hann hóf störf. „Þegar ég byrjaði voru engar tölvur og allt var fært handvirk í dagbók og svo bókhaldið sjálft, nema hjá stóru endurskoðunar-skrifstofunum sem höfðu bókhaldsvélar sem voru allt of dýrar fyrir okkur einyrkjana.“

Bókhaldsforritin voru bylting

Þegar tölvurnar og töflureiknar komu fram á sjónarsviðið fóru þó hlutirnir að breytast. „Það var sannarlega peninganna virði að



Daniel G. Björnsson hefur starfað við bókhald í nokkra áratugi.

„Ég verð að segja að ég kvíði ekki framtíðinni hjá unga fólkinu í félaginu í dag. Þetta er allt samviskusamt og harðduglegt fólk sem kann sitt fag.“

fara á námskeið í töflureikni og geta sett upp dagbók í tölvu og búið til dálka til að geta fært debet og kredit. Það var algjör bylting og sparaði mikinn tíma auk þess hægt var að prenta gögnin út og afstemma.“

Mesta byltingin var þó þegar bókhaldsforritin komu á markað og hægt varð að færa bókhald í tölvu. „Ég byrjaði að nota TOK því einn viðskiptavina minna notaði það. Þá hóf ég störf sem sölumaður hjá kjúklingabúi sem notaði Stólpa sem er stórgott forrit. Næst kynntist ég Fjölni (Navision) en það bókhaldsforrit var hreint undur. Undanfarin ár hef ég mest verið að bóka í Reglu og aðallega í dk.“

Eftir bankahrunið hætti Daniel tímabundið að sinna bókhaldi enda segir hann allt hafa farið til fjandans auk þess sem hann sat

uppi með skellinn. „Árið 2010 ákvað ég að fara í námið Viðurkenndur bókari, til að geta sótt mér réttindin sem í því fólst og sé ekki eftir því enda gefa réttindin mér mikla möguleika. Félagsmenn í Félagi viðurkenndara bókara (FVB) halda við menntun sinni með ýmsu námskeiðahaldi sem félagið gengst fyrir á hverju ári. Einnig fara starfsmenn frá Ríkisskattstjóra yfir breytingar á skattalögum og öðrum lögum sem gerðar hafa verið á Alþingi og varða bókhald. Þá hefur FVB fengið endurskoðenda til að skerpa á bókhaldskunn-áttunni hjá félagsmönnum ásamt ýmsum öðrum sem hafa haldið erindi. Þetta er mikilvægur þáttur í halda við kunnáttu sinni í færslu bókhalds.“

Framtíðin björt

Daniel hefur setið í stjórn FVB og verið varaformaður félagsins undanfarin tvo ár. Hann hefur alltaf verið elsti stjórnarmeðlimurinn og fyrir vikið starfað mikið með ungu fólki, bæði í stjórninni og í félaginu sjálfu. „Ég verð að segja að ég kvíði ekki framtíðinni hjá unga fólkinu í félaginu í dag. Þetta er allt samviskusamt og harðduglegt fólk sem kann sitt fag. Það sést vel á fræðslunefnd félagsins sem inniheldur ungt fólk sem hefur m.a. skipulagt námskeið og ýmsar ráðstefnur sem hafa tekist í alla staði vel. Ég get ekki borið saman unga fólkið í dag og þegar ég var að koma á vinnumarkaðinn á svipuðum aldri. Það eru allt önnur skilyrði í dag en þegar ég var ungur. Við höfðum ekki snjalltæki eða tölvur þá né sátum við á skrifstofunni og töluðum við fólk um allan heim ef þess þarf. Meira að segja faxtækið þótt algjör bylting á sínum tíma þannig að ansi margt hefur breyst frá því ég byrjaði.“

Aukin gæði og meiri sparnaður

VIRTUS hefur tvö einföld markmið að leiðarljósi: Að auka fjármála-tengd gæði hjá viðskiptavinum sínum og spara þeim peninga.

Dagleg viðfangsefni okkar snúast um tvennt: Annars vegar að þjónusta viðskiptavini þannig að við séum klárlega alltaf að gera betur en þeir gætu með góðu móti gert sjálfir. Hins vegar snýst málið alltaf um að láta fagmennskuna einfalda störfin með þeim hætti að fjármunir sparist. Það fylgir nefnilega mikill ósýnilegur kostnaður því að halda alls kyns fjármálatengdum verkefnum innanhúss miðað við að útvísta fyrirhöfninni, t.d. við bókhald, launasýslu, reikningagerð, innheimtu o.s.frv.“

Þetta segja þær Elisabet Ósk Guðjónsdóttir Sivertsen og Rósa Kristín Stefánsdóttir sem starfa á launa- og bókhaldssviði VIRTUS.



Elisabet Ósk Guðjónsdóttir Sivertsen.

Launasviðið er orðið ein af stærstu launadeildum landsins sem reiknar og afgreiðir rúmlega tvö þúsund launaseðla í hverjum mánuði. Bókhaldssviðinu er ætlað að létta viðskiptavinum lífið alla daga ársins með vandaðri bókhaldsþjónustu og fjármálatengdri ráðgjöf, sem kalla einfaldlega „betra bókhald“.

Spara umtalsverð verðmæti

„Við teljum okkur geta sparað fólki og fyrirtækjum umtalsverð verðmæti með þjónustu okkar. Í fyrsta lagi með því að annast af fagmennsku verkefni sem liggja utan við sérþekkingu viðskiptavina. Þannig aukum við fjármálatengd gæði og auðveldum viðskipta-



Rósa Kristín Stefánsdóttir.

vinum að gera það sem þeir eru góðir í og skapar þeim tekjur. Í öðru lagi spörum við beinharða peninga með því að afgreiða t.d. laun og launatengd gjöld á réttum tíma auk þess að þekkja og virða ýmsa aðra gjalddaga sem e.t.v. eru ekki öllum viðskiptavinum okkar í fersku minni alla daga. Við spörum þeim líka áhyggjur og jafnvel samviskubit yfir óklárudum fjármálaverkefnum sem mörgum finnst þar að auki ekki vera skemmtilegasti parturinn af atvinnurekstrinum.“

Hagkvæm útivistun

Þær Elisabet og Rósa eru sannfærðar um hagkvæmni þess að útvísta launabókhaldi og allri

umsýslu með laun fyrirtækja. Slíkt er algengt erlendis og hefur færst mjög í vöxt hérlendis á undanförnum árum. Þær segja vinnslu launa gera miklar kröfur til atvinnurekenda um fagmennsku og trúnað og hvers kyns frávik geti bæði skapað fjárhagslegt tjón og alls kyns tortryggni. „Við vöktum breytingar í lagaumgjörð eða regluverki og spörum launagreiðendum óþarfa fyrirhöfn eða áhyggjur af nýjum kröfum um persónuvernd og annað álíka,“ segja þær stöllur og segja starfsfólk VIRTUS ákaflega meðvitað um að því sé einfaldlega ætlað að tryggja viðskiptavinum sínum betri fjármál í sinni viðustu mynd.

„Okkur finnst „betri laun“ alltaf skemmtilegasta vígrið en „betri reikningar“ fela líka í sér mikla áskorun um að standa þannig að reikningagerð og eftir atvikum innheimtu þeirra að röðin og reglan í þeim efnum skili sér í beinum tekjum fyrir stóra sem smáa viðskiptavini. Við erum líka upptekin af því að ráðgjöfin okkar, t.d. varðandi rekstraruppgjör, stofnun félaga, gerð viðskiptaáætlana, kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf um fjárhagslega endurskipulagningu og annað slíkt sé einnig fyrsta flokks. Einkunnarorðin eru „betri ráðgjöf“ og stóra markmiðið römmum við inn í loforðið um „betri fjármál“ hjá þeim sem til okkar leita.“



„Dagleg viðfangsefni okkar snúast um tvennt: Annars vegar að þjónusta viðskiptavini þannig að við séum klárlega alltaf að gera betur en þeir gætu með góðu móti gert sjálfir. Hins vegar snýst málið alltaf um að láta fagmennskuna einfalda störfin.“

Nánari upplýsingar á www.virtus.is.



Ingvaldur Thor Einarsson er stofnandi og framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi.
MYND/EYÞÓR

Hraðasta bókhaldskerfi í heimi

Uniconta er fullkomnasta en jafnframt einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi í heimi. Notendur þess spara milljónir á milljónir ofan og eiga engin orð til að lýsa ánægju sinni og afköstum.

Uniconta er hraðasta bókhaldskerfi í heimi, hagkvæmt, traust og einfalt í notkun,“ segir Ingvaldur Thor Einarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi.

Ingvaldur er að tala um nýjasta og öflugasta bókhaldskerfið úr smíðju Danans Eriks Damgaard sem er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna.

„Erik hefur haft 30 ár til að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við bókhaldskerfin Concorde XAL og Axapta en Microsoft keypti fyrirtæki hans árið 2001 fyrir um 200 milljarða króna og allar götur síðan hafa lausnir Eriks verið flaggskipið í lausnaframboði hugbúnaðarrisans Microsoft,“ útskýrir Ingvaldur.

Uniconta kom fyrst á markað í Danmörku 2016 og sló strax í gegn.

„Eftir að hafa unnið hjá Microsoft í fáein ár sá Erik gat á bókhaldsmarkaðnum og hóf þróun á bókhaldskerfinu Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum forrit eða app á tölvu eða snjalltæki,“ upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem einstaklega notendavænt og getur sparað þúsundir klukkustunda í vinnu.

Kerfi sem svarar þínum þörfum

Uniconta má líkja við Lego. Það er í grunninn fjárhagsbókhaldskerfi en ofan á bætast viðskipta- og lánardrottnakerfi, birgða-, framleiðslu-, verkbókhalds-, kröfu- og CRM-kerfi. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, lánardrottna og viðskiptavinakerfi með sölu-

Uniconta er skynsamasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki. Hún er skýjalausn sem uppfærist sjálfkrafa og því þurfa fyrirtækin aldrei framar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur.

reikningum og svo er bætt við lausnum eftir þörfum.

„Uniconta er langbesti kosturinn fyrir minni og meðalstór fyrirtæki sem þurfa ekki lengur að setja milljónir króna í séraðlaganir á stóru og flóknu kerfi. Það hentar breiðum hópi og ólíkum þörfum en meðal viðskiptavina sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, fyrirtæki sem framleiða lækningatæki, heilsu- og snyrtivörur og verktafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Það sýnir að þarfir fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta mætir þeim öllum,“ segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókunarkerfa hins vegar.

„Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirkar tengingu í Excel eða PowerBI sem keyra á raungögnum úr Uniconta

og í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á tilbúnar tengingar við Uniconta,“ upplýsir Ingvaldur en þess má geta að Uniconta má nota á öllum tækjum: Windows- og Mac-tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Ingvaldur var í leit að nýju bókhaldskerfi fyrir íslenskt fyrirtæki þegar hann komst á snoðir um Uniconta árið 2015.

„Þegar ég hafði skoðað það sem í boði var á markaðnum sá ég ekkert sem mér leist á. Flest kerfin byggðu á gamalli tækni og kostnaður var óhóflega hár. Ég fór þá að skoða hvað menn væru að gera í öðrum löndum og rakst á grein um Erik og nýja bókhaldskerfið hans Uniconta,“ upplýsir Ingvaldur sem setti sig strax í samband við Eric.

„Tveimur vikum síðar ákváðum við að staðfæra Uniconta fyrir Ísland og stofna fyrirtæki hér á landi til að sinna dreifingu og markaðssetningu kerfisins. Eftir tæplega eins árs vinnu við staðfærslu kerfisins fengum við endurskoðendur og bókara til að prófa Uniconta sem staðfestu grun okkar um að hér væri um framúrskarandi lausn að ræða og voru afar ánægðir,“ segir Ingvaldur sem hleypti Uniconta fullmótuðu af stokkunum fyrir íslenskan markað á síðari hluta 2017.

„Uniconta var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heims-mælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál. Fjöldi notenda hér á landi er kominn yfir eitt þúsund og vel á þriðja hundrað íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál og rekstur, birgðir, framleiðslu og verk,“ upplýsir Ingvaldur.

Hann segir flest íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhalds-

kerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni.

„Mörg bókhaldskerfanna voru smíðuð á síðustu öld þegar tæknumhverfið var allt annað, og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásættanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi,“ útskýrir Ingvaldur.

„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics NAV, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærist sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei framar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur.“

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.500 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda geti það verið flókið, seinlegt og kostnaðarsamt.

„Það þarf þó engum að vaxa í augum að setja upp Uniconta-bókhaldskerfið. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki yfir í eina til tvær vikur þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og reynt að gera það á eins skömmum tíma og unnt er, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það.“

Uniconta er seld sem hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.499 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einyrkjum og aðilum í einföldum rekstri.

„Menn bæta svo við notendum, kerfiseiningum, færslum og viðbótarlausnum eftir þörfum,“ segir Ingvaldur. „Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósent sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjöllum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það mun spara alla innsláttarvinnu og nær útrýma mistökum,“ segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun.

„Það tekur tíma að byggja upp traust á markaði og við vitum að okkar viðskiptavinir eru ánægðir. Við leggjum okkur fram við að hlusta á óskir viðskiptavina og bestu hugmyndirnar koma frá fólki sem notar kerfið daglega og kallar eftir nýjum og snjöllum leiðum til að gera hlutina. Allar upplýsingar eru geymdar með öruggum hætti og eingöngu aðgengilegar eigendum fyrirtækja sem stýra sjálfir hverjir hafa aðgang að bókhaldskerfinu, enda okkar hugmyndafræði að við eigum ekki upplýsingarnar heldur viðskiptavinurinn sjálfur. Við leggjum vörumerki okkar og orðspor að veði, að allar upplýsingar eru geymdar með öruggum hætti og notendur geta alltaf nálgast sínar upplýsingar hvar sem þeir eru staddir.“

Uniconta Ísland er í Hlíðarsmára 2. Sími 415 4600. Sjá nánar á uniconta.is

Mörg tækifæri til starfsframa

Flestir halda að hinn týpíski endurskoðandi sitji yfir skattframtölum með reiknivélina á lofti. Raunin er hins vegar sú að starfsvettvangurinn spannar mjög breitt bil fjölbreyttra starfa.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Harpa Vífilsdóttir, deildarstjóri reikningshalds hjá Valitor, er ein þeirra sem hlotið hafa löggildingu í endurskoðun og stýrir í dag 18 manna deild í höfuðstöðvunum í Hafnarfirðinum sem einnig sinnir verkefnum fyrir starfsstöðvar Valitors í Lundúnum og Kaupmannahöfn. Valitor hefur vaxið griðarlega síðustu ár og sibreytilegt umhverfi í heimi greiðslumiðlunar gerir það að verkum að Harpa hefur sjaldan haft eins mikið að gera og núna. Þegar við höfum samband við Hörpu sagðist hún vera að loka ársuppgjörinu þar sem endurskoðendateymi Deloitte væri mætt til að yfirfara tölurnar.

Harpa hefur starfað lengi við fagið og alla tíð haft mikinn áhuga á tölum. Eftir að hafa gengið vel í bókfærsluáföngunum hjá Tomma Bergs í Verzló ákvað Harpa að endurskoðandi skyldi hún verða. Eftir að hafa klárað viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn lá leiðin aftur heim til Íslands þar sem hún kláraði meistaranám í endurskoðun og reikningsskilum frá Háskólanum í



Harpa hefur alltaf haft gaman af tölum og er talnaglögg. MYND/EYÞÓR

Reykjavík. Samhliða náminu vann Harpa hjá KPMG en þar starfaði hún í níu ár. „Þetta var virkilega góður og lærdómsríkur tími hjá KPMG og má segja að ég sé alin upp hjá fyrirtækinu. Ég á mörgum einstaklingum svo gott að þakka þaðan,“ segir Harpa og bætir við að hún hafi klárað löggildingarprófið á meðan hún starfaði hjá KPMG.

Harpa eignaðist þrjú börn á þremur árum og segist í kjölfarið hafa viljað söðla um og jafna vinnu-álagið sem getur oft verið mikið á endurskoðendaskrifstofunum, sérstaklega yfir háannatíma. Núna sé hún hins vegar í afar viðamiklu stjórnunarstarfi hjá Valitor þar sem ætíð sé nóg að gera. „Ofan á ársuppgjörsvinnuna höfum við gengið í gegnum skipulagsbreytingar og erum núna í söluferli svo það er af nægu að taka þessa dagana,“ segir hún.

Þegar Harpa er spurð hvort margt hafi breyst frá því hún hóf sitt nám, svarar hún því játandi. „Þegar ég var að hefja nám var maður með allt útprentað í bókhaldsmöppum frá viðskiptavinunum. Í dag er flest allt unnið rafrænt og útprentuð fylgiskjöl heyra svo gott sem sögunni til. Maður sér varla lengur útprentuð skjöl. Í dag þurfa endurskoðendur því að vera umræðuhæfir þegar

kemur að flóknum ferlum í upplýsingatækni umhverfinu þar sem allt er orðið rafrænt. Starfið hefur því þróast mikið í takt við þá tölvuöld sem við lifum á.

Þrátt fyrir öll þessi ár í bókhaldi og endurskoðun finnst mér þetta enn vera jafn skemmtilegt og áður. Reyndar langaði mig alltaf og langar enn að verða flugfreyja og sinna bókhaldi í bílskúrnum á sama tíma. Ég hef enn ekki látið verða af því, en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir hún.

Hefur eitthvað komið þér á óvart varðandi starfið?

„Í raun er starfið bara svo miklu fjölbreyttara heldur en ég hélt. Möguleikarnir eru óteljandi fyrir þá sem vilja mennta sig á þessu sviði. Endurskoðendur eru eftirsóttir á vinnumarkaðnum við margs konar störf. Námið er vissulega strembið en ef áhuginn er fyrir hendi og markmiðasetningin er skýr þá mæli ég hiklaust með að fólk feti þessa braut. Starf endurskoðenda getur verið mjög fjölbreytt og áhugavert,“ segir Harpa. „Sumir vinna við fagið, eru þá í því að sinna endurskoðun á fyrirtækjum og skrifa upp á að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Aðrir hafa ráðið sig til að sinna stjórnunarstöðum, bæði í reikningshaldi og öðrum deildum.“

NETBÓKHALD bókhaldskerfi EINFALT – AUÐVELT – ÖRUGGT

FJÁRHAGSKERFI Skuldunauta- og lánaðrotnakerfi, VSK skil, ársreikningar o.fl.

SÖLUKERFI Tilboð, reikningar, birgðakerfi, gjaldmiðlar o.fl.

LAUNAKERFI Launamiðar, skilagreinar, launaframtal, rafrænir launaseðlar o.fl.

KRÖFUTENGING VIÐ BANKA

Ótakmarkaður fjöldi viðskiptamanna / launamanna / notenda
Notendabjónusta og kennsla innifalin í áskrift

Fyrsti mánuðurinn frír og ekkert stofngjald!



netbókhalld.is



Kerfi sem allir geta lært að nota

Netbókhalld.is býður litlum og stórum fyrirtækjum upp á bókhaldshugbúnað. Kerfið er miðlægt með notendavænu viðmóti. Margar lausnir eru í boði fyrir ólík fyrirtæki.

Elvar Nielsson, framkvæmdastjóri netbokhald.is, segir möguleikana margvíslega. Meðal nýjunga hjá fyrirtækinu eru skýrslur þar sem hægt er að senda niðurstöðurnar beint í tölvupósti. „Hugbúnaðarkerfið okkar býður upp á mjög góðar skýrslur. Þetta eru skýrslur sem stórfyrirtæki geta ófundað okkur af því þær eru mjög hraðvirkar og áreiðanlegar. Þetta eru ýmsar fjárhagsskýrslur um rekstrarniðurstöður ásamt stöðulistum og hreyfingum. Við bjóðum alls kyns lausnir við allra hæfi og það er hægt að fá allar skýrslur í excel-formi,“ útskýrir Elvar.

„Kerfið heldur utan um virðisaukann og skilar honum rafrænt til RSK. Auk þess er sölukerfi sem býr til reikninga og tilboð. Þá má nefna samningakerfi, fyrir þá sem selja þjónustu eða vörur í áskrift þannig að möguleikarnir eru margvíslegir. Allir geta lært á kerfið og það þarf enga sérmenntun til þess að vinna með það,“ segir Elvar. „Við bjóðum enn fremur launakerfi sem er einfalt í notkun og það þarf heldur enga sérmenntun til að nota það. Ef eitthvað kemur upp á varðandi kerfið er alltaf hægt að hringja til okkar hjá netbokhald.is og fá aðstoð og leiðbeiningar að kostnaðarlausu. Það er innifalið í mánaðargjaldinu hjá okkur.“

Elvar kennir nýjum viðskiptavinum á kerfið með því að taka



Elvar Nielsson, framkvæmdastjóri hjá netbokhald.is. MYND/STEFÁN

yfir tölvu fyrirtækisins, leiðbeinir í raunumhverfi og sýnir handtökin. Þannig læra menn fljótt hvernig kerfið virkar.

Netbokhald.is hefur verið starfrækt frá árinu 2001 og Elvar hóf störf þar árið 2004 sem tækni- maður. Á síðasta ári tók hann við sem framkvæmdastjóri og hefur því víðtæka reynslu, þekkingu og yfirsýn. „Þetta er lítið fyrirtæki en griðarlega öflugt og á mikla framtíð fyrir sér. Kerfið hentar fyrir alls konar fyrirtæki en flestir okkar viðskiptavinir eru með frekar einfaldan rekstur.“

Elvar segir að hugbúnaðar-

kerfið hjá netbokhald.is sé alfarið hannað á Íslandi. „Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu og það er alltaf hægt að hafa samband og fá aðstoð. Markmið okkar er að viðskiptavininum gangi vel að nota kerfið en með því móti verður samstarfið farsælt til lengri tíma. Viðskiptavinirnir fá aldrei bakreikning frá okkur þótt þeir leiti eftir aðstoð simleiðis,“ segir hann.

Nánari upplýsingar hjá netbokhald.is, Borgartúni 31, sími 533 9020, eða á heimasíðunni netbokhald.is

% 8.535

% 1.3323

% 8.535

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ


% 1.3323

% 8.535

30 DAGA
PRUFUÁSKRIFT
+ TVÆR SKÝRSLUR
AÐ EIGIN VALI!

% 9.42

% 8.535



535

PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU
TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMÍÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ



Barnabætur 2019

Barnabætur eru greiddar til fólks sem hefur á sínu framfæri börn yngri en 18 ára. Bæturnar eru greiddar út fjórum sinnum fyrir árið. Fyrirframgreiðsla upp í álagningu er greidd 1. febrúar og 1. maí. Við uppgjör í júní er fyrirframgreiðslan dregin frá barnabótum eins og þær eru ákvarðaðar í álagningu og eftirstöðvarnar greiddar út 1. júní og 1. október.

Barnabætur eru tekjutengdar og geta því skerst verulega. Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samantöldum tekjustofni ef hann er meiri en 7,2 milljónir króna og hjá einstæðu foreldri af tekjustofn er meiri en 3,6 milljónir króna. Þá hefur fjöldi barna einnig áhrif á hlutfall skerðingar.

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Barnabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

Til viðbótar barnabótum eru sérstakar tekjutengdar barnabætur greiddar með börnum yngri en sjö ára.

Fjárhæðir 2019

Hjón og sambúðarfólk

Með fyrsta barni kr. 234.500
Með hverju barni umfram eitt kr. 279.200

Einstæðir foreldrar

Með fyrsta barni kr. 390.700
Með hverju barni umfram eitt kr. 400.800

Viðbót*

Með hverju barni yngra en 7 ára kr. 140.000

Heimild www.rsk.is



Staða stráka í lífi og starfi

Menntadagur atvinnulífsins verður haldinn fimmtudaginn 14. febrúar í Hörpu kl. 8.30-12. Um árlegan viðburð er að ræða en að honum standa Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

Menntadagur atvinnulífsins hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður og verður nú haldinn í sjötta sinn. Dagskrá verður birt þegar nær dregur og eru allir velkomnir. Þema dagsins að þessu sinni er læsi og boðið verður upp á málstofur um kennslustofu 21. aldarinnar og stöðu stráka í lífi og starfi. Dagskrá fundarins verður birt fljótlega.

Veitt verða Menntaverðlaun atvinnulífsins 2019. Í fyrra var Iceland Travel valið menntafyrirtæki ársins og Landsnet menntasproti ársins.

Skatthlutfall og persónuafsláttur

Skattskilin nálgast. Þá er gott að vera með nokkrar tölur á hreinu. Á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar til dæmis um persónuafslátt og skatthlutfall einstaklinga.

Allir sem náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu og eru heimilisfastir á landinu eiga rétt á persónuafslætti. Sama gildir um þá sem hafa rétt til að halda hér á landi skattalegu heimili þrátt fyrir dvöl erlendis vegna náms eða veikinda. Hjá þeim sem ná 16 ára aldri á

tekjuárinu reiknast fullur persónuafsláttur fyrir allt árið. Árið 2019 er persónuafsláttur á mánuði 56.447 krónur og á einu ári 677.358 krónur.

Skatthlutfall einstaklinga í staðgreiðslu 2019

Af tekjum 0 – 927.087 kr. 36,94%
Af tekjum yfir 927.087 kr. 46,24%

Skatthlutfall barna (fædd 2004 eða síðar) af tekjum umfram 180.000 kr. á ári er 6%.



Einblíndu á það sem skiptir máli

Láttu fagfólk vinna verkið á meðan þú sinnir öðru

Við hjá KPMG tökum að okkur að reikna út laun þinna starfsmanna, því launavinnsla er oft viðkvæmur og flókinn þáttur í rekstrinum. Með því að úthýsa launavinnslunni til okkar geta þínir lykilstarfsmenn einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Færsla bókhalds, gerð ársreikninga og skattframtala fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum er einnig hluti af okkar þjónustu.

Kynntu þér málið á kpmg.is eða hafðu samband við Bimu Rannversdóttur í síma 545 6082.

OOFOS®



**Ný Sending
komin í hús!**

Í OOFOS® heilsusandalanum er höfundarréttarvarið OOfoam efni sem er **37%** meira höggdempandi en í hefbundnum skóm.

Höfum opnað glæsilega sölusiðu

www.gongugreining.is

Allar vörur eru með sama afslætti á heimasíðu

OOFOAM. RECOVERY TECHNOLOGY



Einstök fótliga hönnun gefur frábæran stuðning og mikla mýkt, það hefur mjög góð áhrif á hælspora og iljarfellsbólgu og getur minnkað verki í fótum, ökkum, hnjó, mjóðmum og baki. Þess vegna mæla fótaaðgerðafræðingar og sjúkráþjálfarar með OOFOS®.

Sandalarnir eru hannaðir til að hvíla fótinn og henta því bæði sem inniskór, í vinnu, eftir íþróttir og sem sundskór. Þeir þola bleytu og fljóta í vatni, einnig má þvo þá í þvottavél á lágum hita.

Frauðefnið er lokað svo að það dragi ekki í sig raka, bakteríur og þar af leiðandi táfýlu.

Mýktin og dempunin frá OOfoam endist vel og er ekki plastefni eins og þekkist í svipað útlitandi sandölum.

Pó það sé ekki hælband á OOFOS® gerir einstakt lagið á fótbeðinu það að verkum að skórnir sitja fastir á fætinum.

Einfaldlega ótrúlega þægilegir heilsusandalar á sambærilegu verði og fæst í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Minningin um kóralrifin

Á hverju ári velur Pantone lit ársins. Litur ársins 2019 er „living coral“ eða hin lifandi kóralrif. Innblásturinn er fenginn frá fögrum appelsínulit kóralrifa heimsins sem eru í útrýmingarhættu.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Ef lýsa ætti litnum „living coral“ mætti segja að hann sé nokkurs konar sambland af laxableikum og appelsínugulum. Flestir tengja litinn kannski helst við sólsetrið þegar sólin er við það að hverfa sjónum.

Pantone velur á hverju ári þann lit sem helst mun ráða ríkjum í tískuheiminum og á heimilum það árið. Valið í ár tengist að miklu leyti vaxandi umræðu um hnattræna hlýnun enda eru kóralrif viðkvæm fyrir breytingum í umhverfinu og stendur mikil ógn af loftslagsbreytingum, súrnun sjávar og vatnsmengun.

Liturinn hefur þegar dúkkað upp undanfarið, til dæmis á tiskusýningu Marc Jacobs og mun að öllum líkindum verða afar áberandi þegar líður á árið.

Ekki eru allir sáttir við litinn. Þannig hafa hönnuðir ástralska hönnunarstúdíósins Jack and Huei lagt til að litur ársins 2020 verði „bleached coral“ eða upplitaður kóral, sem lýsi mun betur slæmu ástandi kóralrifanna.



Litur ársins minnir ekki aðeins á kóralrifin heldur einnig fagurt sólarlagið.



Ekki þarf að umturna heimilinu til að koma kórallitnum að. Honum má líka stinga hér og þar, til dæmis með upphengdum bollum í eldhúsinu.



Liturinn living coral er litur ársins að mati litafyrirtækisins Pantone. Appelsínugulur og laxableikir litir verða því áberandi á árinu. NORDICPHOTO/GETTY

TILBOÐ

4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*



NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

Frábær hóptilboð

Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00



KINAHOFID

Kinahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022



Skærir litir lifga upp á annars dauflegt umhverfi eins og sést hér.



Kóralliturinn var áberandi í vorlinu Marc Jacobs sem sýnd var í september.

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



OPEL ASTRA.
Opel Astra árg.2000, sparibaukur til sölu, 1200 vél,ekinn 267 þús. með tímakedju. Fæst á 60 þús. Uppl. s:855-4501

Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU
PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA
Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir
Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald
Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Húsaviðhald
FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd
NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til sölu


Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
 Hjálparstarf kirkjunnar

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir
Verð 7.000,-
Munið gjafabréfin okkar.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Þú finnur draumastarfið á Job.is


Iðnaðarmenn


Heilbrigðisþjónusta


Verslun og þjónusta


Kennsla


Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma



Starfsmannþjónusta

551 5000

proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Auglýsing frá Sænsk-íslenska Samstarfssjóðnum

Árið 2019 verða veittir úr Sænsk-íslenska samstarfs-sjóðnum ferðastyrkir til að styðja íslenska þátttakendur í sænsk-íslenskum verkefnum. Markmið sjóðsins er að stuðla að auknu samstarfi Svíþjóðar og Íslands á sviði vísinda, menntunar og menningar. Um styrki þessa skal sótt á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á vefslóðinni www.norden.se.

- Umsóknarfrestur er til 1. mars 2019 og skal skila umsóknum samkvæmt upplýsingum á heima síðu sjóðsins.
- Styrkjum verður úthlutað í apríl nk.

Stjórn Sænsk- íslenska samstarfssjóðsins, 18. janúar 2019



Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

RAFMAGNAÐUR VINNUSTAÐUR

Við erum að leita að frábæru fólki til að vinna með okkur í aðfangakeðju Landsnets. Um er að ræða tvö störf á fjármálasviði sem gefur áhugasömum einstaklingum tækifæri til þess að vaxa í starfi og auka hagkvæmni í rekstri okkar.

Sérfræðingur í innkaupum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón með innkaupum undir viðmiðunarfjárhæðum opinberra innkaupa og samskipti við birgja
- Umsjón með rafrænu útboðskerfi Landsnets
- Umsjón með innkaupakerfi Landsnets
- Umsjón með gæðaferlum innkaupa
- Þátttaka í framkvæmdaútboðum
- Innkaupagreiningar, tölfræði og mælingar
- Gerð samninga, samningsstjórnun og kostnaðareftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af innkaupum
- Þekking á gæðakerfum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Við vinnum fyrir þig

Við erum þjónustufyrirtæki – við vinnum fyrir þig í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar. Við viljum vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem umhyggja og öryggi er haft í hávegum. Þannig sköpum við góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – **samvinnu, ábyrgð og virðingu** – að leiðarljósi.

Starfsmaður á lager

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Móttaka og afhending á vörum
- Skráning í birgðakerfi
- Talningar
- Umsjón með umgengni lagersvæða
- Umsjón með tækjum lagers og útlánnum.
- Móttaka spilliefna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldbær reynsla af lagerstörfum
- Iðnnám kostur
- Þekking á rafmagnsvörum kostur
- Lyftara- og meirapróf er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veitir **Ólafur Kári Júlíusson** mannauðssérfræðingur, sími: 563-9300, netfang: mannaudur@landsnet.is. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is



eftir fjögur til sex ár. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Fyrirtæki sem tengjast öldrun þjóðarinnar eru spennandi því þar er undirliggjandi vöxtur enda lifum við æ lengur.

Við álitum okkur ekki vera tækni-fjárfesta en það eru að verða hraðar tæknibreytingar. Það skapast tækifæri til að fjárfesta í fyrirtækjum sem þurfa fjármagn til að aðlagast breyttum veruleika.

Auk þess er horft til fyrirtækja sem þjónusta önnur fyrirtæki og stofnanir en við veitum fyrirtækjum í smásölu sömuleiðis athygli vitandi vits að þar þarf að stiga varlega til jarðar vegna vaxandi samkeppni frá netinu,“ segir Margit.

Stjórn Freyju tekur ákvarðanir um kaup og sölu á hlutabréfum. Stjórnina skipa Frosti Ólafsson, forstjóri ORF líftækni, Helga Árna-dóttir, sem fer fyrir viðskiptaþróun hjá Bláa lóninu, og Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku. „Stjórnamennirnir eru óháðir fjárfestum í sjóðnum, það er lífeyrissjóðunum og öðrum fjárfestum. Lífeyrissjóðir vilja ekki taka ákvarðanir um einstaka fjárfestingar í sjóðunum en við höldum þeim auðvitað upplýstum,“ segir Margit.

Hvers vegna vilja lífeyrissjóðir ekki taka þær ákvarðanir?

„Beir eiga ekki að vera með puttana í atvinnurekstri. Hlutverk þeirra er að taka á móti iðgjöldum

og ávaxta þau á skynsamlegan máta. Iðgjöldin koma frá launþegum. Í rekstri fyrirtækja þarf stundum að taka erfiðar ákvarðanir sem geta bitnað á einstaka sjóðfélögum sem starfa hjá tilteknu fyrirtæki. Af þeim sökum er heppilegra að stjórnendur lífeyrissjóða taki ekki ákvarðanir um slíkt til að tryggja hagsmuni allra sjóðfélaga en hlutverk sjóðanna er að ávaxta lífeyri landsmanna.

Hægt er að nefna sem dæmi um hagsmunaárekstur, að stóra tækifærið og ógnin sem stöðjar að um þessar mundir er gervigreind. Talað er um að sú tækni muni taka við verkefnum fjölda starfsmanna á vinnumarkaði. Vonandi auðnast fyrirtækjum að þjálfa þá starfsmenn sem missa sín verkefni og þeir fái fyrir vikið að vinna áhugaverðari störf.“

Fjárfest fyrir tíu milljarða

Kvika hefur rekið framtakssjóði í tíu ár og farið fyrir fjárfestingu í tólf fyrirtækjum fyrir yfir tíu milljarða króna. „Ég kom að stofnun fyrsta framtakssjóðs Íslands, Auðar I, þegar ég starfaði hjá Auði Capital, einum af forverum Kviku. Það tók skamman tíma að safna 3,2 milljörðum króna í áskriftarloforð og hann fór í loftið í febrúar 2008, skömmu fyrir hrun. Hins vegar hófumst við ekki handa við að fjárfesta fyrr en árið 2010 vegna erfiðra aðstæðna því efnahagsreikningar fyrirtækja voru almennt illa á sig komnir. Það er býsna seint, líftími sjóða er yfirleitt átta til tíu ár. Það má segja að fjárfestingartímabil Auðar hafi hliðrast til um tvö ár vegna hrunsins.

Árið 2013 komum við á fót sjóðnum Eddu, sem var fimm milljarða sjóður, en ég tók við stjórn framtakssjóðasviðs 2014 og kom að öllum fjárfestingum hans.“

Ávöxtunarkrafa Freyju og annarra framtakssjóða í rekstri Kviku er 15-20 prósent. Brúttó ávöxtun Auðar I er um 8 prósent á ári en að teknu tilliti til kostnaðar er arðsemin 4,5 prósent á meðan brúttó ávöxtun Eddu er 20 prósent og 15 prósent eftir kostnað.

Lærdómur af mistökum

„Við höfum dregið ákveðinn lærdóm af rekstri Auðar I. Í fyrsta lagi að fjárfesta síður í allra minnstu fyrirtækjunum. Nema mögulega að það sé uppi ráðagerð um að kaupa og sameina tvö þrjú fyrirtæki til að ná fram stærðarhagkvæmni og að það geti staðið undir hefðbundnu stjórnendateymi. Í minni fyrirtækjum er eigandinn oft allt í öllu og reksturinn ber ekki fjármálastjóra, markaðsstjóra eða mannauðsstjóra.

Í öðru lagi þarf að hafa opinn hug gagnvart því að selja fyrirtækin fyrr en áætlað var þegar tækifæri bjóðast, þótt vissulega sé markmiðið að eiga fyrirtækin eins lengi og okkur tekst að auka verðmæti þeirra. Það skiptir sömuleiðis máli að með eigendur hafi sameiginlega sýn á framhaldið og að yfir helmingur af viðkomandi fyrirtæki verði til sölu þegar til hennar kemur ef ekki er stefnt að skráningu á hlutabréfamarkað.


Í þriðja lagi þurfa stjórnendur fyrirtækjanna að hafa hagsmuni af því hve vel tekst til við að selja félagið, hvort sem þeir fjárfesti í rekstrinum með sjóðnum eða séu árangurstengdir á einhvern hátt,“ segir Margit.

Auður I fjárfesti í átta fyrirtækjum. Sjóðurinn hefur selt 20 prósent hlut í Securitas, allt hlutafé Yggdrasils, 28 prósent hlut í Ölgerðinni, 15 prósent hlut í 365/Tali og helmingshlut í Íslenska gámafélaginu. Hann á enn 81 prósents hlut í Já en Lifandi markaður og Azozo fóru í þrot.

Ölgerðin var góð fjárfesting

Fjárfestingin í Ölgerðinni gekk vel en sjóðurinn kom í hóp hluthafa í lok ársins 2010. Árleg ávöxtun var 28 prósent og sjóðurinn fékk fjárfestinguna 4,3 sinnum til baka. Á fjárfestingartímabilinu, sem var næstum sjö ár, jukust tekjur fyrir-

Kaup



■ Stofnendum	46%
■ Framtakssjóðum	16%
■ Fyrirtækjum	15%
■ Öðrum	23%

tækisins um 57 prósent og EBITDA um 63 prósent. Á meðal aðgerða sem ráðist var í var að auka vöruþróun, taka yfir umboð á borð við Carlsberg og McCain, endurskipulagning rekstrar og hagræðing, endurfjármögnun skulda og áhersla var lögð á samfélagslega ábyrgð og umhverfismál. „Samfélagsleg ábyrgð, góðir stjórnarhættir og umhverfismál eru leiðarljós sem allir framtakssjóðir í rekstri Kviku hafa,“ segir Margit.

Edda keypti 25 prósent hlut í Domino's eftir fjögurra mánaða einkaviðræður árið 2015. Fjárfestingin var einkum hugsuð til að fjármagna áform um vöxt í Noregi og Svíþjóð. Veitingastöðum í Ósló í Noregi fjölgaði úr fjórum í tólf við árslok 2016 og fyrsti staðurinn í Malmö í Svíþjóð var opnaður veturinn 2016. Sjóðurinn seldi í tveimur skrefum bréfin til Domino's í Bretlandi, fyrst helming um mitt ár 2016 og hinn helminginn við árslok 2017. Árleg ávöxtun var 50 prósent og sjóðurinn fékk fjárfestinguna 2,3 sinnum til baka.

„Við kaupin á Domino's var rýnt í með hvaða hætti væri hægt að selja fyrirtækið eftir nokkur ár. Stórar Domino's-keðjur eru skráðar á hlutabréfamarkað, eins og starfsemin í Bretlandi og í Ástralíu. Bretar höfðu áður keypt reksturinn í Sviss og Ástralar starfseminu í Þýskalandi. Domino's í Dúbaí hafði sýnt rekstrinum á Íslandi áhuga. Við töldum því nokkuð líklegt að það yrði erlendum áhugi á félaginu enda með starfsemi í Noregi og Svíþjóð en í því voru fólgin mikil tækifæri til vaxtar. Það sem þurfti að gera var að sýna fram á að veitingastaðirnir gætu gengið vel á hinum Norðurlöndunum. Um leið og það gekk eftir sýndu Bretarnir áhuga. Sá áhugi kom einu til tveimur árum fyrr en við höfðum vænst.

Á þeim tíma hefðum við ekki getað sagt: „Nei, við viljum eiga félagið í tvö ár til viðbótar.“ Þeir höfðu jú bankað á dynnar núna en hver veit hver áhuginn yrði eftir tvö ár. Fyrirliggjandi vöxtur kallaði auk þess á umtalsvert fjármagn til viðbótar til að byggja upp starfseminu í Svíþjóð og Noregi. Á þessum tíma voru verðkennitölur Domino's í Bretlandi háar og þeir því reiðubúnir að kaupa félagið á góðu verði. Domino's er dæmi um fjárfestingu þar sem aukið virði má rekja til tekjuvaxtar, hærra framlegðarhlutfalls og hærri verðkennitalna. Þegar við gerum okkar áætlanir er aldrei gert ráð fyrir því að verðkennitölurnar verði hærri eftir nokkur ár. Við erum varfærin í þeim efnum,“ segir Margit.

Aðrar verðhugmyndir en fyrir ári
Hefur verð á fyrirtækjum farið lækkandi í takt við breyttar aðstæður í efnahagslífinu?

Sala



■ Framtakssjóða	25%
■ Fyrirtækja	60%
■ Erlendra aðila	17%
■ Annarra fagfjárfesta	8%
■ Meðeigenda	17%



Við finnum að verðhugmyndir seljenda eru aðrar en fyrir tólf til átján mánuðum.

„Við finnum að verðhugmyndir seljenda eru aðrar en fyrir tólf til átján mánuðum. Á þeim tíma var orðið erfitt að ná saman. Í rekstri Eddu komum við auga á áhugavert fyrirtæki í árslok 2017 en fjárfestingartímabili sjóðsins lauk í apríl 2018. Við gerðum tilboð en náðum ekki saman vegna þess að það var of langt á milli verðhugmynda.

Að því sögðu er nú óvissa uppi um hver niðurstaða kjarasamninga verður. Við litum málið þeim augum, að ef fjárfesta á í öflugu fyrirtæki og ráðast í ákveðnar breytingar, skiptir ekki sköpum hvort það verði keypt núna eða eftir ár. Mögulega mun muna einhverju á verðkennitölum en það mun aldrei fara á gjafapris nema fyrirtækið sé komið í afar slæma stöðu. Freyja fjárfestir til langs tíma og við búum við þann sveigjanleika að ráða hvort selt er eftir þrjú til fjögur ár eða fimm til sjö ár.

Hagsveiflur hafa tilhneigingu til að vara í fimm til átta ár. Þess vegna er nú góður tími til að hefja þriggja ára fasa þar sem ráðist er í fjárfestingar. Sennilega munum við kaupa fyrirtæki á ágætis verði núna og vonandi getum við selt þau eftir fjögur til sex ár.“

Kortleggja strax kaupendur

Hvernig gengur að selja félög til samkeppnisaðila á jafn litlum markaði og Ísland er?

„Við förum ekki í fjárfestingu nema við séum búnir að huga vel að því hverjir mögulegir kaupendur gætu verið. Við erum hikandi við að fjárfesta í fyrirtækjum þegar það er bara einn mögulegur kaupandi í kortunum. Þá er samningsstaðan engin. Við þær aðstæður skiptir máli að fyrirtækið sé af þeirri stærð að aðrir framtakssjóðir kunni að hafa áhuga á félaginu eða ef það er ekki ýkja stórt gætu einkafjárfestar sýnt því áhuga.

Það geta margar leiðir verið færar við sölu, hvort sem það er skráning á hlutabréfamarkað, sala til keppinauta, framtakssjóða eða einka-fjárfesta. Sem dæmi má nefna að Íslandshótel er ansi stórt fyrirtæki og þar eru margir möguleikar fyrir hendi. Hótelíð á allar sínar fasteignir. Hægt væri að brjóta félagið upp og selja fasteignafélögum fasteignirnar eða jafnvel skrá eingöngu þær á hlutabréfamarkað. Við það yrði hótelreksturinn smærri og þá yrðu hugsanlegir kaupendur bæði framtakssjóðir og innlendir sem erlendis aðilar. Söluferli á Icelandair Hotels leiðir til dæmis í ljós að það er áhugi erlendis á hótelrekstri hérlendis.“

Fáir framtaks- og lífeyrissjóðir
Hvert er viðhorf lífeyrissjóða gagnvart framtakssjóðum?

„Það er afar jákvætt. Lífeyrissjóðir eru uppistaða í fjárfestahópnum í öllum okkar framtakssjóðum. Þær fjárfestingar falla vel að þörfum lífeyrissjóða. Þeir eru í eðli sínu langtímafjárfestar en líftími sjóða er eins og fyrr segir almennt tíu til tólf ár. Lífeyrissjóðir fá jafnframt við það tækifæri til að fjárfesta í meðal-stórum óskræðum fyrirtækjum sem þeim stendur alla jafna ekki til boða en geta verið góðir fjárfestingarkostir. Með slíkum fjárfestingum ná þeir auk þess að styðja við bakið á íslensku atvinnulífi, sem er að einhverju leyti þeirra hlutverk ásamt því að ávaxta fjármagn á skynsamlegan máta. Þeir hafa í gegnum tíðina fjárfest erlendis í erlendum framtakssjóðum.

Vandinn er sá að það eru tiltölulega fáir framtakssjóðir hérlendis og fáir lífeyrissjóðir. Lífeyrissjóðir hafa því í einhverjum tilvikum fjárfest í öllum framtakssjóðunum og það getur komið upp sú staða að einn framtakssjóður selur til annars. Því skal haldið til haga að við seljum ekki fyrirtækin vegna þess að við höfum ekki trú á rekstri þeirra lengur. Heldur er ástæðan tvíþætt.

Annars vegar sú að sjóðir hafa takmarkaðan líftíma og samkvæmt samningi við eigendur þarf að skila fjármunum til þeirra innan tiltekins tíma. Hins vegar förum við af stað með ákveðna hugmynd um hvaða stefnu eigi að taka með fyrirtækin okkar til að ná fram virðisaukningu – og vonandi tekst að koma henni til leiðar – en að því loknu er rétt að annar eigandi taki við keflinu.

Ég er þeirrar skoðunar að heppilegra sé að lífeyrissjóðir velji sér tvo til þrjá rekstraraðila sjóða sem þeir treysta. Ég er raunar einnig þeirrar skoðunar þegar kemur að fjárfestingum lífeyrissjóða á hlutabréfamarkaði á Íslandi, það er fjárfesta ekki í öllum félögum í tilteknum geira, en kannski er markaðurinn hérlendis of lítill til þess að þeir geti leyft sér það.“

Fjóra stærstu þarf til

Eins og Margit nefnir fjármagna lífeyrissjóðir að mestu leyti framtakssjóði landsins. Spurð nefnir hún að fjórir af stærstu lífeyrissjóðum landsins þurfi alla jafna að taka þátt þegar safnað er fé í sjóði. Það er vegna þess að lögum samkvæmt má hver lífeyrissjóður ekki eiga meira en 20 prósent í hverjum sjóði. „Okkur vantar fleiri tegundir af fjárfestum. Tryggingafélögin hafa af og til fjárfest í framtakssjóðum og sum þeirra hafa fjárfest beint í einstökum fyrirtækjum með framtakssjóði. En með því að fjárfesta fremur í framtakssjóði fæst áhættu-dreifing,“ segir hún.

Hvernig gengur að fá einkafjárfesta til að binda fé í sjóði í tíu til tólf ár?

„Það þarf ekki að binda fé í svo langan tíma. Gefum okkur að efnadur einkafjárfestir leggi til 50 til 100 milljónir króna. Fyrir fjárfesti sem á einn til tvo milljarða er ekki óeðlilegt að ráðstafa slíku hlutfalli í framtakssjóð. Fjárfestirinn leggur ekki allt féð í sjóðinn samstundis heldur er kallað inn eftir fjármunum yfir þriggja ára fjárfestingartímabil. En vissulega þarf að hafa það til reiðu þegar á þarf að halda. Að meðaltali er fjárhæðin bundin í fimm ár.“

Hvernig gengur að safna í framtakssjóði þegar innlendi hlutabréfamarkaðurinn hefur gefið lítið af sér undanfarin tvö ár. Eykur það áhugann á framtakssjóðum?

„Nei, þróun hlutabréfamarkaðarins hefur ekki haft áhrif á söfnun í sjóðina.“

Hverjar eru þóknanir framtaks-sjóða Kviku?

„Það er 1,5 prósentu umsýsluþóknun af eignum í stýringu sem standað á undir rekstrarkostnaði og svo er 20 prósentu árangurstenging háð skilyrðum. Í tilviki Freyju miðast hún við að það náist 10 prósentu lágmarksávöxtun en hjá Auði og Eddu var miðað við átta prósent. Það þarf að vera til staðar hvatakerfi til að skapa umhverfi sem ýtir undir góðan árangur.“

Hótar að hindra yfirtökuna á Flybe

Stærsti hluthafi Flybe skoðar réttarstöðu sína vegna yfirtöku fjárfesta á breska flugfélaginu. Hann sakar forsvarsmenn Flybe um að bera hagsmuni hluthafa fyrir borð. Kaupendur félagsins breyttu tilboði sínu í síðustu viku til þess að geta lagt flugfélaginu strax til aukið fé.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stærsti hluthafi breska flugfélagsins Flybe, sem var fyrr í mánuðinum tekið yfir af hópi fjárfesta undir forystu Virgin Atlantic, sakar stjórn félagsins um að hafa borið hagsmuni hluthafa fyrir borð með því að selja það á of lágu verði. Hann hefur hótad því að grípa til lagalegra úrræða til þess að koma í veg fyrir yfirtökuna.

Heimildir breska fjölmiðilsins Sky News herma að eignastýringar-fyrirtækið Hosking Partners, sem fer með um 19 prósentu hlut í Flybe, hafi falið lögfræðingum að kanna til hlitar réttarstöðu sína vegna sölu flugfélagsins til umrædds fjárfesta-hóps.

Forsvarsmenn Hosking Partners eru meðal annars sagðir hafa varað stjórnarmenn Flybe við því að til greina komi að krefjast þess að lög-bann verði lagt á viðskiptin.

Flybe var sem kunnugt er selt fyrir 2,2 milljónir punda, jafnvirði um 343 milljóna króna, til fjárfestahópsins, sem samanstendur af Virgin Atlantic, Stobart Group og Cyprus Capital Partners, og fá hluthafar Flybe greitt eitt pens fyrir hvern hlut. Til samanburðar var flugfélaginu fleytt á hlutabréfa-markað á genginu 295 pens árið 2010 en gengið stóð í 30 pensum áður en félagið sendi frá sér afkomu-viðvörðun í október í fyrra.

Er yfirtökuverðið sagt til marks um þann alvarlega fjárhagsvanda sem Flybe, sem og önnur evrópsk flugfélög, hefur glímt við undanfarin misseri en kaupendur flugfélagsins munu taka yfir skuldir upp á 82 milljónir punda og leggja félaginu jafnframt til allt að 100 milljónir punda í nýtt hlutafé.

Í bréfi sem sjóðs stjórar Hosking Partners skrifuðu stjórnendum Flybe í liðinni viku, og breskir fjölmiðlar hafa undir höndum, lýsa þeir áhyggjum af því að stjórnendum hafi láðst að greina fjárfestum frá erfiðri fjárhagsstöðu flugfélagsins í tæka tíð og stuðlað þannig að því að hlutabréfaverð í félaginu héldist hærri en efni hafi staðið til.

Þá er eignastýringarfélagið, sem hefur verið hluthafi í Flybe um langt



Hlutabréf í Flybe lækkuðu um 45 prósent í verði eftir að tilkynnt var um yfirtökuna. Flugfélagið hefur glímt við mikla rekstrarerfiðleika, rétt eins og margir keppinautar þess, og var boðið til sölu síðasta haust. NORDICPHOTOS/GETTY

2,2 milljónir punda er kaupverð fjárfestahóps undir forystu Virgin Atlantic á Flybe.

skeið, enn fremur sagt hafa sent afrit af bréfinu til breskra eftirlitsstjórnvalda, þar á meðal sérstakrar yfirtökunefndar og fjármálaeftirlitsins, að því er segir í fréttaskýringu Sky News.

Fá innspýtingu strax

Í umræddu bréfi lýsir Hosking Partners efasemdum um hvort 2,2 milljóna dala yfirtökutilboðið endurspegli innra virði Flybe og staðhæfir auk þess að stjórnendur

flugfélagsins hafi fælt aðra fjárfesta frá því að leggja fram hærra tilboð. Segist fjárfestingarfélagið vita um aðra fjárfesta sem hafi haft áhuga á því að eignast Flybe.

Skilmálum kaupsamningsins, sem var fyrst skrifað undir 11. janúar, var óvænt breytt í síðustu viku eftir að í ljós kom að Flybe þurfti nauðsynlega á lausafjárinnspýtingu að halda umsvifalaust. Fjárfestahópurinn, sem gengur undir nafninu Connect Airways, mun þannig eignast eignir og rekstur Flybe 22. febrúar næstkomandi, mun fyrr en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, og veita félaginu strax 20 milljóna punda brúarlán.

Í tilkynningu frá stjórn Flybe var tekið fram að hún ætti „engra annarra kosta vól“ en að fallast á breytta skilmála samningsins enda hefði félaginu ekki tekist að uppfylla lána-skilyrði sem fyrra tilboðið var háð. Hosking Partners dró hins vegar

í efa að lausafjárstaða flugfélagsins væri eins slæm og stjórnin vildi vera láta og benti til að mynda á að félagið hefði nýverið losað um talsvert lausafé með því að selja flug-tíma sína á Gatwick-flugellinum í nágrenni Lundúna fyrir um 4,5 milljónir punda.

Fleiri hluthafar í Flybe, til viðbótar við Hosking Partners, eru sagðir ósáttir við málalýktir. Þeir telja að söluferlið hafi verið ógagnsætt og tilraunir til þess að fá hærra verð fyrir flugfélagið hafi aukin-heldur ekki verið fullreynðar. Í því sambandi benda þeir á að Stobart hafi snemma á síðasta ári gert yfirtökutilboð í Flybe sem sam-svaraði liðlega 40 pensum á hlut en stjórn flugfélagsins hafi hafnað því umsvifalaust.

Samstarfið kom á óvart

Samstarf Virgin Atlantic og Stobart um kaupin á Flybe kom mörgum í

Nokkrir utanað-komandi þættir hafa sett þrýsting á afkomu félagsins til skamms tíma.

Christine Our-mières-Widener, forstjóri Flybe



opna skjöldu enda höfðu félögin áður keppt sín á milli um að eignast flugfélagið. Fulltrúar Hosking Partners telja að maður sé í mysunni, hvað umrætt samstarf varðar, og að kaupendurnir hafi mögulega brotið gegn skuldbindingum sem þeir höfðu tekist á hendur fyrr í söluferlinu með því að sameinast um yfirtökutilboð.

Í bréfinu sagði Hosking Partners jafnframt að hækkanði hlutabréfa-verð í Stobart í kjölfar yfirtökunnar væri til marks um þá „tilfærslu verð-mæta“ frá Flybe til kaupendanna sem fælist í kaupunum.

„Stjórn Flybe stóð frammi fyrir mjög erfiðri ákvörðun vegna versnandi lausafjárstöðu félagsins. Með breyttum skilmálum fær félagið það rekstraröryggi sem það þarf til þess að geta starfað áfram með góðum árangri,“ sagði í tilkynningu frá stjórninni.

Versnandi rekstraraðstæður

Flybe, sem flytur um átta milljónir farþega á ári, aðallega á milli breskra héraðsflugvalla og evrópskra borga, verður framvegis rekið undir merkjum Virgin Atlantic en það er að hluta í eigu athafna-mannsins Richards Branson.

Breska flugfélagið var sett í söluferli síðasta haust og lét forstjórnin Christine Ourmières-Widener hafa eftir sér á þeim tíma að hærra eldsneytisverð, gengissveiflur og óvissa í kringum fyrirhugaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu hefðu reynst félaginu óþægur ljár í þúfu.

Til viðbótar hafa greiðslukortafyrirtæki þjarmað nokkuð að Flybe undanfarið en þau tóku fyrr í vetur upp á því að halda eftir greiðslum sem tryggingu ef svo færi að flugfélagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, eftir því sem fram kemur í umfjöllun Financial Times.

Mike Ashley vill kaupa plötuverslanakeðjuna HMV

Breski kaupsýslumaðurinn Mike Ashley, eigandi Sports Direct, hefur gert tilboð í bresku hljómplötuverslanakeðjuna HMV sem fór í gjaldþrot í síðasta mánuði. Þetta herma heimildir Financial Times.

Ashley, sem hefur látið til sín taka á breskum smásölumarkaði undanfarin misseri, er sagður hafa verið einn „nokkurra“ fjárfesta sem gerðu kauptilboð í HMV. Skiptastjóri á vegum KPMG tók við rekstri keðjunnar, sem rekur um 125 verslanir víða í Bretlandi, í kjölfar þess að hún var tekin til gjaldþrotaskipta í desember. Um tvö þúsund manns starfa hjá HMV.

Í frétt Financial Times er bent á að Ashley, sem á jafnframt knattspyrnufélagið Newcastle United, hafi á undanförunum sex mánuðum eignast keðjurnar House of Fraser og Evans Cycles í kjölfar þess að þær fóru í þrot. Jafnframt fer Sports Direct með hlut í tískukeðjunum French Connection og Debenhams.

Samkvæmt heimildum Sky News hefur Ashley átt í viðræðum við helstu viðskiptavini og birgja HMV



Mike Ashley, eigandi íþróttavörukeðjunnar Sports Direct. NORDICPHOTOS/GETTY

á síðustu tveimur vikum og rætt þar áhuga sinn á því að eignast plötuverslanakeðjuna. Ekki liggur fyrir hvort eignarhaldið á keðjunni, ef tilboð Ashleys verður samþykkt, verði í gegnum Sports Direct eða annað félag á hans vegum.

Keðjan hefur tvisvar verið tekin til gjaldþrotaskipta á undanförunum sex árum en rekstrarumhverfi hennar hefur versnað hratt á tímabilinu, sér í lagi eftir að streymisveitur hófu að selja aðgang að tónlist á netinu. – kij

Lækkar hagvaxtarspána fyrir 2019

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varaði við því á mánudag að harðnandi viðskiptadeilur á milli ríkja gætu grafið undan hagvexti í heimshagkerfinu. Sjóðurinn hefur lækkað hagvaxtarspá sína og gerir nú ráð fyrir heimshagvexti upp á 3,5 prósent í ár en fyrrí spá í október síðastliðnum gerði ráð fyrir 3,7 prósentu hagvexti.

Í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er jafnframt varað við hættunni af því að Bretar segi skilið við Evrópusambandið án nokkurs útgöngusamnings. „Vaxandi líkur“ séu á því að það verði niðurstaðan. Sjóðurinn spáir því að hagvöxtur verði 1,5 prósent í Bretlandi á þessu og næsta ári en tekur hins vegar fram að mikil óvissa ríki um spána.

Viðskiptastrið Bandaríkjanna og Kína, með tilheyrandi refsitollum á báða bóga, er ein ástæða þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lækkaði hagvaxtarspá sína. Þá býst sjóðurinn auk þess við því að áfram muni hægja á vexti kínverska hagkerfisins og að hann muni nánar tiltekið nema 6,2 prósentum í ár og á næsta ári.



Gita Gopinath, aðalhogfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

3,5%

prósentu heimshagvöxtur verður í ár samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gita Gopinath, aðalhogfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir að kraftarnir sem hafi stuðlað að kröftugum heimshagvexti frá miðju ári 2017 hafi veikst hraðar undanfarið en áður hafði verið gert ráð fyrir.

„Þó svo að þetta þýði ekki að við séum að horfa fram á mikla niðursveiflu, þá er mikilvægt að vera vakandi fyrir hættumerkjum,“ segir hún. – kij



HONDA CR-V EXECUTIVE

Raðnúmer 740070

Nýskráður: 2007 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 189.000 km.

Verð: 1.490.000 kr.

Tilboð: 1.290.000 kr.



SUZUKI VITARA

Raðnúmer 445311

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 79.000 km.

Verð: 2.790.000 kr.

Tilboð: 2.390.000 kr.



TOYOT LANDCRUISER 150

Raðnúmer 445384

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 58.000 km.

Verð: 6.390.000 kr.



CHEVROLET TRAX

Raðnúmer 720007

Nýskráður: 2014 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 128.000 km.

Verð: 1.890.000 kr.

Tilboð: 1.490.000 kr.



SUZUKI SX4 S-CROSS

Raðnúmer 150110

Nýskráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 119.000 km.

Verð: 2.590.000 kr.

Tilboð: 1.790.000 kr.

Meiri snjó, takk! 4x4 jeppar í úrvali!



SSANGYONG KORANDO

Raðnúmer 445034

Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 133.000 km.

Verð: 2.390.000 kr.

Tilboð: 1.990.000 kr.



SSANGYONG TIVOLI XLV DLX

Raðnúmer 720039

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 48.000 km.

Verð: 3.290.000 kr.

Tilboð: 2.890.000 kr.



SSANGYONG TIVOLI HLX

Raðnúmer 444819

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 3.000 km.

Verð: 3.590.000 kr.

Tilboð: 3.290.000 kr.



DACIA DUSTER

Raðnúmer 445335

Nýskráður: 2017 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 76.000 km.

Verð: 2.190.000 kr.

Tilboð: 1.870.000 kr.



HONDA CR-V ELEGANCE

Raðnúmer 445398

Nýskráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 106.000 km.

Verð: 3.490.000 kr.

Tilboð: 2.990.000 kr.



SSANGYONG KORANDO

Raðnúmer 720064

Nýskráður: 2011 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 84.000 km.

Verð: 1.990.000 kr.

Tilboð: 1.990.000 kr.



SSANGYONG TIVOLI DLX

Raðnúmer 740105

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.

Verð: 2.890.000 kr.

Tilboð: 2.490.000 kr.



SSANGYONG REXTON HLX

Raðnúmer 103564

Nýskráður: 2014 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 129.000 km.

Verð: 3.190.000 kr.

Tilboð: 2.690.000 kr.



PORSCHE CAYENNE DIESEL

Raðnúmer 445260

Nýskráður: 2011 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 138.000 km.

Verð: 5.990.000 kr.

Tilboð: 5.590.000 kr.



SSANGYONG REXTON

Raðnúmer 150018

Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 143.000 km.

Verð: 2.990.000 kr.

Tilboð: 2.490.000 kr.



SSANGYONG KORANDO

Raðnúmer 445268

Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 35.000 km.

Verð: 3.990.000 kr.



SKODA KODIAQ STYLE

Raðnúmer 150269

Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 20.000 km.

Verð: 6.650.000 kr.



SKODA YETI

Raðnúmer 740226

Nýskráður: 2014 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 111.000 km.

Verð: 2.290.000 kr.



NISSAN QASHQAI ACENTA

Raðnúmer 150144

Nýskráður: 2016 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 121.000 km.

Verð: 2.290.000 kr.



KIA SORENTO III LUX

Raðnúmer 150270

Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.

Verð: 6.690.000 kr.

**Bílaúð
Benni**

NOTAÐIR BÍLAR
Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is

Reykjavík
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.

Tækifærin mörg ef krónan helst stöðug

Svipmynd

Ólöf R. Einarsdóttir

Nám: Ég flutti til Belgiu 17 ára gömul með þáverandi eiginmanni og fimm vikna gömlum syni okkar. Þar fór ég í nám í snyrtifræði, ferðamennsku, viðburðastjórnun og fimm ára nám í vefnaði. Eitt af mínum allra stærstu verkefnum í viðburðastjórnun í Belgiu var móttaka og skipulagning íslenska hópsins í Eurovision árið 1987 sem kom og flutti lagið „Hægt og hljótt“. Þar skipulagði ég alla þeirra dagskrá í samvinnu við belgísku sjónvarpsstöðina BRT 2. Árið 1990 flutti ég aftur til Íslands og 1991 útskrifaðist ég frá Leiðsöguskóla Íslands í Kópavogi.

Fjölskylduhagir: Ég er gift Herberti Haukssyni, stjórnarformanni Mountaineers of Iceland. Ég á tvö börn; Eið Smára Guðjohnsen og Viktoríu Hlíf Theodórsdóttur, og fimm barnabörn sem verða sjö þegar tviburarnir sem dóttir mín gengur með fæðast í sumar.

Ólöf R. Einarsdóttir er eigandi og framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Mountaineers of Iceland. Hún segir að almennt sé starfsfólk í ferðaþjónustu harðduglegt og með mikla ævintýraþrá.

Hvernig er morgunrútinan þín?
Við Herbert eigum tvö heimili; annað í Reykjavík og hitt í Hrunamannahreppi. Eftir því sem aldurinn færist yfir reyni ég að hafa eins rólegt og hægt er. Ég vakna um áttaleytið þegar maðurinn minn leggur af stað og byrja svo daginn með kaffibolla og léttum morgunverði. Það fer svolítið eftir því hvaða fundi ég þarf að fara á og hvort ég þarf að keyra til Reykjavíkur snemma morguns. Í sveitinni er ég með litla skrifstofu heima og vinn rólega yfir daginn í pósti og reikningum.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Það eru fjölskyldan mín og barnabörnin. Ég er mjög stolt af þeim öllum og strákarnir hans Eiðs Smára og Ragnhildar eru að standa sig rosalega vel í fótboltanum. Það er svo gaman að fylgjast með þeim. Svo er nú ferðamennska og ferðaþjónusta á Íslandi eitt áhugamálið. Hreyfing hefur minnkað mikið eftir að við fluttum í sveitina en ég stunda gönguferðir og sund eins mikið og ég get.

Hvernig hefur starfsferillinn þróast?
Á meðan ég dvaldi í Belgiu vann ég mikið í innflutningi til Íslands á hinum ýmsu vörum eins og notuðum bílum, líkamsræktartækjum og tiskuvörum. Eftir að heim var komið og eftir námið í Leiðsöguskólanum fór ég að vinna sem leiðsögumaður á sumrin í hringferðum um landið



Ólöf segir mikilvægt að standa vörð um náttúruna með miklum vexti ferðamanna og lágmarka skaða á fjölförnum ferðamannastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

●● **Sóknartækifærin eru fjölmörg ef krónan helst stöðug og Ísland verður ekki „dýrt“. Þá munum við á komandi árum sjá ferðamannastrauminn halda áfram að koma sem mun að sjálfsögðu skapa okkur öllum tekjur eins og hefur verið undanfarin ár.**

með belgíska og hollenska ferðamenn. Samhliða leiðsögninni vann ég hjá Niko ehf. og hjá Rolf Johansen við sölu á snyrti- og hárvörum.

Árið 1995 flutti ég aftur út og núna til Hollands að fylgja syni mínum sín fyrstu skref í atvinnumennsku í fótbolta og eftir þriggja ára dvöl komum við aftur til Íslands og þá hóf ég störf á innanlandsdeild Úrvals Útsýnar við tilboðsgerð og skipulagningu ferða til Íslands og leiðsögn. Síðar fór ég á ferðaskrifstofuna Atlantik.

Eins og margir hafa trúlega upplifað þá kemur sá tími þar sem maður þarf að skipta um umhverfi og ég er engin undantekning á því og hætti í ferðaþjónustu og fór að vinna á sölu og markaðsdeild 365 miðla. Þar fékk ég einnig að spreyta mig í sjónvarpi og var með stutt innslög í morgun-sjónvarpinu um ferðaþjónustu á Íslandi og hvað væri í boði fyrir ferðamenn jafnt erlenda sem innlenda. Síðastliðin 12 ár hef ég svo

verið framkvæmdastjóri í fyrirtæki okkar Herberts, Mountaineers of Iceland.

Hvað er það áhugaverðasta við að starfa í atvinnugreininni?

Það er frábært að fá að vinna með hressu og skemmtilegu fólki sem hefur áhuga á fallega landinu okkar og kynna það fyrir erlendum ferðamönnum. Almennt er það þannig að fólkið sem velur þessa starfsgrein er harðduglegt og með mikla ævintýraþrá, og tilbúið að leggja á sig mikla vinnu til þess að ferðamanninum liði sem allra best meðan á dvölinni stendur á Íslandi.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem býr til flest störf í dag og það hringja hjá okkur öllum viðvörunarbjöllur um fjölda ferðamanna sem munu hugsanlega koma til landsins og við þurfum að bregðast við því.

Öryggi ferðamanna, hvort sem er á sjó eða landi, er númer eitt að mínu

mati og stjórnsýslan og fyrirtækin í ferðaþjónustu þurfa að vera tilbúin að taka á móti öllum þeim sem vilja skoða fallega landið okkar.

Einnig þurfum við að útrýma svartri starfsemi og ólöglegum ferðamáta hjá erlendum aðilum. Þá er mikilvægt að standa vörð um náttúruna með miklum vexti ferðamanna og lágmarka skaða á fjölförnum ferðamannastöðum.

Hver eru sóknartækifærin í ferðaþjónustu?

Sóknartækifærin eru fjölmörg ef krónan helst stöðug og Ísland verður ekki of „dýrt“. Þá munum við á komandi árum sjá ferðamannastrauminn halda áfram að koma sem mun að sjálfsögðu skapa okkur öllum tekjur eins og hefur verið undanfarin ár og við munum fljótt sjá fleira af ungu og efnilegu fólki taka við af okkur sem erum búin að vera í þessari uppbyggingu í yfir 20 ár. Með unga fólkinu kemur ný tækni og ný fyrirtæki lita dagsins ljós.

Hver stjórnar þinni vinnu?



Margrét Svavarsdóttir stjórnarráðgjafi hjá Akasíu ráðgjöf og FKA-félagskona

Kulnun var valið orð ársins og það ekki að ástæðulausu. Kulnun virðist vera vaxandi vandi í flóknu vinnuumhverfi. Þegar álagið er mikið og verkefnin mörg,

grípa flestir á það ráð að reyna að vinna hraðar. En víða er álagið viðvarandi og í raun einkennandi fyrir ríkjandi vinnumenningu. „Dugnaður“ hefur gjarnan verið talinn dyggð og við erum flest hver búin að missa sjónar á því að það er hægt að vinna öðruvísi.

Þegar við höfum of mikið að gera höfum við takmarkaða orku og upplifum jafnvel að við náum ekki að gera það sem okkur langar mest að gera. Forgangsroðin verður sú að gera það sem þarf að gera og reyna að koma sem mestu í verk. Þetta munstur getur rænt okkur frelsinu,

●● **„Dugnaður“ hefur gjarnan verið talinn dyggð og við erum flest hver búin að missa sjónar á því að það er hægt að vinna öðruvísi.**

sérstaklega þegar við festumst í því til lengri tíma.

Hvert og eitt okkar er ábyrgt fyrir því hvernig við veljum að verja tíma okkar og athygli á hverjum einasta degi. Þegar við festumst í hringiðu vanans í vinnunni, hættum við að koma auga á tækifæri til að bæta vinnulagið.

Góðu fréttirnar eru þær að það er hægt að breyta eigin vinnu með því að hreinlega læra að nýta eigin styrkleika og forgangsraða. Í stað þess að segja: „Ég hef ekki tíma,“ geturðu sagt: „Þetta er ekki í forgangi hjá mér!“

Ef þig langar að stjórna eigin vinnu, stoppaðu þá aðeins og skilgreindu hver verkefnin eru og af hverju þau eru mikilvæg. Hvar er það í þinni vinnu þar sem þú gleymir stund og stað og vinnan þín veitir þér gleði og ánægju? Þar liggja styrkleikar þínir.

Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er ekki hægt að setja alla í sama boxið og gera ráð fyrir að við vinnum öll eins því við erum ólík og vinnum ólíkt.

Með því að finna eigin styrkleika til vinnu, lærir þú að nýta hæfileika þína og stjórna þinni vinnu.



Að loknu stjórnarkjöri í Högum



Jón Skaftason
framkvæmda-
stjóri fjárfestinga
hjá 365



**Tilnefningarnefndir
þurfa að gæta þess
að hafa viðtækt samráð við
hluthafa og eðlilegt hlýtur að
telja að félög túlki vafaatriði
smærri hluthöfum í hag.**

Ný stjórn var kjörin í stærsta verslunar- fyrirtæki landsins, Högum hf., á sér- stökum hluthafa- fundi þann 18. janúar. Þetta var í fyrsta skipti sem félagið notaðist við tilnefningar- nefnd í aðdraganda stjórnarkjörs.

Tilnefningarnefndir eru tiltölulega nýjar af nálinni á Íslandi. Sýn hf. var fyrst félaga til að innleiða þetta kerfi árið 2014. Síðan hafa félögin tekið þetta upp hvert af öðru. Nú er svo komið að flest ef ekki öll skráð félög á Íslandi styðjast við tilnefningar- nefndakerfið.

Hugmyndin um tilnefningar- nefndir er að mörgu leyti ágæt. Nefndunum er ætlað að taka afstöðu til þeirra framboða sem berast á grundvelli hæfni, reynslu og þekkingar frambjóðenda, og auðvelda þannig hluthöfum að taka upplýsta

afstöðu við stjórnarkjör. Við mat sitt ber nefndunum að hafa samráð við hluthafa, og að því loknu mæla með tilteknum einstaklingum til stjórnar- setu.

Gallinn er þó sá að við mat sitt virðast nefndirnar hafa tilhneigingu til að ráðfæra sig einungis við stærstu hluthafana. Í tilviki Haga var rætt við þá sex stærstu og látið staðar numið við þann sjöunda. Hvers vegna línan var dregin þar er ekki gott að segja, en ljóst að við ferli sem þetta standa smærri hluthafar verulega höllum fæti.

Nú var það þannig að í framboði til stjórnar Haga var Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og stofnandi Bónuss, en félög tengd eiginkonu hans, Ingibjörgu Pálmadóttur, eru einmitt sjöundi stærsti hluthafi félagsins þegar allt er talið. Nokkuð óumdeilt hlýtur að vera að Jón Ásgeir hefur einstaka þekkingu á verslun bæði hér heima og erlendis. Þá hefur

hann sem stofnandi Bónuss og síðar forstjóri Haga og stjórnarformaður ágæta innsýn í félagið.

Þrátt fyrir þetta, og þá staðreynd að Jón Ásgeir virtist fljótt á litid skora hátt á nánast öllum þeim mæli- kvörðum sem bar að leggja til grund- vallar, hlaut hann ekki náð fyrir augum nefndarinnar. Skilaboðin til Jóns Ásgeirs þegar hann fékk loks áheyrn voru þau að tilnefningar- nefndin teldi hann ekki líklegan til að ná kjöri!

Þröngur gluggi

Með þessu verklagi var nefndin auð- vitað komin út fyrir verksvið sitt. Henni bar að taka einungis afstöðu til frambjóðenda á grundvelli hæfni þeirra, reynslu og þekkingar, svo vísað sé í reglur um tilnefningar- nefnd Haga og leiðbeinandi reglur Viðskiptaráðs. Í stað þess virðist aðferðafræðin hafa verið að gera óformlega skoðanakönnun meðal sex stærstu hluthafa Haga.

Með því gekk nefndin í raun frek- lega á kosningarétt hluthafa, enda vitað mál að stofnanafjárfestar, eins og lífeyrissjóðir, hafa tilhneigingu til að kjósa í samræmi við niður- stöðu tilnefningarnefnda. Til þess er leikurinn gerður.

Þegar ljóst var að Jón Ásgeir hefði ekki orðið fyrir valinu hjá tilnefning- arnefnd voru góð ráð dýr. Runninn

var upp föstudagur, bankar og fjár- málastofnanir lokaðar, en frestur til að skila inn kröfu um marg- feldiskosningu rann út á sunnudags- morgni. Margir smærri hluthafar tóku sig þó saman, sem samtals réðu um 10,5% hluta í Högum, og gerðu kröfu um slíka kosningu. Niðurstaða Haga varð þó sú að einungis 9,95% þeirra hefðu skilað inn gildum kröf- um. Ljóst er að hefði krafan náð fram að ganga hefði Jón Ásgeir að öllum líkindum náð kjöri.

Án þess að ætla nokkrum illan hug, var upplifunin sú að hvorki þetta takmarkaða samráð tilnef- ningarnefndarinnar, né þessi stranga túlkun við yfirferð krafna vegna margfeldiskosningar væri til þess fallið að ýta undir hluthafalyðræði í félaginu. Þröngur gluggi til að gera kröfur í tengslum við fundinn hjálp- aði ekki til.

Smærri hluthafar njóti vafans

Í nýútkominni Hvítbók um fram- tíðarsýn fyrir fjármálakerfið er lítil þátttaka einstaklinga beinlínis talin til vandamála íslensks hlutabréfa- markaðar. Lífeyrissjóðir og stofnana- fjárfestar eru allsráðandi á markaðn- um. Varla er það umdeild skoðun að æskilegt sé að auka vægi og áhrif einstaklinga á hlutabréfamarkaðinn, og hefur sú rödd til að mynda heyrst innan úr sjálfu lífeyrissjóðakerfinu.

Nauðsynlegt er að stjórnir endur- spegli eðlilegt jafnvægi milli einka- fjárfesta og þeirra sem sitja í umboði stofnana. Til þess að svo megi verða þurfa fulltrúar minnihluta í skráðum félögum að eiga raunhæfan aðgang að stjórnarborðinu.

Minnihlutavernd er mikilvæg í skráðum félögum og er beinlínis markmið margra ákvæða hluta- félagalaganna. Tilnefningarnefnda- kerfið má ekki verða til þess að rétt- indi smærri hluthafa verði fyrir borð borin. Tilnefningarnefndir þurfa að gæta þess að hafa viðtækt samráð við hluthafa og eðlilegt hlýtur að telja að félög túlki vafaatriði smærri hlut- höfum í hag.

Annað atriði, sem miklu myndi skipta, væri ef tekin væru upp ákvæði í samþykktir fleiri skráðra félaga um að margfeldiskosningar skyldu almennt fara fram ef fleiri eru um hituna við stjórnarkjör, en sætin í boði. Sú aðferð er sú lýðræðislegasta sem hlutafélögin bjóða upp á, og líklegust til að leiða til þess að rödd smærri hluthafa heyrist. 365 mun bera upp kröfu um að ákvæði sem þetta verði tekið upp í samþykktir Haga á aðalfundi nú í sumar.

Mikilvægt er að Hagar, og önnur skráð félög, dragi lærdóm af nýliðnu stjórnarkjöri í Högum. Tilnefningar- nefndakerfið er ungt og efnilegt, en þarf að fá að þroskast og dafna.

Hver verður staðan árið 2060?



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri
Íslandsbanka

Getur verið að við séum að vanmeta stórlega hversu góð fjárhagsstaða aldamótakyn- slóðarinnar kemur til með að verða á lífeyrisaldri? Sú kynslóð mun vissulega, ásamt vinnuveitendum sínum, hafa lagt mun hærra hlutfall launa sinna í lífeyrissjóði og hafa færi á að greiða lengur í séreignar-

sparnað en fyrri kynslóðir, en þó getur brugðið til beggja vona.

Byrjum á séreignarsparnaðinum. Hvers vegna var kerfið búið til á sínum tíma? Líklega var það heldur hugsað sem sem tekjuuppþbót á líf- eyrisaldri en innlegg í eftirspurnar- hlið íbúðamarkaðarins, en svona geta hlutirnir nú breyst. Vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar til kaupa á fyrsta húsnæði og til afborgana eða niðurgreiðslu lána er hætt við að uppbygging séreignar hefst nokkuð seint hjá mörgum. Svigrúm í greiðslubyrði sem ef til vill verður til er sjaldan lagt í frjálsan sparnað. Séreign á lífeyrisaldri kemur því til með að vera lægri fjárhæð en ella.

Lífeyrisréttindi, miðað við þær forsendur sem reiknað er með í

dag, koma til með að verða umtals- vert hærra hlutfall meðallauna en raunin er nú og við fyrstu sýn virðist stefna í stórgóða stöðu þar. Á móti kemur að við mat á stöðu lífeyris- sjóða í dag er miðað við ævilíkur í fortíð. Rætt er um að endurskoða þetta fyrirkomulag og líta til senni- legrar þróunar ævilíka þegar fram í sækir. Slíkt er auðvitað löngu tímabært og kemur til með að gefa raunhæfari mynd af getu lífeyris- sjóðanna til að greiða komandi kynslóðum.

Stóra spurningin er hverjar ævi- líkur koma til með að verða. Hækki þær þarf að leiðrétta fyrir þeirri hækkun með enn hærri framlögum í sjóðina, hækkun lífeyrisaldurs eða skerðingu réttinda. Í dag greiðir



**Á fyrirlestri um
öldrun sem ég sótti
við bandarískan háskóla
fyrir þremur árum var fullyrt
að sá fyrsti sem lifði í 150 ár
væri þegar fæddur.**

Tryggingastofnun tekjutengdar greiðslur sem uppþót á lífeyrisaldri en samkvæmt mannfjöldaspá Hag- stofunnar verða Íslendingar yfir 65 ára aldri fjórðungur landsmanna

árið 2060. Þetta er tvöfalt hærra hlutfall en nú og ættu þeir sem yngri eru alls ekki að treysta á greiðslur frá stofnuninni í framtíðinni.

Á fyrirlestri um öldrun sem ég sótti við bandarískan háskóla fyrir þremur árum var fullyrt að sá fyrsti sem lifði í 150 ár væri þegar fæddur. Hvort sem eitthvað er að marka þá fullyrðingu eða ekki er raunveru- legur möguleiki á að við sem enn eigum áratugi í starfslok þurfum að vera undir það búin að árin á líf- eyrisaldri verði umtalsvert fleiri en við höfum þekkt fram að þessu. Líf- eyririnn dugar þá skemur og þörfin fyrir skipulagðan sparnað utan líf- eyriskerfanna eykst. Vonandi sýna sem flestir þá fyrirhyggju að leggja eitthvað aukalega fyrir.

Skotsilfur



Kemur mótframboð?

Ragnar Þór Ingólfs-son, formaður VR, sefur eflaust með annað augað opið um þessar mundir. Við lok mánaðar rennur út framboðs-frestur til formanns verkalýðs-félagsins. Hann ætti að vera með-vitaður um að margir félagsmenn hugsa formanninum þegjandi þörfina. Þorri félagsmanna hefur það nokkuð gott og veit að ef verð-bólgan fer af stað munu kjör þeirra versna. Mörgum þykir Ragnar Þór helst til herskár og það kann því að vera jarðvegur fyrir jarðbundnari formann sem ekki á að baki mis-heppnaðar tilraunir til að komast á Alþingi.



Gera sig gildandi

Kallað hefur verið eftir því að einkafjárfestar láti meira til sín taka á hlutabréfa-markaði nú þegar lífeyrissjóðir eru farnir að einbeita sér að erlendum fjárfestingum. Í hvítbókinni er til dæmis bent á að samtals 20 þús- und hluthafar hafi verið í skráðum félögum árin fyrir hrun en aðeins eitt þúsund nú. Efnamiklir einka-fjárfestar hafa hingað til haldið sig að mestu til hlés en kaup Hvals á milljarðshlut í Marel og fjárfesting **Guðbjargar M. Matthíasdóttur** og fjölskyldu í TM, sem og fleiri nýlegar fjárfestingar einkafjárfesta, benda til þess að það kunni að vera að breytast til batnaðar.



Þráast við

Eiríkur Ingvar Þor-geirsson augn-læknir er ekki af baki dottinn þrátt fyrir að fé-lag hans, ET sjón, hafi lotið í lægra haldi fyrir tveimur dómstigum í skaðabótamáli sínu gegn Kviku banka. Félagið, sem krefst greiðslu bóta upp á ríflega 300 milljónir króna vegna meintrar ófullnægjandi ráðgjafar í tengslum við fjárfestingu sína í Ölgerðinni, vill fara með málið alla leið fyrir Hæstarétt og hefur óskað eftir leyfi réttarins til afryjunar málsins. Upp-lýst var fyrir héraðsdómi að Eiríkur hefði fjórfaldað fjárfestingu sína á sex árum.



Mikil öryggisgæsla í Davos



Vopnaðir öryggisverðir sjást á þaki Hotel Seehof þar sem margir gestir hinnar árlegu viðskiptaráðstefnu Alþjóðaeftnahagsráðsins í Davos í Sviss gista. Ráðstefnan hófst í gær en á gestalistanum eru forstjórar um eitt þúsund stórfyrirtækja sem hitta þar fyrir útvalda gesti úr alþjóðastjórnmálum og fræðaðheiminum. Talið er að málefni sem tengjast loftslagsbreytingum og alþjóðavæðingu verði ofarlega á baugi í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

Missti af hagsveiflunni



Tryggvi Tryggvason forstöðumaður eignastýringar Kviku

Hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands (OMX8GI) hefur lækkað undan-farin þrjú ár. Það er sjaldgæft að hlutabréfamarkaðir lækki yfir svo langt tímabil. Það sem vekur einnig athygli er að það gerist á sama tíma og hagvöxtur hefur verið mikill á Íslandi og erlendir hlutabréfamarkaðir hafa hækkað. Hlutabréfavísitalan hækkaði 50% árið 2015. Einkum var það hækkun á gengi Ícelandair sem orsakaði þessa miklu hækkun vísitölunnar. Miklar væntingar voru bundnar við áframhaldandi vöxt skráðra fyrirtækja. Eftir á að hyggja má segja að markaðurinn hafi farið fram úr sér og væntingar verið of miklar.

Fleiri ástæður eru fyrir því að íslenskur hlutabréfamarkaður hefur átt undir högg að sækja. Mikil óvissa hefur verið í kringum flugrekstur á Íslandi með ófyrirséðum afleiðingum fyrir efnahag landsins auk þess

sem óvissa er um kjarasamninga. Vegna þessa hefur áhættuálag á hlutabréf aukist. Nú er hins vegar svo komið að mörg félög á markaði eru undirverðlögð sé tekið mið af greiningum markaðsaðila. Á einhverjum tímapunkti mun hagstæð verðlagning vekja áhuga fjárfesta.

Þrátt fyrir að vísitalan hafi lækkað, hefur gengi einstakra félaga verið mjög mismunandi. Það sem skýrir lækkun vísitölunnar undanfarin ár er einkum lækkun á Ícelandair. Árið 2016 var Ícelandair eitt verðmætasta félagið í kauphöllinni en síðan þá hefur félagið lækkað um 75%. Í heildina dugði hækkun annarra fyrirtækja í vísitölunni ekki til að vinna upp lækkun á gengi Ícelandair. Þótt hagvöxtur hafi verið mikill undanfarin ár hefur hann einkum verið drifinn áfram af verðmætasköpun vegna aukningar ferðamanna til landsins. Samhliða hafa laun hækkað mikið og verðbólga verið lág, sem hefur leitt til aukins kaupmáttar. Aukinn hagvöxtur hefur skilað sér í fjölgun starfa en ekki að sama skapi í bættri afkomu fyrirtækja.

Afkoma fyrirtækja hefur verið undir þrýstingi undanfarin ár. Fyrirtæki í smásölu og flugrekstri hafa fengið aukna samkeppni frá erlendum aðilum, sem hefur bitnað á afkomu þeirra. Þetta hefur sett svip á markaðinn. Innkoma Costco hafði meðal annars mikil áhrif á afkomu Haga og óþarfi er að fjalla

●● **Það má velta upp þeirri spurningu hvort launþegar hafi notið góðs af góðærinu umfram hluthafa undanfarin ár.**

frekar um aukna samkeppni í flugrekstri og áhrifin á Ícelandair. Fyrirtækin hafa hins vegar brugðist við samkeppninni með hagræðingu til að bæta afkomuna. Síðustu kjarasamningar voru dýrir fyrir atvinnulífið. Það má velta upp þeirri spurningu hvort launþegar hafi notið góðs af góðærinu umfram hluthafa undanfarin ár.

Eftir á að hyggja hafa breytingar á gjaldeyrishöftum haft meiri áhrif á markaðinn en fjárfestar gerðu ráð fyrir í fyrstu. Með breytingunum opnaðist á ný fyrir fjárfestingar erlendis og fjárfestar hafa aukið erlendar fjárfestingar til muna, enda uppsöfnuð þörf til staðar. Þannig hafa lífeyrissjóðirnir fjárfest erlendis árlega yfir eitt hundrað milljarða. Þrátt fyrir aukinn áhuga erlendra aðila á innlendum hlutabréfamarkaði hefur sá áhugi ekki dugað til að fylla upp í minnkandi eftirspurn innlendra aðila. Frekar lítið hefur verið um nýskráningar hlutabréfa undanfarin ár. Nokkur félög hafa bæst í hópinn, svo sem Heima-vellir, Skeljungur og Arion banki.

Hins vegar eru enn of fá fyrirtæki á hlutabréfamarkaðnum. Fjölga þyrfti spennandi fjárfestingarkostum og stækka markaðinn. Sala og skráning ríkisbankanna myndi efla hlutabréfamarkaðinn og mögulega laða að fleiri fjárfesta.

Ekki er ólíklegt að hlutabréfa-markaðurinn taki aftur við sér ef samið verður á vinnumarkaði á skynsamlegum nótum og væntingar um efnahagshorfur standist. Erlendir aðilar hafa aukið fjárfestingar á markaðnum og innlendir fjársterkir aðilar aukið fjárfestingar í einstökum fyrirtækjum. Það er hins vegar áhyggjuefni að almennir fjárfestar hafa dregið úr þátttöku sinni á markaðnum. Auka þarf áhuga almennings á innlendum hlutabréfum sem sparnaðarformi. Ein leið til þess er að skoða skattalegan hvata. Enn fremur er nauðsynlegt að fjölga enn frekar fjárfestum með ólík viðhorf á markaðnum til að auka virkni hans. Huga mætti að eflingu afleiðumarkaðar. Afnáam gjaldeyrishafta að fullu mun auðvelda aðgang erlendra fjárfesta að markaðnum. Áhugi erlendra aðila kann að aukast ef skráð fyrirtæki á Íslandi verða hluti af erlendum vísitölum. Nýverið var tilkynnt ákvörðun vísitölufyrirtækisins FTSE að skráð fyrirtæki í Nasdaq Iceland verði gjaldgeng í vísitöllumengi þess og verður áhugavert að fylgjast með framvindu þess.

Plástrar duga ekki í menntamálum

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Líkja má hugmyndum menntamálaráðherra um sérstaka styrki til kennaranema við haldlitla plástra. Það stoðar ekki að stoppa í götin heldur þarf að gerbreyta starfsumhverfinu. Það er nefnilega hárrétt hjá menntamálaráðherra, eins og fram kom í Fréttablaðinu á dögunum,

að ráðast þarf í róttækar aðgerðir til að auka áhuga á kennaranámi og bæta starfsumhverfi kennara.

Kennarar gegna þjóðhagslega mikilvægu starfi. Þeir eru því miður of fáir og þeim fer fækkandi. Það er hættuleg þróun. Góð menntun er undirstaða öflugs lýðræðis og velmegunar.

Náttúruauðlindir – en hagnýting þeirra krefst ekki mikillar menntunar – sköpuðu okkur hagsæld á 20. öldinni en þær eru háðar takmörkunum og því mun tækniþróun þurfa knýja áfram hagvöxt á 21. öldinni.

Menntun leggur grunninn að þeirri vegferð.

Það er mikilvægt að efla menntun landsmanna og starfsumhverfi atvinnulífsins kerfisbundið því annars munu lífskjör verða betri í öðrum löndum enda munu þau ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnun. Mörg önnur lönd munu leita leiða til að skara fram úr í tækniþróun. Við viljum ekki sitja eftir.

Það er þrennt sem brýnt er að gera hvað varðar menntakerfið. Í fyrsta lagi þarf að stytta kennaranám úr fimm árum í þrjú ár. Langt háskóla-

nám fyrir ekki betri kjör fæilir frá.

Í öðru lagi þarf að mennta nemendur til að glíma við samtímann og áskoranir framtíðarinnar. Þess vegna er nauðsynlegt er að gera raungreinum og skapandi hugsun hátt undir höfði.

Í þriðja lagi þarf hið opinbera að horfast í augu við það að því hefur mistekist að skapa kennarastéttinni áhugavert starfsumhverfi. Samkvæmt PISA-könnunum hefur árangri nemenda sömuleiðis farið hrakandi síðustu ár. Þetta er ekki góður vitnisburður.

Sveitarfélög og ríkið þurfa að gefa skólakerfinu lausan tauminn og treysta einkaframtakanu og kapp sömu skólafólki. Gefa því frjálsar hendur til að reka góða skóla með ólíkar áherslur og námskrár en steypa því ekki í form sem hamlar framförum.

Núverandi fyrirkomulag er ekki að skila viðunandi árangri. Það að efla menntakerfið þarf að vera forgangsmál stjórnvalda. Góð menntun er eitt stærsta hagsmunamál landsins um þessar mundir. Við eigum mikið undir að það takist vel upp.

Markaðurinn ER Á FRETTABLAÐID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar
og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn



Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook

FRETTABLAÐID.IS

Stjórnar- maðurinn



Glymur hæst í tómri tunnu

Einn háværasti stuðningsmaður útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, James Dyson, hefur ákveðið að flytja starfsemi fyrirtækis síns til Singapore, nú þegar Brexit er handan við hornið.

Fyrirtækið, Dyson, framleiðir ryksugur og margvisleg raftæki, og velti 3,5 milljörðum punda eða sem samsvarar ríflega 500 milljörðum króna á síðasta rekstrarári. Hagnaður félagsins á því ári nam um 120 milljörðum króna.

Stofnandinn er eini eigandi félagsins og segir flutninginn ekkert tengjast Brexit, heldur einungis því að Dyson sé nú alþjóðlegt félag. Höfuðstöðvar Dyson hafa verið í Bretlandi síðan árið 1991, en um 3.500 manns starfa hjá félaginu. Athyglisvert hlýtur því að teljast að Dyson velji að flytja akkúrat nú, en frestur Breta til útgöngu rennur að óbreyttu út í lok mars.

Flutningur Dyson er þó um margt dæmigerður fyrir Brexit-ferlið. Þeir stjórnmalamenn sem hæst höfðu fyrir atkvæðagreiðsluna hafa flestir hlaupist undan merkjum á einn eða annan hátt.

Boris Johnson mistókst að verða leiðtogi, og varð síðar algerlega misheppnaður utanríkisráðherra. Hann vegur nú að Theresu May, ábyrgðarlaus úr launsátri.

Michael Gove viðurkenndi strax morguninn eftir kjördag að stuðningsmenn útgöngu hefðu beitt rangri tölfræði og villt um fyrir kjósendum. Hinn eitraði kaleikur, að leiða Breta úr ESB, endaði í höndum Theresu May, sem þó vildi vera um kyrrt í sambandinu.

James Dyson er því að feta í fótspor þessara merku manna. Orð eru eitt, og gjörðir annað. Dyson hefur einfaldlega litið blákalt á málið og komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hans væri ekki vært í Bretlandi utan Evrópu.

Þetta er um margt dæmigert fyrir allt Brexit-ferlið. Þegar skjalið er skoðað gengur formúlan ekki upp.

Eins og svo oft áður glymur hæst í tómri tunnu.

Seldu skuldabréf fyrir 36 milljarða

Líftækni-fyrirtækið Alvotech hefur tryggt sér fjármögnun upp á 300 milljónir dala, jafnvirði ríflega 36 milljarða króna, með sölu á skuldabréfum til fjárfesta. Fjármunirnir verða nýttir til þess að knýja áframhaldandi vöxt, endurfjármagna skuldir og þróa áfram líftækniylf, að því er segir í fréttatilkynningu.

Eigendur skuldabréfanna munu jafnframt geta breytt bréfunum í hlutafé þegar Alvogen verður skráð á hlutabréfamarkað.

CLSA, dótturfélag CITIC Securities, stærsta



Róbert Wessman, stofnandi Alvotech

fjárfestingarbanka Kína, var helsti söluráðgjafinn í skuldabréfaútböðinu og þá var stórbankinn Morgan Stanley aðalfjárfestirinn. Íslenska verðbréfafyrirtækið Arctica Finance veitti auk þess Alvotech ráðgjöf.

Sem kunnugt er keypti japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma 4,2 prósent hlut í íslenska líftækni-félaginu í síðasta mánuði og nam kaupverðið um 50 milljónum dala. Áður höfðu félögin tilkynnt um samstarf sín á milli sem gerir Alvotech kleift að þróa og framleiða tækniylf fyrir Japansmarkað. – kj

20.01.2019



Ég ætla bara að minna á það að bankarnir borga ekki bankaskattinn. Það eru viðskiptavinirnir sem borga skattinn.

Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



ÖRVAÐU GÓÐU
BAKTERÍURNAR*

STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI




*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Vestlæg eða breytileg átt, 2-8, víða bjartviðri og úrkomulítið en el og snjókoma norðaustan til seinnipartinn. Snýst í NA 12-17 um landið suðaustanvert seinnipartinn. Frost víða 2 til 15 stig, kaldast inn til landsins.



Fimmtudagur

Reykjavík 0° ↖ 9	Ísafjörður -2° ↖ 3	Akureyri -3° ↖ 3
Egilsstaðir -3° ↑ 2	Kirkjubæjarkl. -2° ↙ 5	Hveravellir -6° ↑ 10

Föstudagur

Reykjavík 2° → 6	Ísafjörður 1° ← 6	Akureyri -0° ↓ 3
Egilsstaðir 1° ↓ 10	Kirkjubæjarkl. -2° ↘ 7	Hveravellir -7° ↗ 2

LÉTT

6		1		2	5	
		2		5	9	1
				3		4
	6		8			2
	5	8	1		7	
				6		
1	9	5		4		
				7		3
4		7	9		1	8

MIDLUNGS

		3		1	9	
7	8				6	
	2	4	7		5	
	3		5			7
2		5			1	
1		9		8	2	
			6	7	9	5
4		8				1
5						8

ÞUNG

7			6		2	4
	6	2	4			5
						8
		6	8	4	7	
		5	2		1	4
				6	9	
	4			7		1
6	1	7				3

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1. berja
- 5. þjálfar
- 6. tveir eins
- 8. urga
- 10. samtök
- 11. ekki nóg
- 12. erfið
- 13. yndi
- 15. titill
- 17. slappi

LÓÐRÉTT

- 1. neðstur
- 2. uppfylla
- 3. mánuður
- 4. að baki
- 7. veiðari
- 9. flík
- 12. káf
- 14. tangi
- 16. áþján

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. leima, 5. æfa, 6. ff, 8. gnista, 10. sa, 11. van, 12. þung, 13. rektor, 14. slaki, 15. erfið, 16. titill, 17. slappi. LÓÐRÉTT: 1. leima, 2. æfa, 3. mánuður, 4. tangi, 5. veiðari, 6. að baki, 7. slappi, 8. urga, 9. flík, 10. samtök, 11. ekki nóg, 12. erfið, 13. yndi, 14. káf, 15. titill, 16. áþján, 17. slappi.

Skák

Gunnar Björnsson
Vishy Anand (2.773) átti leik gegn Shakhryar Mamedyarov (2.817) á Tata Steel-mótinu í Sjávarvík í Hollandi.

28. Hxd5! exd5 29. Dxd5+ 1-0. Anand leikur næst 30. Hd1 og svarta staðan hrynur. Nepomniachtchi vann í gær og er nú efstur ásamt Carlsen og Anand. Tiunda umferð fer fram í dag. Þá mætast Carlsen og Anand.

www.skak.is: Jóhann á Gíbraltar.

Hvítur á leik



5	8	1	7	4	2	6	9	3
9	2	4	8	6	3	5	1	7
3	6	7	5	9	1	2	8	4
1	4	8	9	2	7	3	5	6
2	5	6	3	8	4	1	7	9
7	3	9	1	5	6	4	2	8
4	9	2	6	1	8	7	3	5
6	7	5	2	3	9	8	4	1
8	1	3	4	7	5	9	6	2

6	8	3	4	9	2	1	7	5
9	4	5	1	8	7	2	3	6
2	7	1	6	5	3	4	8	9
7	9	4	2	6	5	3	1	8
3	6	8	7	1	9	5	2	4
1	5	2	8	3	4	9	6	7
4	1	9	3	7	8	6	5	2
5	3	7	9	2	6	8	4	1
8	2	6	5	4	1	7	9	3

6	8	5	2	9	1	7	4	3
9	1	7	3	4	8	6	2	5
2	3	4	5	7	6	8	9	1
3	9	2	6	8	4	5	1	7
1	5	6	7	2	3	9	8	4
4	7	8	9	1	5	2	3	6
5	4	3	8	6	2	1	7	9
7	2	1	4	5	9	3	6	8
8	6	9	1	3	7	4	5	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HVER VANN?

Sportið á fréttablaðið.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍSLENSKT
gjörir svo vel

BONUS
VERÐ

PROTIS

KOLLAGEN

FYRIR HÚÐ,
HÁR OG NEGLUR

120 hylki

Náttúrulegt íslenskt kollagen
unnið úr fiskroði

PROTIS

KOLLAGEN

FYRIR HÚÐ,
HÁR OG NEGLUR

120 hylki

Náttúrulegt íslenskt kollagen
unnið úr fiskroði

PROTIS

KOLLAGEN

FYRIR HÚÐ,
HÁR OG NEGLUR

120 hylki

Náttúrulegt íslenskt kollagen
unnið úr fiskroði

2.998
kr. stk.

Protis Kollagen

120 hylki, 40 dagskammtar
Íslensk framleiðsla

120
hylki

SAMIA VERÐ
UM LAND ALLT

BONUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 27. janúar eða meðan birgðir endast.

MENNING

Ævintýraleg tónlist sem kom stöðugt á óvart

TÓNLIST

Kammertónleikar



Verk eftir Prókofief, Servais - Ghys, Schnittke og Bartók.

Flytjendur: Ari Þór Vilhjálmsson, Sigurbjörn Bernharðsson, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Sigurgeir Agnars-son og Anna Guðný Guðmunds-dóttir.

Norðurljós í Hörpu
sunnudaginn 20. janúar

Ekki veit ég af hverju ljóð Bjarna Thorarensen, Eldgama Ísafold, hefur verið sungið við breska þjóðsönginn. Hann heitir God Save the Queen, en var skrumskældur í Þorskastríðinu og þá kallaður Cod Save the Queen! Lagið hljómaði á tónleikum Kamm-ermúsikkklúbbsins í Norðurljósum Hörpu á sunnudaginn, en við það sömdu Belgarnir Adrien-Francois Servais og Joseph Ghys tilbrigði.

Servais var einn mesti sellóleikari 19. aldar og það heyrir á sellópart-inum í verkinu, sem krefst ofur-mannlegrar tækni. Ekki síðri var Ghys á fiðluna, enda er fiðlurullan í svipuðum dúr. Þeir Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Sigurgeir Agnars-son sellóleikari fluttu tónsmíðina og gerðu það af fádæma glæsileik. Spila-mennskan var hrein og jöfn þrátt fyrir ofsahraða, en að sama skapi þrungen ótrúlegum sprengikrafti. Tónlistin sem slík er þó ekki sérlega innihalds-rík, hún er fyrst og fremst ætluð til að sýna tækni getu flytjendanna, en ef hún er fyrir hendi þá er útkoman eins og sirkusatriði. Sú var raunin hér.

Dagskrá tónleikanna var í heild áhugaverð. Sónata fyrir tvær fiðlur eftir Prókofiev heyrir sárasjaldan á tónleikum hérlandis, en auk Ara Þórs lék Sigurbjörn Bernharðsson á fiðlu. Tónmálið var spennandi, fram-vindan ævintýraleg og kom sífellt á óvart. Samspil fiðluleikaranna var

nákvæmt, helst mátti finna að örlítið óhreinum tónum Sigurbjörns ofar-lega í skalanum, en í heild var túlk-unin litrík og fallega mótuð.

Ekki síðri var hinn forvitnilegi píanókvartett nr. 1 eftir Schnittke, en þar léku Sigurgeir og Sigurbjörn ásamt Þórunni Ósk Marinósdóttur víóluleikara og Önnu Guðnýju Guð-mundsdóttur píanóleikara. Kvar-tettinn er hugleiðing um uppkast að kammerverki eftir Mahler, sem hann byrjaði á á táningsaldri en missti svo áhugann á að klára. Verk Schnittkes er sem sagt nokkurs konar tilraun til að ljúka við verk Mahlers. Tón-mál meistaranna fléttast því saman og útkoman er verulega átakamikil, enda um mjög ólíkar nálganir að ræða. Mahler er blátt áfram og tær, en Schnittke myrkur og ógnandi. Spilamennskan einkenndist af þrýði-legu jafnvægi í samspili, túlkunin var markviss og hnitmiðuð, stórbrotin og lifandi. Hvergi var dauður punktur. Fjölmarginir hápunktar voru gæddir óvanalegum ákafa, útfærðir af aðdá-unarverðri fagmennsku og öryggi. Maður fékk gæsa húð aftur og aftur.

Aðeins syrti í álinn eftir hlé, en þá var ein stór tónsmíð á dagskránni, Píanókvintett nr. 1 eftir Bartók. Ekk-ert var upp á flutninginn að klaga, sem var tæknilega pottþéttur og vel unninn. Tónlistin sjálf var hins vegar ekki sérlega bitastæð, enda um að ræða æskuverk Bartóks, samið áður en hann var búinn að þróa sinn per-sónulega stíl. Tónlistin var því risa-vaxin málamiðlun, fyrst og fremst eitthvað sem Bartók taldi að áheyr-endur vildu heyra, fremur en það sem honum sjálfum lá á hjarta. Engu að síður var kvintettinn saminn af kunnáttu og hæfileikum, og því mátti hafa gaman af, þótt efniviðurinn væri rýr. **Jónas Sen**

NÍÐURSTADA: Óvanalega safarík dagskrá og flutningurinn var magn-aður.

Ari Þór, Sigurgeir, Anna Guðný, Þórunn Ósk og Sigur-björn.

FRÉTTABLAÐID/
ANTON BRINK



Brynjólfur er frá Hvolsvelli en segir gott að búa í Kópavogi. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Hef ekki verið titlaður ljóðskáld fyrr en núna

Brynjólfur Þorsteinsson, bókmenntafræðingur og skáld, hlaut í fyrrakvöld Ljóðstaf Jóns úr Vör. Það eru bókmenntaverðlaun sem Kópavogsbær veitir árlega, nú var það gert í 17. skipti.

Eg hef alltaf verið að skrifa en ég hef ekki litið á mig sem ljóðskáld, og ekki verið titlaður ljóðskáld fyrr en nú, í tengslum við þessi verðlaun. Hann var í raun frétt sem kom mér á mjög á óvart,“ segir Brynjólfur Þorsteinsson sem í fyrrakvöld hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör, fyrir ljóðið Gormánuður. Í umsögn dómnefndar um verðlaunaljóðið segir meðal annars: „Hið unga skáld fléttar listilega saman andstæðum þar sem ljós og sorti, fortíð og nútíð mynda meistaralega smíðaða heild, sveip-aða myndríkri dulúð.“

Auk 300 þúsund króna verðlauna-fjár, sem Kópavogsbær veitti Brynj-ólfi og Ármann Kr. Ólafsson bæjar-stjóri afhenti honum, fékk hann til varðveislu göngustaf skáldsins Jóns úr Vör (1917-2000) í eitt ár. Á stafinn hefur verið festur skjöldur með nafni Brynjólfs. „Maðurinn sem sagði að það væri gott að búa í Kópavogi, hafði rétt fyrir sér,“ segir hann glaðlega.

Brynjólfur er þó ekki uppalinn

Gormánuður

**allir hrafnar eru gat
líka þessi sem krunkar
uppi á ljósastaur**

**eins og brot
í himingrárri tönn**

**sjóndeildarhringurinn nakin tré
skorpin vör**

**þirðu augun
einblindu á fjaðursortann**

það glittir í úf

**allir hrafnar eru gat
og innvolsið uppdráttur að
morgundegi**

**líka í þessum sem krunkar
uppi á ljósastaur**

**lestu hann
með vasahníf og opinn munn**

**hartað springur
eins og ber undir tönn**

bragðið er svart

Kópavogsbúi, frekar en Jón úr Vör, heldur er hann frá Hvolsvelli. „Ég flutti að austan tvítugur til að fara í háskólann að læra bókmennta-fræði, eins og maður gerir. Svo fór ég í ritlist í framhaldinu og þar leið mér vel,“ segir hann og bætir við að Óskar Árni Óskarsson hafi leiðbeint honum með lokaverkefnið.

Í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar er smásaga eftir Brynj-ólf og reyndar í Iceland Review líka. „Svo er hægt að finna eitthvað eftir mig á vefnum starafugl.is,“ upplýsir hann. „Ég hef mest verið í smásagna-skrifum hingað til.“

Áður en Brynjólfur hóf að kljást við bókmenntafræðina í Háskóla Íslands var hann í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. „Ég útskrif-aðist stúdent af viðskipta- og hag-fræðibraut, þó ég gæti ekki sagt þér núna einn hlut um viðskipta- eða hagfræði,“ segir hann hlæjandi. Nú kveðst hann starfa í Bókabúð Máls og menningar. „Það eina sem skiptir máli eru bókmenntirnar,“ segir hann kankvís og það verða lokaorð. gun@frettabladid.is

**Rennihurðabraut
svört (Barnyard)**

Fyrir rennihurð allt að 100 kg.

Stílhrein og auðveld í uppsetningu.

Braut fest á vegg.

Fyrir hurðarbreidd allt að 1000mm.

Hægt er að fá framlengingar í 45 cm og 90cm.

Verð :
19.950 m/vsk.

JÄRN&GLER
Járn & Gler Hf - Skútuvoði 1H barkarvogs megin
104 Reykjavík - s:585 8900 - www.jarnogler.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

23. JANÚAR 2019

Tónlist

Hvað? Pop & Gum vinyl set at Kex Hostel
Hvenær? 20.00
Hvar? Kex hosteli, Skúlagötu
Menn spila vínul á Kex.

Hvað? Egill Ólafsson & Björn Thoroddsen
Hvenær? 21.00
Hvar? Petersen svitunni, Ingólfsstræti
Egill Ólafsson og Björn Thoroddsen ætla að leiða saman hesta sína á Petersen svitunni dagana 23. og 24. janúar 2019. Þar verður skrafað, spjallað og spáð í allt milli himins og jarðar. Þeir félagar ætla að strömma og slá gítara sína og leika lög sem Robert Johnson, Ellington, B.B. King, Seeker, Belafonte, Stones, Hendrix, Beatles fluttu á sínum tíma.



Viðburðir

Hvað? Spunakenndur söngleidangur
Hvenær? 12.15
Hvar? Gerðarsafni
Í dag mun spunakennd söngleidsögn eða söngleidangur eiga sér stað á Gerðarsafni með Hrafnhildi Árnadóttur Hafstað sópransöngkonu, sem nýverið sló í gegn á Vínartónleikum Símfóniunnar. Hrafnhildur syngur óð til þeirra verka sem vekja hjá henni hughrif og hefst söngleidangurinn hjá verkinu Tape eftir Sigurð Guðjónsson með laginu Le Violon eftir F. Poulenc. Við verk Doddu Maggýjar, Curlicue (spectra), syngur hún grískt þjóðlag eftir óþekktan höfund og endar leidangurinn á laginu Draumalandið eftir Sigfús Einarsson fyrir framan verkið Hraun og mosi eftir Steinu.

Egill Ólafsson verður ásamt Birni Thoroddsen í Petersen svitunni að halda uppi stuðinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvað? Banvænir drónar í Ísrael/Palestínu: Opinn fundur
Hvenær? 12.00
Hvar? Odda, Háskóla Íslands
Á þessum opna fundi mun Yaar Dagan Peretz, doktorsnemi við Keele University, fjalla um áhrif tækniframfara á stöðuna í Palestínu. Yaar er með LLB (2010) og LLM (2012) frá the College of Management Academic Studies í Ísrael. Hann hefur lagt fram stefnu á hendur ísraelska ríkinu fyrir hönd



Sunneva Ása Weissshappel sýnir í Gallery Port. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

palestínsku þjóðarinnar en hann veitir flóttafólki, hælisleitendum og jadarsettum hópum lagalega aðstoð. Fundarstjóri: Silja Bára Ómarsdóttir, dósent í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands.

Hvað? The Favourite – Stök sýning
Hvenær? 21.00
Hvar? Háskólabíói
Miðvikudaginn 23. janúar (ATH! aukasýning 24. janúar) ætlum við

að sýna hina frábæru mynd The Favourite. Olivia Colman vann Golden Globe-verðlaun fyrir leik sinn í myndinni og er myndin tilnefnd til 12 Bafta-verðlauna. Myndin fer ekki í almennar sýningar á Íslandi. Ath myndin er sýnd án texta.

Hvað? Igil Redug
Hvenær? 20.00
Hvar? Garðatorgi

Stúdentaleikhúsið kynnir glænýtt verk eftir Natan Jónsson. Igil Redug. Leifur er búinn að skipuleggja hið fullkomna kvöld og býður afar sérstökum gesti. Kvöldið fer þó ekki eins og Leifur hafði óskað sér og er ástæðuna að finna lengst aftur í mannkynssögunni.

Hvað? Ahhh – lokasýning. Ástin inn í nýtt ár
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíói
Ástin inn í nýtt ár! Vegna fjölda fyrirspurna snýr leikhópurinn Ratatam aftur í Tjarnarbíói með lokasýningu á ástarkabarettinum Ahhh. Sýningin sló í gegn á síðasta leikári og hlaut tvær tilnefningar til Grímuverðlauna.

Sýningar

Hvað? Sunneva Ása Weissshappel – Umbreyting
Hvenær? 13.00
Hvar? Gallery Port, Laugavegi
Sunneva Ása Weissshappel útskrifaðist af myndlistarbraut við Listaháskóla Íslands árið 2013. Í kjölfarið stofnaði hún Algera Studio. Hún rak stúdíóið í þrjú ár og hélt þar fjölda viðburða og sýninga ásamt meðlimum Algera.

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Roma (SPANISH W/ENG SUB)	17:30	Shoplifters//Búðabjófari (ICE SUB)	20:00
Zabawa, Zabawa (POLISH W/ENG SUB)	17:30	Suspiria (ICE SUB)	21:30
Shoplifters//Búðabjófari (ENG SUB)	17:40	One Cut of the Dead (ENG SUB)	22:20
One Cut of the Dead (ICE SUB)	19:30	First Reformed (ENGLISH-NO SUB)	22:20
Underdog (POLISH W/ENG SUB)	20:00		

KEY natura

Fanney, Boot Camp þjálfari mælir með vegan vörum AstaFuel, AstaEnergy og AstaCardio.

Gefðu líkamanum gjöf!

Þú færð vörur KeyNatura í Fjarðakaup, Nettó, verslunum Mamma Veit Best, Heilsuver, Heilsuhúsinu, Hagkaup og flestum lyfjaverslunum og í vefverslun okkar, [keyNatura.is](https://keynatura.is)



Hvernig hugmyndir færð þú?



Nýsköpunarkeppni ungs fólks í 8. - 10. bekk, þar sem hugmyndir og uppfinningar verða að veruleika.



Dómnefnd velur 30 hugmyndir sem verða próaðar áfram í glæsilegum Fab Lab-smiðjum.



Skilafrestur til 7. febrúar

www.ungruv.is/verksmidjan

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

13.45 HM stofan
14.20 Brasília - Ísland
16.05 HM stofan
16.35 Handboltalið Íslands
16.50 Frakkland - Króatía
18.40 Tákn málsfréttir
18.50 Krakkafréttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innsögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.05 Svarta gengið Íslensk heimildarmynd um Þorbjörn Pétursson, fjárbónda og einsetumann, sem þurfti að bregða búi vegna veikinda og neyddist í kjölfarið til að fella allt sauðfé sitt. Þar á meðal var fjárhópur sem Þorbjörn hafði alið sérstaklega og kallaði Svarta gengið. Hann ákvað að heiðra minningu Svarta gengisins með þeim hætti sem honum þótti við hæfi og jarðsetja það heima í stað þess að senda það til slátrunar. Dagskrárgerð: Kári G. Schram. Framleiðsla: Moment Films.
21.10 Nútímafjölskyldan Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta átt sér stað í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennt fyrir nýjum stjúpforeldrum sínum, fyrrverandi eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrverandi konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus. Aðalhlutverk: Vera Vitali, Erik Johansson, Fredrik Hallgren og Petra Mede. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 HM stofan
22.45 Ítalskar borgarperlur: Undir yfirborðinu – Flórens Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem fjallað er um sögu þriggja ítalskra borga: Napólí, Feneyja og Flórens.
23.40 Kastljós
23.55 Menningin
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 Golfing World 2019
08.50 Abu Dhabi HSBC Golf Championship
14.50 PGA Tour 2019
18.50 Golfing World 2019
19.40 Champions Tour Highlights 2019
20.35 PGA Tour 2019

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.29 The Late Late Show
10.13 Síminn + Spotify
12.20 Everybody Loves Raymond
12.43 King of Queens
13.05 How I Met Your Mother
13.27 Dr. Phil
14.11 Life in Pieces
14.34 Charmed
15.20 Ally McBeal
16.04 Malcolm in the Middle
16.27 Everybody Loves Raymond
16.50 King of Queens
17.13 How I Met Your Mother
17.36 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Crazy Ex-Girlfriend
20.30 Lífum lengur
21.05 Code Black
21.55 The Gifted
22.40 Salvation
23.25 The Tonight Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS Los Angeles
02.20 Chicago Med
03.10 Bull
03.55 Elementary
04.40 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal Tortryggni móðernista í garð frásagna
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV (228 af 400)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Góði dátinn Svejk (33 af 39)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Nætúrútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 Going in Style
13.40 Gifted
15.20 50 First Dates
17.00 Going in Style
18.40 Gifted
20.20 50 First Dates
22.00 Mr. Right
23.35 The Departed
02.05 The 33
04.10 Mr. Right

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Ævintýri Tinna
07.45 Friends
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Newsroom
10.35 Jamie's 15 Minute Meals
11.00 The Big Bang Theory
11.20 Bomban
12.10 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef The Professionals Australia
13.45 Kórar Íslands
15.05 Leitin að upprunum
15.45 Kevin Can Wait
16.10 Lego Master
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 I Feel Bad
19.55 Jamie's Quick and Easy Food
20.20 Ísskápastríð
20.55 Grey's Anatomy
21.40 The Cry
22.40 Lovleg
23.00 Sally4Ever
23.35 NCIS
00.20 The Blacklist
01.05 Magnum P.I
01.50 Counterpart
02.45 Room 104
03.15 Greyzone
04.00 Greyzone
04.45 Six Feet Under
05.40 Camping

STÖÐ 3

19.15 Modern Family
19.40 Mom
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 It's Always Sunny in Philadelphia
21.15 Gotham
22.00 Game of Thrones
22.55 Little Britain USA
23.20 Little Britain USA
23.50 The New Girl
00.15 Mom
00.35 Seinfeld
01.00 Friends
01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Liverpool - Crystal Palace
09.40 Newcastle - Cardiff
11.20 Haukar - Selfoss
12.50 Kansas City Chiefs - New England Patriots
15.15 Bournemouth - West Ham
16.55 Fulham - Tottenham
18.35 Messan
19.40 Burton - Manchester City
21.45 Premier League Review 2018/2019
22.40 UFC Fight Night: Cejudo vs. Dillashaw

STÖÐ 2 SPORT 2

07.35 Blackburn - Newcastle
09.15 Southampton - Derby
10.55 Roma - Torino
12.35 Frosinone - Atalanta
14.15 Domino's körfuboltakvöld
15.55 Huesca - Atletico Madrid
17.35 Haukar - Selfoss
19.05 Valur - KR
21.15 New Orleans Saints - LA Rams
23.35 Burton - Manchester City

KJÜKLINGA DAGAR

18. - 31. JANÚAR

KJÜKLINGAVÆNGIR
2 FYRIR 1

KJÜKLINGABÖRGARI
BBQ EÐA BUFFALO

KJÜKLINGABITAR
BBQ EÐA BUFFALO

1490 KR

990 KR

MEÐ FRÖNSKUM OG GOSI

3 BITAR, FRANSKAR OG GOS

FJÖLSKYLDUTILBOÐ 10 BITAR - 2L GOS
STÓRFRANSKAR 2990 KR



DIRTY
BURGER
& RIBS



Og Óskarinn fær... sá umbreytti

Akademían elskar þegar leikarar, sérstaklega karlar, missa nokkur kíló eða bæta þeim á sig fyrir hlutverk. Christian Bale er í ár tilnefndur fyrir hlutverk sitt sem Dick Cheney í Vice en fyrir það hlutverk breytti hann útliti sínu helling.



CHRISTIAN BALE ALLS KONAR

Christian Bale elskar að gjörbreyta sér fyrir hlutverk og finnst það greinilega mikil íþrótt. Hann grennti sig gífurlega fyrir kvikmyndina The Machinist eins og frægt er orðið, buffaði sig upp sem Batman og var svo skyndilega akfeitur í American Hustle og var hann tilnefndur til Óskarsins fyrir. Nú er hann aftur feitur sem Dick Cheney og aftur tilnefndur.

Christian Bale Dick Cheney-aði sig upp fyrir hlutverk sitt í Vice en Bale hefur aldrei verið feiminn við að safna smá bumbu.



Matthew McConaughey borðaði örmáa fiskiflis á hverjum degi í nokkrar vikur til að undirbúa sig undir kvikmyndina Dallas Buyers Club.

MATTHEW MCCONAUGHEY

DALLAS BUYERS CLUB

Það var ekki bara Jared Leto sem tók á sig þyngdartap fyrir Dallas Buyers Club og fékk gyllta styttnu – Matthew McConaughey missti enn fleiri kíló og fékk enn meiri athygli. Hann er líka rosalega þekktur fyrir að setja sig algjörlega inn í öll hlutverkin sín þannig að það er gjörsamlega ómögulegt að umgangast hann á meðan hann vinnur að einhverri bíómynd.



Robert DeNiro skellti á sig nokkrum kílóum fyrir Raging Bull en það er kannski áhugaverðara að hann keppti þrisvar í boxi fyrir hlutverkið og vann tvisvar.

ROBERT DE NIRO

RAGING BULL

De Niro fitaði sig í gang fyrir hlutverk sitt sem Jake LaMotta – en það er svo sem ekkert merkilegt lengur enda virðast allir gera það. Það sem er merkilegra er að hann barðist þrjá alvöru boxbardaga fyrir hlutverkið og tókst að vinna tvo þeirra.

MARLON BRANDO THE GODFATHER

Marlon Brando ákvað að vera eins og Frank Costello, alvöru mafiósi, þegar hann var fenginn til að leika í The Godfather. Hann fyllti því kinnarnar á sér af bómull, fékk sér góm og lagði af. Fyrir alla þessa vinnu fékk Brando Óskarinn beina leið upp í hendurnar.



Marlon Brando fyllti kinnarnar af bómull til líta út og hljóma eins og alvöru mafiósi í The Godfather.



Charlize Theron vakti gífurlega athygli fyrir útlit sitt í Monster og Akademian hélt ekki vatni.

CHARLIZE THERON MONSTER

Fyrir hlutverk sitt sem morðinginn Aileen Wuornos gjörbreytti Charlize Theron útliti sínu – hún þyngdist um heilan helling, litaði á sér hárið, rakaði af sér augbrúnirnar og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta elskaði Hollywood-elítan auðvitað – hvað er klikkaðra en falleg kona sem leikur svo allt í einu ljóta konu í mynd? Ótrúlegt alveg hreint.

JARED LETO DALLAS BUYERS CLUB

Jared Leto léttist um næstum 20 kíló fyrir hlutverk sitt í Dallas Buyers Club. Hann gekk líka um settið í hlutverki, fór út í búð að kaupa inn í hlutverki og var almennt óþolandi á meðan á tókum stóð. Þetta elskaði Óskarsnefndin samt og svo fór að hann fékk eina styttnu. Leto endurtók leikinn í Suicide Squad og var í hlutverki Jokersins allan sólarhringinn við tókur myndarinnar en hann fékk enga styttnu fyrir það heldur urðu allir bara ógeðslega pirraðir á honum.



Jared Leto fékk styttnuna gulu fyrir hlutverk sitt í Dallas Buyers Club.



ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU? Strefen®

Bólqueyðandi og
verkjastillandi munnuði
við særindum í hálsi

Strefen 16,2 mg/ml munnhólsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtíma meðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssæringa hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



JANÚAR | 2019

Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbílar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í
þeim mánuði sem síðasti tölustafur á
skráningarmerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar
skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til
skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201



Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

OPÍÐ Á
SUNNUÐOGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF
OPIN

Janúar
útsalan

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR



MEGA
opinn hornsófi

Hornsófi hægri eða vinstri. Grátt eða
dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð: 294 x 240 cm
Fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins 203.915 kr.

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR



TIVOLI
svefnsófi
með tungu

Rúmfatageymsla í tungu.
Dökkblátt eða grátt, slitsterkt
áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 278 x 160 cm.
Svefnsvæði: 140 x 195 cm.
Fullt verð: 389.900 kr.

Aðeins 292.425 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Guy Woods er annar af erlendu fyrirlesurunum sem koma fram á Markþjálfunardaginn á Hilton Nordica.

Elskar ástríðu og hita í samræðum

Guy Woods er einn þeirra sem deila munu reynslu sinni á Markþjálfunardegnum. Hann er markþjálfari og hjálpar viðskiptavinum sínum að nota samfélagsmiðla til að koma rödd sinni á framfæri.

Guy er með yfir 125.000 fylgjendur á samfélagsmiðlum, aðallega Twitter, og þjónustar viðskiptavinum frá öllum heims-hornum, allt frá Reykjavík til Sydney í Ástralíu. Guy er fulltrúi alþjóðlega markþjálfans og áhrifavalds á netinu, þó að hann afþakki þann titil. Hann hefur unnið sem sjálfstætt starfandi blaðamaður og einnig fyrir tæknirisana Google og Facebook. Síðustu ár hefur hann þó einbeitt sér að því að hjálpa viðskiptavinum sínum við að nota samfélagsmiðla til að koma rödd sinni á framfæri, að nýta þá til góðra áhrifa. Hann hefur unnið að stafrænni þróun og áætlanagerð með alþjóðlegum viðskiptavinum sínum sem hefur vakið mikla athygli og er hann tilnefndur til Markþjálfaverðlaunanna á Írlandi, þar sem hann nú býr.

Guy elskar samfélagsmiðla því þar er hann frjálss og getur deilt jákvæðum staðhæfingum, hvatt fólk áfram og hvatt til umræðna. Hann gripur tækifærið í hvers kyns umræðum, hvetur fólk til að gera hlutina jákvætt, ræða uppgötv-anir sínar og leggur áherslu á upp-lifunina. Hann byrjaði á Twitter, þar setti hann út spurningar og byrjaði oft markþjálfunarsamtal á miðlinum. Hann leyfir sér að vera hvatvís á Twitter, setur út eitt orð, um eitthvað í umræðunni og deilir jákvæðri hugsun eða lærdómi. „Þú getur átt samræður við hvern sem er, hvar sem er og hlustað ef þú setur hlustunina í gang sem er sterk markþjálfunaraðferð og fólk svarar með því að „re-tweeta“ og þögnin

ÞÚ GETUR ÁTT SAMRÆÐUR VIÐ HVERN SEM ER, HVAR SEM ER OG HLUSTAÐ EF ÞÚ SETUR HLUST-UNINA Í GANG SEM ER STERK MARKÞJÁLFUNARAÐFERÐ OG FÓLK SVARAR MEÐ ÞVI AÐ „RE-TWEETA“ OG ÞÖGNIN ER EINNIG MIKILVÆG.

er einnig mikilvæg,“ segir Guy. „Ég set út spurningar um hvað sem er, oft til að byggja brýr á milli fólks og læra hvað fólk aðhyllist, hverju það vill deila eins og ást og tilfinningum, hvernig það nýtir frelsi til orða.“ Hann segist nota þessa aðferð til að hvetja til samræðna. Guy segist ekki líta á samfélagsmiðla sem sölutorg heldur leið til að koma upplifun sinni á framfæri og lausnamiðaðri hugsun. Eftir kosningarnar í Bandaríkjunum sá hann mikið af neikvæðri umræðu á samfélagsmiðlunum. Eitt af hans tistum við það tilefni var: Be kind today, you voted, refreshing your feed won't get you faster, appreciate the conversation. Hann fékk fjöldann allan af svörum, úr öllum áttum frá fólki með mismunandi stjórnmála- og trúarskoðanir. Allt virkilega áhugaverð og lærdómsrík sjónarhorn og í kjölfarið fékk hann fjölda Bandaríkjamanna í markþjálfun. Sjálfur fór Guy að vinna jákvætt á samfélagsmiðlunum þegar hann var sjálfur illa fyrir kallaður í lífinu. Á þeim tíma starfaði hann sem þjónustustjóri Facebook í Evrópu,

Mið-Austurlöndum og Afríku og var óhamingjusamur. Hann hafði haft mikið fyrir því að fá starfið enda samkeppnin um slíkt starf hörð, en hans verkefni var að hjálpa fyrirtækjum að koma rödd sinni á framfæri í gegnum miðilinn. Starfið var gott en vinnukúltúrin virkaði einfaldlega ekki fyrir hann svo hann sagði upp án þess að vita næstu skref. Guy býr að reynslunni og nýtir í nýjum verkefnum en auk starfsins hjá Facebook var hann áður þjónustustjóri hjá Google. Eftir uppsögnina ákvað Guy að fylgja innsæinu og úr varð að hann sótti markþjálfanám hjá Erickson Coaching International í Kanada og er í dag vottaður markþjálfari frá ICF. Honum líður vel með að tjá sig á Twitter, vera í tengslum, ræða við fólk og læra af því. Twitter gaf honum nýja sýn, nýja linsu á lífið. Hann segir það henta sér að benda á það fallega, góða og nærandi í lífinu, það sé hans málflutningur. Hann segi ekki fólki hvernig það á að vera, hvað það á að kaupa eða hvernig það á að haga sér. „Markþjálfar spyrja krefjandi spurninga og þeirra markmið er að fá fólk til að finna sína rödd, finna sinn tilgang og vinna að honum. Vinna að sjálfstæði og styrkleikum viðskiptavinanna sem hjálpar þeim að leysa sín verkefni og áskoranir. Markþjálfun snýst um að fólk sé eins og það er,“ segir Guy og heldur áfram: „Ég elska þegar það er ástríða og hiti í samræðum því þá er fólk að koma sínum skoðunum og sinni rödd á framfæri. Við þurfum að hafa umburðarlyndi gagnvart því.“ **bjorkheidsdottir@frettabladid.is**

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Guðstaf Bjarnason guustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI:** Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

BOXID

Matvöruverslun á netinu 🚚 **boxið.is**

①



Settu vörur í BOXID þitt

②



Þú velur afhendingardag og tíma sem hentar þér

③



Við komum með vörurnar upp að dyrum

④



í samstarfi við

Graenir
SKÁTAR

Svo tökum við dósirnar líka og þú færð inneign!



taktu mynd af mér mér með símanum



#boxidis



facebook.com/BoxidIS

